

„ÉG STUNDAÐI **KYNLÍF**
ÁN ÖRVUNAR“

29. MARS 2019 / 13. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.



Skýjaborgir
Skúla

DRÖM



HIN NÝJA GVEIGA
STUNDAR CROSSFIT AF KAPPI

YFIRHEYRSLAN



Helga Vala
Helgadóttir
482225



Gísli Einarsson
*Sveita-
piltur og
spennu-
fíkill*

■ Brostinn búskapardraumur ■ Djarfur talsmáti í veislustjórn
■ Mýtan um furðulega landsbyggðarfólkið

**Sigurður
Sólmundarson**



**Mölbrotnaði
í bíslýsi**

■ Þekktur sem
Costco gaurinn



**Starfsandi og traust
í molum á Fiskistofu**

■ Bílar vaktaðir ■ Dagpeningar úr hófi fram



Ferminarkostnaður
hleypur á hundruðum þúsunda
■ Sligandi fyrir einhleypa móður

Margar gerðir af
FARANGURSBOXUM



Dráttarbeisli
undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is



Síðustu orðin

„Mér hefur aldrei líðið betur.“

– Leikarinn, handritshöfundurinn, leikstjórinn, og fleira, Douglas Fairbanks eldri (1883–1939)

Á þessum degi, 29. mars



845 – Innrásarher víkinga, sennilega undir forystu Ragnars loðbrókar, fer með ránum og ofbeldi um París. Ragnar loðbrók innheimtir svimandi hátt gjald fyrir að yfirgefa borgina.



1792 – Gústav III., konungur Svíþjóðar, andast eftir að hafa verið skotinn í bakið á grímudansleik í Konunglegu óperunni í Stokkhólmi 113 dögum fyrr.



1871 – Hljómleikahöllin Royal Albert Hall í London er opnuð formlega af Viktoríu drottningu.



1951 – Hjónin Ethel og Julius Rosenberg er sakfelld fyrir áform um njósnir.

SERGEY GAYSIN DÆMDUR FYRIR BROT GEGN FYRRVERANDI EIGINKONU SINNI

■ Stórt fíkniefnamál til rannsóknar ■ Margoft komist í kast við lögin

Hjálmar Friðriksson
hjalmar@dv.is



Hinn rússneski Sergey Gaysin var nýlega dæmdur fyrir hótanir og blygðunarbrot gegn fyrrverandi eiginkonu sinni. Hann hefur áður hlotið dóm fyrir líkamsárás á hana og DV greint ítarlega frá þeim málum. Meðan á afplánun stóð var hann handtekinn vegna gruns um fíkniefnainnflutning og spurningar hafa vaknað um hvort hann verði kyrrsettur á landinu þar til þau mál leysast eða verði vísað úr landi.

Sendi kynlífsmynd á fjölskyldu polanda

Sergey Gaysin, rússneskur ríkisborgari, hlaut fjögurra mánaða fangelsisdóm fyrir blygðunarbrot, hótanir og stórfelldar ærumeiðingar gegn fyrrverandi eiginkonu sinni. Sendi hann, þann 28. febrúar árið 2016, mynd af henni í kynlífsathöfn á fjölskyldumeðlimi og unnusta hennar. Einnig skilaboð sem fólu í sér hótanir um að myndinni og kynlífstengdum myndböndum af henni yrði dreift á netinu.

Sergey var dæmdur þann 8. mars síðastliðinn í Héraðsdómi Reykjavíkur. Auk fangelsisvistar var hann dæmdur til að greiða fyrrverandi eiginkonu sinni 700 þúsund krónur í miskabætur auk málsvarnarlauna og réttargæsluþóknunar.

Sergey játaði brot sín skýlaust og var það virt til refsilækkunar.

Rannsókn málsins lauk í mars árið 2016 en ákæra ekki birt fyrr en nítján mánuðum eftir brotin. Hann var erlendis lengi og var handtekinn í desember síðastliðnum þegar



Skemmdur bíll
Sergey neitaði að hafa spreyað á hann.



Brenndur bílskúr Sigurlaug sagði Sergey liggja undir grun.

hann kom aftur til landsins undir fölsku nafni. Hefur hann setið á Litla-Hrauni síðan.

Stórt fíkniefnamál

Í byrjun febrúar var greint frá því að tveir einstaklingar sætu í gæsluvarðhaldi Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum vegna umfangsmikils fíkniefnamáls. Annar þeirra er Sergey sem handtekinn var á Litla-Hrauni. Um er að ræða sjö tilvik á árunum 2017 og 2018 þar sem samtals sjö kílógrömmum af kókaini var smyglað til lands, annars vegar með farþegaflugi í Keflavík og Reykjavík og hins vegar póstsendingum.

Karl Steinar Valsson, lögreglumaður sem fer með rannsókn málsins, sagði við DV að málið væri enn í rannsókn og stefnt væri að því að klára það í byrjun apríl. Ekki væri því enn búið að gefa út ákæru. Hann vildi ekki segja til um hvort játningar lægju fyrir en



Sergey Gaysin DV hefur áður greint frá málum honum tengdum.

Sendi hann þann, 28. febrúar árið 2016, mynd af henni í kynlífsathöfn á fjölskyldumeðlimi og unnusta hennar.

staðfesti að hinn einstaklingurinn væri núverandi eiginkona Sergeys. Hún er af erlendu bergi brotin en í fréttum hefur áður komið fram að hann sé talinn höfuðpaurinn í málinu.

Karl sagði ekki geta svarað að svo stöddu hvort Sergey yrði vísað úr landi eftir afplánun í sumar. Spurningar hafa vaknað um hvort Sergey yrði kyrrsettur á landinu ef fíkniefnamálið dregst á langinn.

Líkamsárás á sömu konu

DV hefur áður fjallað um mál tengd Sergey Gaysin. Þann 31. janúar árið 2017 hlaut hann fjögurra mánaða fangelsisdóm fyrir líkamsárás á eiginkonu sína. Hafði hann þá kýlt hana með krepptum hnefa í andlit, gripað um handlegg hennar, snúið hana niður í gólf og haldið henni þar, ásamt því að þrýsta framhandlegg að hálsi hennar.

Þá hefur hann gengist undir fjórar lögreglusáttir fyrir umferðarlagabrot frá árinu 2013 og í eitt skipti fannst metamfetamín og kannabis í þvagprufu hans.

Í ágúst árið 2017 greindi DV frá því að spreyað hefði verið á

bíla konunnar og annarra nákominna. Umræddir bílar voru hver í sínu sveitarfélagi. Sergey neitaði sök og sagði hafa verið erlendis. Sumarið 2016 greindi DV frá því að kveikt hefði verið í bílskúr, skorið í morgunverðartjald og húsgögn með dúkahníf á gistiheimili við Flókagötu. Sigurlaug Rúna Guðmundsdóttir, eigandi gistiheimilisins, sagði að Sergey lægi undir grun en hún var með umgengnisrétt tveggja barna fyrir hönd ættingja. Sagði hún að Sergey væri ósáttur við fyrirkomulag sýslumanns.

Sergey var ákærður fyrir að hafa hótad fyrrverandi eiginkonu sinni í tölvupósti. Viðurkenndi hann að hafa sent póstin þar sem meðal annars stóð:

„Ég skal gera líf þitt að hreinu helvíti, hrekja þig út í sjálfsmorð, bannsett druslan þín og þegar þú lætur verða af því tek ég af þér stærðarinnar mynd svo þú getir notið þess þegar þú mætir í Víti að vera merkileg persóna.“

Var hann sýknaður af ákærinni þar sem engin bein hótun um refsiverðan verknað þótti felast í orðunum. ■

MIKIÐ ÚRVAL FLOKKUNARÍLÁTA




ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ



Komdu flokkunarmálunm í lag HÉR www.igf.is

Sagnasjóður handa nýrri öld

Íslendingasögur og þættir
í nýrri og glæsilegri fimm binda heildarútgáfu



„Íslendingasögurnar eru úrvalsverk heimsbókmenntanna og fá enn nýtt líf í þessari vönduðu útgáfu Saga forlagsins. Þær hafa öllu öðru fremur skapað og styrkt vitund Íslendinga sem þjóðar við útmörk Evrópu og verið okkur siðferðislegur leiðarvísir og vísidómsbrunnur. Enn eru þær sístarfandi að mótun okkar og mikilvægi þeirra er augljóst á hvaða tímum sem er - og kannski sérstaklega nú á okkar dögum.“

Arnaldur Indriðason:

„Við Íslendingar eigum engar fornar borgir með höllum og höfuðkirkjum, listasöfnum eða háskólum. En við eigum fornar bækur með listaverkum á borð við Íslendingasögur og það eru okkar dýrgripir, hallir og höfuðkirkjur, listasöfn og háskólar.“

Einar Kárason:

„Íslendingasögurnar bjóða okkur að setjast við fótiskör formæðra okkar og forfeðra þar sem við heyrum þau sjálf segja frá sigurum sínum og sorgum, vonum og ótta. Enn berst þaðan hvinur af sverðum og gustur hnífbeittra orða.“

Gerður Kristný:

Ritstjórar útgáfunnar eru Aðalsteinn Eyþórsson, Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Útgáfan er skreytt 40 myndum eftir dönsku listakonuna Karin Birgitte Lund.

Útgáfan er aðgengileg og læsileg, sögurnar 40 og þættirnir 51 eru á nútímastafsetningu og þeim fylgja ítarlegir formálar sem greiða götur um veröld sagnanna, vandaðar orðskýringar, vísnaðskýringar og nafnaskrá auk greina og mynda sem varpa ljósi á húsakost og híbýli, skip og siglingar, vopn og verjur. Þá fylgir útgáfunni

sagnalykill sem nýtist þeim sem vilja skyggjast dýpra í sagnaheiminn, skoða sambærilega þætti í fleiri en einni sögu, hvort sem áhuginn beinist að bardögum og vígum, haugum, dysjum og helgum fjöllum eða útræði og hlunnindum, afraunum og líkamsburðum eða draugum og reimleikum, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Bækurnar fimm eru einstaklega vandaðir prentgripir

SAGA
FORLAG

www.vinland@centrum.is • sími: 8937719 • 5627950

Hver er hann?



■ Fæddur 1977 og úr Kópavogi.

■ Stýrði þáttunum Íslensk kjötsúpa á Skjá einum.

■ Dæmdur fyrir að smána Bandaríkin árið 2002.

■ Aðdáandi kúbverskrar menningar.

■ Gengur undir listamannsnafninu Blaz Roca.

SVAR: ERPUR EYVINDARSON

Það er staðreynd að...



Hestar geta ekki kastað upp.



Kaffi kom til Íslands um miðja 18. öld.



Í einu ári eru 31.557.600 sekúndur.



5 prósent fullorðinna ganga í svefni.



Íslenskar konur gátu gifst án samþykkis föður eða bróður árið 1921.

YFIRHEYRSLAN

Helga Vala Helgadóttir er alþingismaður Samfylkingarinnar og hefur setið á þingi síðan árið 2017. Hún er dóttir hinna ástsælu leikara Helgu Bachmann og Helga Skúlasonar. Helga Vala er lærð leikkona og lögfræðingur og fékk lögmannsréttindi árið 2011. DV tók Helgu Völu í yfirheyrslu.

Hjúskaparstaða og börn

Ég er gift Grími Atlasyni og börnin eru Snærós, Emil, Ásta Júlía og Arnaldur. Svo er ég komin með barnabörnin Urði Völu og Tíbrá, Freyju og Kára. Jáh, ég er sko rík.

Fyrsta atvinnan

Fyrsta starfið mitt var í litlu hlutverki Antigónu í leikritinu Ódipus konungur í Þjóðleikhúsinu. Ég var fimm ára og þetta var mikið ævintýri.

Skemmtilegast að gera?

Mér finnst skemmtilegast að vera með fólkinu mínu og vinum, á einhverjum þvælingi innan- sem utanlands. Mér finnst líka ofsalega skemmtilegt að halda matarboð, en af því geri ég því miður allt allt of lítið.

En leiðinlegast?

Ganga frá hreina þvottinum.

Spilar þú á hljóðfæri?

Í raun ekki, en þar sem ég er leikkona þá hef ég leikið tónlistarmann uppi á sviði á tónlistarháttíðinni Aldrei fór ég suður. Ég var vissulega með bassann í höndunum og lék þær nótur sem mér var ætlað ... en ég get samt ekki sagt að ég spili á hljóðfæri.

Trúir þú á drauga?

Drauga? Tjah ... svona í hvítu laki? Nei, en ég trúir að það taki eitthvað við eftir þetta líf.

Besta ráð sem þú hefur fengið?

Mamma og pabbi voru dugleg að segja mér að ég gæti allt sem ég vildi, ég þyrfti bara að fara í málin. Það hefur reynst mér mjög vel, enda stoppar eigið hik oft besta fólk í að gera frábæra hluti.

Leiðinlegasta bók sem þú hefur lesið?

Þær eru margar en sem betur fer eru þær miklu fleiri sem eru skemmtilegar. Ég nenni yfirleitt ekki að klára leiðinlegar bækur og alls ekki muna eftir þeim.

Fyrsti stjórn mála flokkurinn sem þú kaust?

Kaus fyrst Reykjavíkurlistann í borgarstjórnarkosningunum 1994.

Hver myndi leika þig í kvikmynd?

Ég var einu sinni staðgengill fyrir Örn Árnason, í kvikmyndinni Stikkfrí, svo mig langar mest að nefna hann, en svo fékk hin frábæra leikkona Katla Margrét Þorgeirsdóttir það verkefni að leika mig í Skaupinu svo ég bara panta hana!

Hefur þú fallið á prófi?



Já, oft, meira hér í denn. Skulum orða það þannig að ég hafi tekið það misjafnlega nærri mér.

Ertu dýravinur?

Ég er kisukona, kann mjög vel við sjálfstæði þeirra.

Ferðu seint eða snemma að sofa á kvöldin?

Ég fer yfirleitt snemma að sofa, ég er algjör A-manneskja, eiginlega AAA.

Mannkostir þínir?

Ég er bjartsýn að edlisfari, hefur stundum verið sagt að ég hafi fæðst undir sól, mér þykir lífið yfirleitt bara skemmtilegt. Svo er ég dugleg, held að það sé kostur.

En lestir?

Ég er með frestunarártú svo ég fer oft í hlutina algerlega á síðustu stundu. Nenni lítið að skipuleggja mig fram í tímann og svo er ég mjög kröfuhörr á sjálfa mig og aðra. Svo er ég

dugleg, held það sé löstur.

Best að vera leikari, lögmaður eða þingmaður?

Mér hefur gagnast mjög vel að vera leikkona í lögmennsku og þingmennsku, mér hefur gagnast vel að vera lögmaður í þingmennskunni og klárlega mun það gagnast mér vel að hafa verið þingmaður og lögmaður í leiklistinni, næst þegar ég fer þangað. Þetta hefur allt sína kosti og galla.

Fyrsti bíllinn?

Daihatsu Charade, 1982 módel. Hann gekk fyrir eigin vilja og meðaumkun með mér, fátækum námsmanninum.

Eitthvað að lokum?

Lífið er eins og hlaðborð, ef þú þorðar alltaf sama réttinn þá missir þú af ótalmörgu spennandi og öðru minna spennandi. Ógraðu vitsmunum þínum og getu, það er magnað hvað kemur í ljós.

Himnaríki og helvíti



Svarthöfði

Svarthöfði hefur aldrei verið mjög trúrækin. Barátta hins algóða gegn hinu alslæma finnst Svarthöfða ekki alltaf eiga við í hinum margbreytilega heimi. Sumar reglurnar úr bókinni góðu eru líka hreint út sagt furðulegar eins og blátt bann við neyslu skelfisks. Svarthöfða finnst hörpudiskur hreint lostæti.

Hvað um það. Nýlega rambaði Svarthöfði inn á heimspekilegt spjall á virðulegri netsíðu þar sem hart var deilt um eftirlífið. Að ákveðin breytni sendi sálu okkar upp til himnaríkis og Jésúm Krists sem fórnaði sér fyrir okkur syndarana. Ef við tækjum ekki við þeim boðskap færum við lóðbeint niður til skrattans. Þar myndum við steikjast á pinna yfir vítislogum.

Góður guð gæfi okkur þetta val, þetta unaðslega frelsi. „Hlýddu mér og þér er borgið, annars læt

ég gamlan féлага minn pynta þig!“ Þetta er ekki ósvipað og eiturlyfjasali sem kemur til að innheimta skuld. „Borgaðu bara og þá færðu meira djönk, annars læt ég Stebba stóra herna mölva á þér hnéskeļ-arnar.“

Þetta spjall fékk Svarthöfða til að hugsa. Ekki um hvort helvíti væri vondur staður, því það er augljóst. Heldur um hvort himnaríki væri góður staður.

Boðberar kristninnar bjóða fólki þessa framtíðarsýn ef það fellur á kné og játar. Eilíft líf með guði, Jésú og englunum. Syngjandi Kumbaja og leikandi á hörpu. Engar syndir, engar freistingar, engar nautnir. Eilíft líf! Þessi hugmynd skelfir Svarthöfða eiginlega meira en helvíti sjálf. Þar má að minnsta kosti reykja og hlusta á AC/DC.

Svarthöfði veit ekki, og þykist ekki vita, hvað tekur við þegar hinu jarðneska lífi lýkur. Óskandi væri að það væri hvíld en ekki ei-




líf neitt. Að lifa að eilífu yrði alltaf helvíti, sama hvort það væri uppi eða niðri. Þetta umrædda val sem

okkur er boðið er því ekkert val eftir allt saman. ■

STAR WARS™

A NEW HOPE
Á BÍÓTÓNLEIKUM



KVIKMYNDIN MEÐ LIFANDI TÓNLIST

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

HLJÓMSVEITARSTJÓRI TED SPERLING

3., 4. OG 5. APRÍL

MÍÐASALA Á SINFONIA.IS OG HARPA.IS

TÓNLIST EFTIR **JOHN WILLIAMS**

PRESENTATION LICENSED BY



IN ASSOCIATION WITH 20TH CENTURY FOX, LUCASFILM AND WARNER /CHAPPELL MUSIC.
© 2019 & TM LUCASFILM LTD. ALL RIGHTS RESERVED © DISNEY



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Skýjaborgir Skúla

■ Sá fyrir sér ókeypis flugferðir ■ Ísland ekki nógu stórt

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, hefur alla tíð verið þekktur fyrir að vera bjartsýnn og stórhuga. Nú er þó ævintýrinu lokið. Undanfarin ár hefur Skúli lýst yfir ýmsum áætlunum sem mörgum þóttu djarfar en mætti í dag líkja við skýjaborgir.

Stærsta skýjaborg Skúla hlýtur að vera þegar hann spáði því að í nálægri framtíð yrði ókeypis að fljúga. Draumar um Asíuferðir urðu að veruleika í einungis nokkur skipti. Svo má nefna áform um að opna bælistöðvar utan Íslands, svo nokkuð sé nefnt.

Bylting fyrir Íslendinga

Skúli sjálfur hafði ekki bakgrunn úr fluginu. Hann rak Hótel Borg og tók þátt í að byggja upp hugbúnaðarfyrirtækið Oz á tíunda áratugnum.

Þegar Oz var selt til Nokia árið 2008 stórgæddi Skúli. Eftir það keypti hann stóran hlut í MP banka. WOW air var stofnað árið 2011 og ári síðar tók það yfir rekstur Iceland Express.

WOW air markaði mikil tímamót fyrir hinn almenna Íslending. Verðið var viðurðanlegt fyr-



Viðskiptamaður ársins Skúli valinn í tvígang, árin 2011 og 2016.



Ríkka og Skúli Á góðri stund árið 2013.

ir flesta og utanlandsferðum fjölgaði með hverju árinu samfara því sem Íslendingar voru að ná sér upp úr hruninu og gengið að styrkjast.

Ókeypis flug

Það var í ársbyrjun 2017 sem Skúli

spáði því í viðtali við Business Insider að flugfargjöld yrðu ekki lengur helsta tekjulind flugfélaga. Hann taldi líklegt flugið sjálft yrði ýmist ókeypis eða mjög ódýrt en í stað þess myndu viðskiptavinir kaupa aðra þjónustu af flugfélögunum. Hann hugsaði sér að aðaltekjur flugfélaga kæmu frá sölu á hótलगistingu og leigu á bílum. Aldrei varð þó af þessu.

Skúli virðist hafa verið óvenju stórhuga í ársbyrjun 2017 því þá sagði hann að Dublin kæmi til greina sem fyrsta bælistöð flugfélagsins utan Íslands. Skúli sá fyrir sér að WOW byrjaði á því að staðsetja tvær til þrjá þotur á flugvellinum við borgina og innan fimm ára gæti farið svo að WOW gerði út frá öðrum flugvelli og væri þá komið með tvær bælistöðvar utan Íslands. Aldrei varð úr þessu.

Asíuflugið entist stutt

Svo var það hótelið sem Skúli opnaði um tíma á Ásbrú. „Ég er mjög ánægður að vera kominn á heimaslóðir enda fæddur í Keflavík og hlakka til að hefja uppbyggingu á svæðinu,“ var haft eftir Skúla í fréttatilkynningu árið 2016. Ríflega ári síðar voru fasteignirnar settar í söluferli til að fjármagna höfuðstöðvar WOW air.

Asíuflugið var sú skýjaborg sem Skúli komst sennilega lengst með. Sumarið 2016 lýsti Skúli því yfir að Asía væri í sigti hans. „Við erum fullkomlega staðsett á milli Ameríku og Evrópu og einnig Asíu,“ var þá haft eftir Skúla. Hann sá fyrir sér að hægt yrði að fljúga fram og til baka til Peking á sama sólarhring og þannig væri hægt að mynda brú frá Asíu til Ameríku. Síðastliðinn desember flaug WOW sitt fyrsta Indlandsflug en hugmyndin var að félagið myndi fljúga þangað þrisvar í viku. Það áætlunarflug entist ekki lengi.

Heimsmeistari

Sumarið 2017 skaut Skúli föstum

skotum á Icelandair og sagðist ekkert botna í stefnu keppinautarins. „Ég botna ekkert í flotastefnu Icelandair, hvorki að halda áfram að taka inn tuttugu ára gamlar vélar í núverandi árferði né að fjárfesta í þotum sem rúma færri farþega en vélarnar sem fyrir eru,“ sagði hann.

Skúli spáði því svo að innan skamms yrði WOW stærra en Icelandair, en tók þó fram að það væri ekkert merkilegt markmið. „Ég tel verulegar líkur á því að við verðum með fleiri farþega en Icelandair strax á næsta ári. Það er hins vegar ekkert markmið í sjálfu sér að verða stærri en Icelandair. Ég hef látið það líka flakka að það er ágætt að stefna að því að verða Íslandsmeistari en ég hef miklu meiri áhuga á að verða heimsmeistari. Þess vegna er ég að horfa á Norwegian með þeirra 155 vélar og þeir verða með 178 vélar á næsta ári.“

Áberandi í viðskiptafréttum og slúðurdálkum

Skúli hefur verið einn mest áberandi viðskiptamaður eftirhrunsáranna. Í tvígang hefur hann verið valinn viðskiptamaður ársins hjá Markaðnum. Í fyrra skiptið árið 2011 þegar hann sem eigandi Titan fjárfestingafélags stofnaði WOW air. Í seinna skiptið árið 2016 þegar umsvifin voru hvað mest. Á því ári voru farþegarnir 1,6 milljónir talsins, þoturnar tólf og áfangaðirnir þrjátíu. Var þetta meira en tvöföldun frá árinu áður og hagnaðurinn 4,4 milljarðar á fyrstu níu mánuðum ársins.

Persónulegt líf Skúla hefur ekki síður verið til tals á síðum blaðanna. Til að mynda sambönd hans við sjónvarpskokkinn Friðriku Hjördísi Geirsdóttur og flugfreyjuna Grímu Björgu Thorarensen. Sumarið 2015 toppaði Skúli lista DV yfir eftirsóttustu bólfélaga landsins og var langoftast nefndur til sögunnar af álitsgjöfum. ■

J&S Watch co.
REYKJAVÍK

KLASSÍSK ÍSLENSK ÚR
FYRIR HANN OG HANA

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Íslensk hönnun – íslensk framleiðsla

Húseining er með stóra húsaverksmiðju í Vogum. Við getum framleitt tilbúin hús í verksmiðjunni allt að 120 m². Húsin eru með öllum tækjum og innréttingum.

Húsin afgreiðast beint á sérútbúin flutningavagn og eru síðan sett á forsteypta sökka sem sem fylgja með húsunum, sem áður hefur verið komið fyrir á byggingarstað. Framleiðsla og samsetning fer fram innandyra og má því segja að húsin séu byggð við bestu mögulegar aðstæður, engin hættu er á að raki lokist af á meðan á framleiðslu og samsetningu stendur sem gæti valdið myglu í húsunum.

Húseining framleiðir einnig sumarhús og einbýlishús í einingum, allar stærðir sem kaupendur geta fengið afgreitt við verksmiðjudyri. Einingarnar eru full klæddar að utan, allar hurðir og gluggar full glerjað komið í og vatnsbretti full frágengin.

Við framleiðum:

Smáhýsi frá 14,99 - 39,9 m²

Sumarhús frá 67 - 111 m²

Einbýlishús frá 161 - 400 m²

Smart Einbýli 73 m²

Parhús frá 200 - 333 m²

Raðhús frá 55 - 120 m²

Forsteypta sökkla

Verð og gæði í fyrirrúmi, íslensk framleiðsla.



Húseining ehf, Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is

Bjarmaland ferðir



Moskva



Sigling
Moskva-Pétursborg
eða öfugt

Moskva er
meirhátta!
Frábær borg -
skoðunarferðir,
menningarviðburðir
og öll þjónusta.
Menning á hæsta
stigi. Skipuleggjum
stóra og litla hópa

maí - september

317 000 kr.

Siglingar á milli helstu
borga Rússlands,
margt gert,
toppfélagslíf
um borð.
Ótrúlegt verð - allt
innifalið

Við erum sérfræðingar í EvrAsíu og gerum það sem
við kunnum, einnig önnur lönd á svæðinu
30 ára reynsla
Allt innifalið í þessum ferðum

ferðaskrifstofa




Ævintýraljómi Transilvaníu
25.maí - 1.júní
179 700 kr.

Ævintýraferð í fótspor
sjálfs Drakúla greifa í
Karpatafjöll og víðar



Georgia og Azerbædsjan
5. - 15.október
385 000 kr.

Kákasufjöll, tveggja
landa ferð til einstakra
menningarþjóða í mikla
náttúrufegurð



Sigling Keisaraleiðin
7. - 18. sept.
333 000 kr.

Moskva - Pétursborg
Íslensk fararstjórn, frábær
skemmtun



Hið óþekkt Indókína
26.okt. - 10.nóv.
598 000 kr.

Víetnam og Kambódía í
haust, margt gert og víða
farið í tveimur merkum
löndum



Fiskistofa Dagpeningar starfsmanna námu 40 milljónum á síðasta ári.

Starfsandi og traust í molum á Fiskistofu

■ Eftirlitsbúnaður settur í bíla ■ Vinnustaðasálfræðingar kallaðir til ■ Dagpeningar úr böndunum

Fyrr á árinu skilaði ríkisendurskoðun af sér skýrslu um Fiskistofu og eftirlit stofnunarinnar. Ýmislegt kom fram í þessari skýrslu um hluti sem betur mega fara í starfsemi stofnunarinnar. Þar á meðal er nefnt að flutningar stofnunarinnar frá Hafnarfirði til Akureyrar hafi reynst henni erfiðir og kallað á mikla starfsmannaveltu auk mikils kostnaðar. En það var eitt og annað sem ekki kom fram í skýrslu ríkisendurskoðunar enda sneri hún eingöngu að eftirlitsþætti

stofnunarinnar. DV hefur rætt við nokkra núverandi og fyrrverandi starfsmenn Fiskistofu sem segja að miklar brotalamir séu í starfsemi stofnunarinnar. Miðað við frásagnir þeirra virðist starfsemi stofnunarinnar að mörgu leyti vera mjög ómarkviss og að eftirlit hennar skili litlum árangri.

Þá segja margir heimildarmenn að stjórnun innan stofnunarinnar sé ákaflega slæm og ómarkviss. Sumir sögðu að þar væri nánast ógnarstjórn þar sem starfsfólki hafi verið sagt upp og starfs-

lokasamningar gerðir við starfsmenn sem ekki voru stjórnendum þóknarlegir til þess eins að losna við þá. Starfsandinn er sagður í allra lægstu lægðum og stjórnendur geri ekkert til að reyna að bæta úr því. Einnig kom fram að vinnustaðasálfræðingar hafi verið að störfum innan Fiskistofu til að reyna að bæta ástandið.

Slæmur starfsandi og léleg stjórnun

Heimildarmenn DV segja að starfsandinn innan Fiskistofu sé í

„Dagpeningar vegna verkefna innanlands voru á síðasta ári 33,2 milljónir.“

molum. Þar sé beitt einhvers konar ógnarstjórnaraðferð sem yfirmennirnir, sem eru staðsettir á Akureyri, Hafnarfirði og Hornafirði, noti en þeir eru sagðir mjög harðir og mjög illa liðnir. Kom fram að fólki væri sagt upp störfum fyrir litlar sakir og sumir hafi verið neyddir til að skrifa undir starfslokasamning ef þeir létu ekki nægilega vel að stjórn og hefðu aðrar skoðanir en yfirmennirnir. Vel er fylgst með starfsfólki og því ekki treyst einn þumlung. Sem dæmi um þetta var nefnt að búnaður hafi verið settur í alla bíla stofnunarinnar til að hægt væri að fylgjast með notkun þeirra.

Eyþór Björnsson fiskistofustjóri staðfestir að búnaðurinn hafi verið settur í bílana.

„Fiskistofa hefur, líkt og margir vinnuveitendur sem eru með bifreiðar í rekstri, sett upp ferilvöktunarkerfi í bifreiðar stofnunarinnar. Tilgangur vöktunar er að stuðla að hagkvæmum rekstri bifreiða Fiskistofu, tryggja umferðaröryggi almennt og öryggi þeirra sem ferðast í bifreiðum stofnunarinnar, að halda aðgengilegum gögnum sem nýst geta vegna ágreinings um atvik sem tengjast eignatjóni eða ætluðu tjóni vegna notkunar þeirra og til að skipuleggja veiðieftirlit stofnunarinnar.“

Stjórnunin á veiðieftirlitssviði er sögð léleg og afraksturinn lítil sem enginn. Það er í góðu samræmi við skýrslu Ríkisendurskoðunar um þá erfiðleika sem Fiskistofa á við að etja í eftirliti, það

BORÐPLÖTUR OG SÓLBEKKIR



Sérsmíðum eftir óskum hvers og eins



Fanntófell

Gylfaflöt 6-8 / S. 587 6688 / fanntofell.is



Eyþór Björnsson Staðfestir að eftirlitsbúnaður hafi verið settur í bíla.

„Dæmi má nefna þegar tilkynnt var um flutning höfuðstöðva Fiskistofu til Akureyrar og útlit var fyrir að stór hluti starfsmanna myndi missa vinnuna að þá fékk stofnunin vinnustaðasálfræðing til liðs við sig til að styðja við starfsfólk

virðist ekki eingöngu regluverkinu um að kenna. Starfsandinn er sagður gríðarlega slæmur og yfirmennirnir úr takti við raunveruleikann.

Kurr vegna jólahlaðborðs

Sem dæmi um stjórnunarhætti var bent á að veiðieftirlitsmenn hefðu verið sendir til að kanna hvort farþegum á hvalaskoðunarbátum, sem gerðir eru út frá Reykjavík, væri boðið að veiða á stöng í þessum ferðum. Það tók eftirlitsmennina klukkustund að komast að því að svo er ekki. Þeir tilkynntu þetta til yfirmannsins sem hafði skipulagt eftirlitið og fengu þau fyriræli að þeir skyldu samt sem áður hanga niðri við Reykjavíkurborgina þar sem eftir lifði vinnudagsins til að fylgjast með þessu.

Þá hefur verið mikill kurr innan stofnunarinnar vegna jólahlaðborðs hennar sem var haldið í Reykjavík í desember. Þar var starfsfólki boðið til veislu í hádegis á föstudegi, sem er að sögn nýbreytni því þetta hafi alltaf verið að kvöldi til. Eftirlitsmenn á

suðvesturhorninu vildu ekki mæta í hádeginu því að samkvæmt samningi þeirra við Fiskistofu fá þeir greidda yfirvinnu eftir hádegis á föstudögum og vildu ekki missa hana. Þetta fór að sögn mjög illa í yfirmenn veiðieftirlitssviðsins sem fyrirskipuðu þeim í staðinn að vera við eftirlit til klukkan 19 og að því loknu skyldu þeir skila bílum stofnunarinnar í höfuðstöðvar hennar í Dalshrauni. Venjan er að þeir fari heim á bílunum til að þeir geti mætt beint til eftirlitsstarfa á vettvangi næsta vinnudags. Eftirlitsmennirnir litu einfaldlega á þetta sem hefnd vegna þess að þeir vildu ekki verða af tekjum til að mæta á jólahlaðborðið. Heimildarmenn segja að ýmislegt á borð við þetta einkenni stjórnunina innan stofnunarinnar. Heimildarmenn segja að í þau fáu skipti sem brotamál koma upp á veiðieftirlitssviði þá fari mikil vinna í gang á sviðinu við að búa til leiðbeiningar varðandi meðferð slíkra mála, athyglin hverfi frá hinu meinta broti og allt ferlið snúist um að útbúa leiðbeiningar. Lítið er sagt um beinar aðgerðir í eftirlitinu, enginn áhugi virðist vera á því að slíku sé sinnt. Ekki sé lagt út í neinar stórar aðgerðir eins og gert var fyrir nokkrum árum þegar eftirlitið virtist skila árangri og komið var upp um nokkur stór mál á tiltölulega skömmum tíma.

Vinnustaðasálfræðingar

Heimildir DV herma að vinnustaðasálfræðingar hafi verið fengnir til aðstoðar til að reyna að bæta andann innan stofnunarinnar. Eypþór staðfestir að svo sé.

„Vinnustaðasálfræðingur hefur komið á Fiskistofu og haldið fyrirlestur og fræðslu fyrir starfsfólk. Einnig eru dæmi um að vinnustaðasálfræðingur hafi verið fenginn til að vinna með Fiskistofu í tilteknum málum. Dæmi má nefna þegar tilkynnt var um flutning höfuðstöðva Fiskistofu til Akureyrar og útlit var fyrir að stór hluti starfsmanna myndi missa vinnuna að þá fékk stofnunin vinnustaðasálfræðing til liðs við sig til að styðja við starfsfólk.“

Hefur flutningur Fiskistofu til Akureyrar gefið góða raun að þínu mati og hefur hann verið hagkvæmur?

„Flutningur höfuðstöðva Fiskistofu til Akureyrar tókst vel. Að öðru leyti vísar Fiskistofa í skýrslu um flutninginn sem stofnunin birti á heimasíðu sinni 12. febrúar.“

Í þeirri skýrslu kemur meðal annars fram að kostnaður vegna starfsloka og þjálfunar nýrra starfsmanna hafi verið 59 milljónir, beinn kostnaður vegna flutninganna 118,5 milljónir og annar skammtímakostnaður 28 milljónir.

Dagpeningar úr böndunum

Heimildarmenn sögðu að starfsmenn Fiskistofu ferðist gríðarlega mikið innanlands og utan. Almennir starfsmenn ferðast þó aðallega innanlands því það eru

nær eingöngu stjórnendur sem fara í utanlandsferðir og eru þær sagðar mjög margar. Höfðu sumir á orði að ferðalög yfirmanna væru óhófleg og eins og ekki væri fylgt með þessu. Það er ekki nóg með að það þurfi að greiða flugferðir vegna þessara ferðalaga því einnig þarf að greiða starfsfólki dagpeninga og eru sumir yfirmenn að sögn með háar upphæðir í dagpeninga á ári hverju. Var rætt um að upphæðirnar hlupu á milljónum hjá sumum.

Samkvæmt upplýsingum af vefsíðunni opnirreikningar.is, sem er upplýsingasíða um útgjöld ríkisins, þá greiddi Fiskistofa Flugfélagi Íslands tæpar 5,8 milljónir fyrir flugferðir frá 20. mars á síðasta ári fram að áramótum. Frá síðustu áramótum og fram til 26. febrúar var búið að greiða flugfélaginu tæpa eina milljón. Á sama tíma nam kostnaðurinn við ferðir með flugfélaginu Erni rúmlega 200.000 krónum og á síðasta ári, frá 20. mars til áramóta, fékk Ernir rúmlega 800.000 krónur fyrir flugferðir starfsmanna Fiskistofu. Aðeins er hægt að sjá reikninga ríkisstofnana ár aftur í tímann á vefsíðunni og því er miðað við 20. mars. Það er því ekki óvarlegt að áætla að stofnunin greiði hátt í 10 milljónir á ári fyrir flugferðir starfsmanna innanlands. Það er ekki óeðlilegt að starfsmenn þurfi að ferðast á milli, sérstaklega með tilliti til þess að höfuðstöðvar stofnunarinnar eru á Akureyri en önnur stjórnvæðing sem tengist henni er á höfuðborgarsvæðinu. Heimildarmenn DV segja að ferðalögin séu

hins vegar mun fleiri en þörf sé á og benda á að stofnunin eigi fyrirtaks fjarfundabúnað sem hægt sé að nota ef vilji sé fyrir hendi.

Aðspurður um upphæð dagpeninga Fiskistofu á síðasta ári segir Eypþór:

„Sem kunnugt er sinnir Fiskistofa eftirliti um allt land sem krefst talsverðra ferðalaga og fjarveru veiðieftirlitsmanna frá heimili. Einnig kalla ýmis önnur verkefni, svo sem fundir og samstarfsverkefni innanlands, ferðalaga með tilheyrandi kostnaði. Dagpeningar vegna verkefna innanlands voru á síðasta ári 33,2 milljónir. Einnig eru Fiskistofu falin verkefni sem fela í sér samstarf og samskipti milli ríkja, til dæmis vegna samstarfssamninga við systurstofnanir, samstarfsverkefni varðandi fiskveiðistjórnun og eftirlit, miðlun upplýsinga og milliríkjasamninga svo eitthvað sé nefnt. Dagpeningar vegna verkefna erlendis á síðasta ári voru 6,3 milljónir.“

Í heildina gera þetta 39,5 milljónir.

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Stjórnarráðsins þá nema dagpeningar ríkisstarfsmanna nú 26.000 krónum á sólarhring fyrir gistingu og fæði. Mun hærri upphæð er greidd fyrir ferðalög erlendis. Það er vitad mál að dagpeningarnir duga vel fyrir gistingu og fæði og því hægt að eyða mun minna í gistingu og fæði en sem nemur upphæð dagpeninga. Heimildarmenn DV segja að yfirmenn Fiskistofu ferðist mjög mikið og fá háar fjárhæðir greiddar í dagpeninga. Nefnt var að varla mætti opna glugga á skrifstofum Fiskistofu í Dalshrauni án þess að yfirmaður frá Akureyri gerði sér gagnert ferð til Hafnarfjarðar til að kanna hvort glugganum hefði síðan verið lokað. Þetta var einnig sagt eiga við á hinn bóginn, yfirmenn í Hafnarfirði og Höfn í Hornafirði séu iðnir við að gera sér ferðir til Hafnarfjarðar og Akureyrar. ■

Um fjöllun verður haldið áfram í næstu viku í helgarblaði DV.

REYKJAVÍK RAINCOATS



REYKJAVÍK RAINCOATS
HVERFIGATA 82, VITASTÍGSMEGINN
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

AÐRIR ÚTSÖLUSTADIR
EPAL - LAUGAVEGI 70
EPAL - HARPA
AIRPORT FASHION - LEIFSTÖÐ

GÓÐ ÞJÓNU



ÖRYGGISVÖRUR

Heyrnahlífar, öryggisglæraugu,
rykgrímur og andlitshlífar



OLÍUVÖRUR

Smurolía, glussi, koparfeiti,
gírolía og sjálfskiptivökvi

NÝKOMIÐ MIKIÐ ÚRVAL AF BÍLAHREINSIVÖRUM FRÁ USA

Doctor Wax með heildstæða línu í bóni og hreinsiefnum og frá Stoner eru komið úrval af glerh-
reinsivörum fyrir bíla og almenn þrif.



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

STA Í 25 ÁR



kemi
Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

Vonarstjörnur Íslands

Samantekt á efnilegustu knattspyrnumönnum Íslands ■ Ný gullkynslóð á leiðinni

Þrátt fyrir að margir séu neikvæðir í garð íslenska A-landsliðsins í karlaflokk þessa stundina eru bjartir tímar fram undan þegar horft er á ungu kynslóðina. U17 ára landslið karla tryggði sér í vikunni farseðilinn í lokakeppni EM 2019. Þetta varð ljóst í kjölfar 4-1 sigurs liðsins gegn Hvíta-Rússlandi, en Ísland endaði á toppi riðilsins með sjö stig. Ísak Bergmann Jóhannesson skoraði tvö mörk og Andri Fannar Baldursson og Andri Lucas Guðjohnsen eitt mark hvor. Lokakeppni fer fram í Dublin dagana 3.-19. maí næstkomandi.

Mikið er til af ungum og efnilegum leikmönnum núna og ef rétt verður haldið á spilunum nætti A-landslið karla að eiga bjarta framtíð. Þessir ungu drengir gætu á allra næstu árum farið að banka á dyrnar og þeim þarf að gefa tækifæri. Endurnýjunin á A-landsliði karla hefur gengið illa, þeir sem hafa fengið tækifæri hafa ekki nýtt það og kjarninn sem ber liðið uppi hefur verið sá sami í mörg ár. Í þessari samantekt gefur að líta nokkrar af vonarstjörnum okkar.



Andri Fannar Baldursson (Miðjumaður – 2002)

Andri gekk í raðir Bologna á Ítalíu á dögnum frá Breiðabliki. Andri Fannar lék sinn fyrsta leik í Pepsi-deildinni síðasta sumar, aðeins 16 ára. Andri Fannar, sem er nýorðinn 17 ára gamall, er einn efnilegasti leikmaður landsins og öflugur miðjumaður sem getur náð mjög langt.



Orri Hrafn Kjartansson (Miðjumaður – 2002)

Fjölhæfur miðjumaður sem Fylkir seldi til Hollands síðasta sumar. Orri var byrjaður að spila með meistaraflokki Fylkis áður en Heerenveen í Hollandi festi kaup á honum. Orri er fjölhæfur miðjumaður og getur leyst bæði varnar- og sóknarhlutverkið.

Oliver Stefánsson (Varnarmaður – 2002)

Öflugur varnarmaður sem gekk í raðir IFK Norrköping í Svíþjóð á dögnum. Oliver lék einn leik með meistaraflokki ÍA síðasta sumar. Hann er fyrirliði U17 ára landsliðsins og virðist vera leiðtogi líkt og faðir hans, en Stefán Þórðarson, fyrrverandi atvinnumaður og leikmaður íslenska landsliðsins, er faðir hans.



Jón Gísli Eyland Gíslason (Varnarmaður – 2002)

Varnarmaðurinn er kominn með reynslu úr meistaraflokki með Tindastóli. Hann tók skrefið til ÍA í vetur og hefur verið að fá tækifæri með meistaraflokknum þar í vetur. Ætti að fá smjörþefinn af Pepsi-Max deildinni í sumar. Faðir hans er fyrrverandi markvörðurinn Gísli Eyland Sveinsson.



Andri Lucas Guðjohnsen (Sóknarmaður – 2002)

Eftirnafnið gerir alla spennta, en það ætti að forðast að setja einhverja auka pressu á kauða, þrátt fyrir afrekin sem faðir hans, Eiður Smári, vann á ferli sínum. Andri Lucas virðist vera fæddur markaskorari og hann leikur í dag með Real Madrid. Hann verður 17 ára á þessu ári og er orðinn lykilmáður í U19 ára landsliðinu. Gera má ráð fyrir að hann verði kallaður inn í U21 árs landsliðið í næsta verkefni og svo ætti að stytta í tækifærið með A-landsliðinu.

microlift
material handling e-solution

Brettatjakkar kynningarverð!



Lakkaður 29.800 + vsk

Galvaniseraður 49.800kr + vsk

ETNA ehf. Til sýnis hjá Pmt, Krókhálsi 1.

Upplýsingar og fyrirspurnir í síma 698 1539 - email: siggi@pmt.is

Ísak Bergmann Jóhannesson (Miðjumaður – 2003)

Það virðist ekki vera svo langt í það að íslenska landsliðið nýti sér krafta Ísaks. Þessi öflugur miðjumaður á ekki langt að sækja hæfileikana. Jóhannes Karl Guðjónsson, faðir hans, átti afar farsælan feril á meðal þeirra bestu. Ísak lék einn leik með ÍA áður en hann var seldur til IFK Norrköping í vetur, þar er hann ekki langt frá aðalliði félagsins. Ísak lék með aðalliðinu í æfingaferð á dögnum og gæti spilað í efstu deild Svíþjóðar á komandi leiktíð. Hann á eftir að taka út líkamlega styrkinn en skilur leikinn betur en flestir.



Patrik Gunnarsson (Markvörður – 2000)

Hefur fengið tækifæri með Brentford í næstefstu deild Englands. Patrik er sonur Gunnars Sigurðssonar markvarðar. Patrik er mikið efni og ef hann heldur rétt á spöðunum, gæti hann brotið sér leið inn í íslenska landsliðið á næstu árum og barist við Rúnar Alex Rúnarsson um stöðuna í marki Íslands.

KitchenAid®

ALLT SEM ÞÚ ÞARFT

3 fyrir 2 af öllum aukahlutum fyrir KitchenAid hrærivélar!



Skoðaðu úrvalið á rafland.is

BETRA BORGAR SIG

Opð virka daga 10 – 18 | Laugardaga 11 – 16



RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

Fermingarkostnaður hleypur á hundruðum þúsunda

■ Veitingarnar dýrastar ■ Hægt að spara með netverslun

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Hin árlega fermingarvertíð nálgast óðfluga og að ýmsu er að huga þegar kemur að undirbúningnum. Um er að ræða mikilvæg tímamót í lífi fermingarbarnsins og fjölskyldunnar, en það getur kostað sitt að leiða barnið í fullorðinna manna tölu. Þannig getur kostnaður vegna fermingarhalds auðveldlega farið upp í hálf milljón króna samkvæmt lauslegri úttekt DV.

Fermingarfræðslan

Gjald vegna fermingar hjá Þjóðkirkjunni er um 20.000 krónur. Inni í því er kostnaður vegna fermingarfræðslu og gjald fyrir leigu á fermingarkyrtili. Þá bætist í sumum tilvikum við gjald vegna bóka og vegna ferðalaga sem tengjast fermingarfræðslunni.

Veisluhald

Hægt er að spara umtalsverðar fjárhæðir með því að halda fermingarveisluna í heimahúsi, en það er þó ekki á allra færi. Samkvæmt lauslegri könnun DV er nær ómögulegt að finna sal til leigu á höfuðborgarsvæðinu undir 40 þúsund krónum og á sumum stöðum getur leigan farið upp í 200 þúsund krónur. Þá er mismunandi hvort þjónusta starfsmanna sé innifalinn. Algennt er að greiða þurfi sérstaklega fyrir þjónustu eins eða tveggja starfsmanna. Algennt tímagjald er þá á bilinu 3.500 til 4.500 krónur.

Kostnaður tengdur boðskortum fer eftir fjölda gesta en sé miðað við 80 gesti þá má gera ráð fyrir rúmlega 10 þúsund krónum sem fela þá í sér prentun á kortum, umslög og frímerki.

Veitingar

Veitingar eru líklega stærsti kostnaðarliðurinn við fermingarhaldið en kostnaðurinn getur þó verið afar misjafn. Til að mynda geta kökuböð verið ódýrari kostur en heitir réttir og þá er hægt að spara umtalsverðar fjárhæðir með því að útbúa veitingar heima. Í þessu tilviki er miðað við að allar veitingar séu keyptar utan úr bæ.

Flestir telja fermingartertuna ómissandi á veisluborðið. Verð á slíku tertu fer að sjálfsögðu eftir stærð, en er sjaldnast undir 20 þúsund krónum. Hér er miðað við að nóg sé til af tertu fyrir 80 gesti.

Margvíslegur kostnaður

Langoftast er splæst í ný fót fyrir fermingarbarnið og er algennt að kostnaður sé á bilinu 10 til 20 þúsund krónur. Hægt er að spara talsvert með því að kaupa erlendis eða hjá netverslunum.

Þá er ótalinn annar kostnaður tengdur útliti fermingarbarnsins. Til að mynda er algennt að fermingarstúlkur fari í brúnusprautun og förðun fyrir stóra daginn og margir kjósa fara í húðhreinsun á snyrtistofu til að líta sem allra best út. Þá er fermingarhárgreiðslan mikilvæg í augum flestra fermingarstúlkna.

Grafarvogskirkja Fermingarbörn krjúpa.



Að lokum ber að nefna margvíslegan kostnað tengdan fermingunni og veislunni. Skreytingar á veisluborð, servíettur og kerti, að ógleymdri gestabókinni.

Fermingarhald Viðmiðunarkostnaður

Rétt er að taka fram að listinn hér er langt í frá tæmandi og er aðeins til viðmiðunar. Forsendur útreikninga eru hóflega

áætlaðar og ljóst er að hægt er að áætla bæði meiri og minni kostnað við ýmsa af útgjaldaliðunum.

Fermingarfræðsla (Langholtskirkja)

- Fræðslugjald: 19.146 kr.
- Kostnaður vegna ferðalags: 15.000 kr.
- Leiga á fermingarkyrtili: 2.000 kr.
- Boðskort í veislu, 50 stk: 8.750 kr. (Mynd.is)

Fermingarveisla

- Leiga á sal: 60.000 kr.
- Þjónusta tveggja starfsmanna í þrjár klst: 20.700 kr.
- Veitingar (súpa, brauð og smáréttir) fyrir 80 manns: 230.000 kr. (Veislulist)
- Fermingarterta fyrir 60 manns: 54.000 kr. (Myllan)
- Fermingarterta fyrir 20 manns: 13.600 kr. (Myllan)

Annað:

- Myndataka: 29.000 kr. (Stúdíó Dís)
- Sálmbók: 2.680 kr. (Garðheimar)
- Föt og skór á fermingarbarn: 16.000 kr. (Gallerí 17)
- Hárgreiðsla fyrir fermingarstúlkunni (prufugreiðsla innifalinn): 24.500 kr. (Kompaníið)
- Fermingarkerti með áletrun: 3.990 kr. (Blómaval)
- Servíettur, áletraðar: 3.500 kr. (Blómaval)
- Gestabók: 4.260 kr. (Múlalundur)

Meðalverð:

507.126 kr.

GRAFÍSK HÖNNUN

**Lógó
bréfsefni
bæklingar
myndskreytingar
merkingar ofl.**

XPRENT
HÖNNUN OG MERKINGAR

Sundaborg 1
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is



Einstæð móðir sem er að ferma er föst í viðjum fátæktar

Ekki leyft sér að huga að gjöf ■ Vinslit vegna lána

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Það býr einhver barátta í mér, af hverju er þetta svona erfitt? segir einstæð, nokkurra barna móðir, sem er að ferma núna í apríl. Konan býr utan Reykjavíkur og engin aðstoð í boði þar sem hún býr, en íbúum höfuðborgarinnar stendur einhver aðstoð til boða. Útborguð mánaðarlaun hennar eru jafnhá og leigan sem hún greiðir og berst hún alla mánuði við að ná endum saman. „Ég er í leiguhúsnæði og greiði 200 þúsund krónur í leigu og síðan hita og rafmagn. Ég er að fá útborgað um 200 þúsund krónur á mánuði og húsaleigubætur upp á 50 þúsund krónur.“

Gat ekki staðið við loforð

Konan á foreldra og systkini, en eins og hún segir sjálf þá hefur hver og einn nóg með sitt, þrátt fyrir að allir séu af vilja gerðir til að veita henni aðstoð. „Mér líður mjög illa ef ég þarf að biðja foreldra mína um aðstoð. Þau eiga bara nóg með sitt. En stundum fæ ég matarpoka frá þeim. Ég veit að þau og systkini mín myndu vilja gera allt fyrir mig, en hver og einn á nóg með sitt. Við erum ekki efnamikil fjölskylda,“ segir konan og bætir við að barnsfaðir hennar taki oft ekki vel í beiðni hennar um aðstoð, en hann muni þó greiða einhvern hluta af fermingarkostnaðnum. „En eigi að síður á ég erfitt með að greiða minn hluta. Yfirleitt þegar ég bið hann um aðstoð þá endar það með einhverju rífrildi og það sé mér að kenna hvað hlutirnir kosta í dag.“

Ég hef hingað til, eins og um jól og slíkt, sótt um styrk hjá Mæðrastyrsnefnd á Akranesi, en hún hefur bent mér á að tala við prestinn á staðnum, sem vísar mér beint aftur til Mæðrastyrsnefndarinnar.

Fjárhagsstaðan hjá nefndinni er svo bág í ár að hún hefur gefið út að það verði engin páskaaðstoð,“ segir konan. „Það kom tímabil þar sem ég var atvinnulaus. Þá átti ég mjög erfitt og fór nokkrar ferðir til Mæðrastyrsnefndar í Reykjavík og sótti mér aðstoð þar. Og

Virkelega vont að vera alltaf með peningaáhyggjur

mér þótti það afar erfitt, standa í þessari röð og eins þakklát og ég var fyrir aðstoðina þá fannst mér ég ítrekað vera að koma með eitthvað heim sem hentaði okkur ekki. Á því tímabili þá þurfti ég að fá lánað hér og þar og það hafa orðið vinslit hjá mér þar sem mér tókst ekki að standa við loforð um að greiða til baka.“

Margt dýrt í gangi hjá börnunum

Eins og oft vill verða hjá einstæðum foreldrum sem hafa ekki mikið milli handanna þá er konan búin að vanrækja sjálfa sig. „Ég þyrfti fyrir löngu að vera farin til tannlæknis, en ég skulda honum svo mikið að ég er komin í klípu. Það var byrjað á einhverri rótaradgerð, svo hætti ég að geta borgað. Ég má ekki eiga greiðslukort og hann vildi ekki semja við mig um greiðslur, þannig að þetta er eitthvað sem ég sé ekki fram á að geta lagað og greitt fyrir.“

Fermingarkostnaður er þó ekki það eina sem setur strík í fjárhaginn í ár. „Það er svo margt dýrt annað í gangi hjá börnunum mínum, eitt þeirra er að fara í ferð á vegum skólans, annað er í Skólahreysti og að fara í skíðaferðalag. Ég er svo glöð þegar þau vilja taka þátt í einhverju að ég get ekki annað en reynt að eiga fyrir slíkum útgjöldum. Fjárhagsáætlunin sem ég var búin að gera, þar sem ég sá fyrir mér að geta skrapað saman 5.000 krónur hér og þar, hún er farin algjörlega út um þúfur.“

Auk þess þarf eitt barna hennar á sérfræðiaðstoð að halda og bendir konan á að þó að tímar hjá sálfræðingi og geðlækni séu

endurgreiddir, þá fylgi því samt sem áður kostnaður að koma barninu til læknanna.

„Þarf eitthvað að skreyta?“

Fermingarundirbúningurinn er ekki kominn langt á veg. „Það er

ekki mikið komið sem ég er búin að borga, þar sem ég hef ekki átt pening. Matarinnkaupin eru eftir, ég trúi ekki öðru en að við foreldrarnir munum skipta þeim til helminga. Börnin eiga ekki spariöt, við höfum ekki keypt slíkt undanfarin ár, bara reynt að láta þetta sleppa. Ég er ekki einu sinni byrjuð að hugsa um gjöf.


Ég er í hópnum Fermingarundirbúningur á Facebook og ég loka bara augunum þegar ég sé suma póstana þar. Barnið mitt hefur ekki miklar áhyggjur af þessu og spyr bara: „þarf eitthvað að skreyta?“ Þetta verður bara nett hjá okkur, það er allavega ekki mikill peningur að fara í skreytingar.“

Konan segist síðustu ár oft hafa skröpað í veislum sem henni og

börnunum hennar hefur verið boðið í þar sem hún hefur einfaldlega ekki haft efni á að kaupa gjafir. „Nú ber svo við að um leið og ég er að ferma er okkur boðið í fermingarveislur hjá vinum og ættingjum. Ég vil ekki vera að skröpa hjá fólki sem ég vil að komi til okkar í veislu.“

Fjárhagsáhyggjur gera mann veikan, ég kláraði allt veikindafríð mitt í fyrra, því ég fékk taugaáfall í tvígang. Í stað þess að vera glaður þegar einhver á afmæli eða það eru að koma jól, þá eykur slíkt bara á áhyggjur manns.

Ég held svo oft að betri tímar séu að koma, en þá kemur alltaf eitthvað nýtt upp á.“ ■



RÁIN ER ALHLIÐA VEITINGAHÚS
í hjarta REYKJANESBÆJAR

MATSÖLUSTAÐUR

SKEMMTISTAÐUR

RÁÐSTEFNUR


ÁRSHÁTÍÐIR

VEISLUR



SKÖMMIN FÆR KARLMENN TIL ÞESS AÐ BERA HARM SINN Í HLJÓÐI

„Petta var miklu minna
mál en ég bjóst við“



Halldór og Jana
María Aðgerðin var
lítið mál.

Umskurður má ekki vera tabú umræða

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dvis




Umskurður ungra drengja hefur verið mikið í umræðunni hérlandis undanfarið með misjöfnum skoðunum fólks til aðgerðarinnar. Í mörgum löndum er umskurður nýfæddra drengja mjög algengur þrátt fyrir að fjöldi tilfella hafi farið minnkandi undanfarin ár. Má þar nefna að í Bandaríkjunum voru um 83 prósent nýfæddra drengja umskorin árið 1960 en 77 prósent árið 2010. Sums staðar er aðgerðin framkvæmd vegna trúarlegra ástæðna en annars staðar vegna hreinlætisástæðna.

Hér á Íslandi hefur það almennt ekki tíðkast að láta umskera unga drengi nema vegna læknisfræðilegra ástæðna. Til dæmis vegna af þröngrar forhúðar eða ítrekaðrar forhúðarsýkingar.

Þegar umskurður er framkvæmdur er forhúð limsins skorin af en tilgangur hennar er að verja reðurhúfuna eða kónginn, eins og hann er oftast kallaður í daglegu máli, fyrir þvagi, hægðum og núningi. Samkvæmt Vísindavef Háskóla Íslands er talið að forhúðin skipi stórt hlutverk í kynsvörun karlmannna bæði í samförum sem og sjálfsfröun. Þar er einnig sagt frá því að sögusagnir gangi þess efnis að umskornir menn séu betri elskhugar en aðrir þar sem kóngurinn verður með tímanum ónæmari fyrir snertingu og örvun sem getur leitt til þess að karlmaðurinn sé lengur að fá fullnægingu. Það telji einhverjir til bóta.

Umræðan um umskurð hérlandis hefur í flestum tilfellum verið á neikvæðum nótum sem getur gert að verkum að karlmenn sem eiga við einhvers konar vandamál að stríða sem snýr að getnaðarlim þeirra gætu óttast að ræða



Umskurður Forhúð
limsins er skorin af.

um vandamálið og jafnvel talið sig eina um það. Það gæti jafnframt leitt til þess að í mörg ár beri þeir vandamál sitt í hljóði og þori ekki að leita sér ráða.

Blaðakona leitaði til tveggja karlmannna sem eiga það sameiginlegt að hafa farið í umskurð á fullorðins aldri vegna læknisfræðilegra ástæðna og fékk að ræða við þá um ástæðu aðgerðarinnar, reynslu þeirra af umræðunni um umskurð og ferlið sjálf. Voru þeir báðir sammála um að opna þyrfti á almenna umræðu um vandamál drengja sem snýr að getnaðarlim þeirra svo enginn þurfi að ganga um og skammast sín.

Áhyggjurnar voru óþarfar

Halldór Ingólfsson er 23 ára gamall. Hann stundar nám við margmiðlunarhönnun í Danmörku þar sem hann býr með kærustu sinni, Jönu Maríu. Halldór fór í aðgerð í maí árið 2017 eftir að hafa fundið fyrir miklum þurrki á forhúðinni sem gerði að verkum að hann átti erfitt með að stunda samfarir.

„Ég stundaði kynlíf án örvarunar í raun og veru“

„Til að byrja með fór ég til læknis til þess að láta laga þurrkinn. Hann gaf mér sterakrem sem ég átti að nota einu sinni á dag í smá tíma. Eftir þann tíma þá var vandamálið horfið en um tveimur vikum seinna kom það verra til baka. Ég leitaði því aftur til læknis og skoðaði þá möguleika sem voru í boði fyrir mig. Mér fannst sniðugast að fara í fullan umskurð og láta þannig fjarlægja allt sem hrjáði mig,“ segir Halldór sem segist hafa verið heppinn að hafa

þekkt nokkra karlmenn sem þegar höfðu farið í aðgerðina og gátu gefið honum góðar upplýsingar.

„Það hjálpaði mér að taka þessa ákvörðun og var ég aðallega stressaður svona viku fyrir aðgerðina. Ég vann á veitingastað á þessum tíma og það sem hræddi mig mest var að ég hafði aðeins þrjá daga til þess að jafna mig áður en ég þurfti að fara að vinna aftur. Að hlaupa upp og niður stiga með beina snertingu við nærbuxurnar var ekki eitthvað sem ég hlak-

aði til.“

Halldór segir aðgerðina hafa verið mjög einfalda og að áhyggjur hans hafi verið óþarfar.

„Þú sofnaðir með kragann og vaknar svo án hans. Ég man eftir því að hafa verið mjög lyfjastur fyrsta klukkutímann eftir aðgerð, en kærasta mín keyrði mig í apótekið og svo heim. Alla ferðina svitnaði ég lítrum og ég varð að vera sitjandi því ef ég hefði staðið hefði ég kastað upp. Þegar heim var komið þurfti ég að sofa með handklæði undir mér vegna svita. Fyrstu dagana þurfti ég að vera með umbúðir sem voru aðeins fjarlægðar þegar ég þurfti að kasta af mér vatni. Þær voru á þar til saumarnir hurfu og ég fékk verkjatöflur sem ég átti að taka ef ég varð virkilega verkjastur en það kom aldrei til þess. Petta var miklu minna mál en ég bjóst við og áhyggjur mínar yfir því að fá standpínu voru óþarfar, það var ekki svo slæmt. Í dag er allt eins og það á að vera, hann er notaður meira en nokkru sinni fyrr og engir örðugleikar. Hann bara lítur betur út og það sem er best af öllu er að engin tilfinning hvarf. Ef eitthvað er þá er hún meiri og betri.“

Mikilvægt að karlmenn skammist sín ekki

Halldór telur umræðuna um umskurð ekki vera tabú og segir hann mjög mikilvægt að karlmenn skammist sín ekki þegar talið berst að kynfærum. Þau séu hinn eðlilegasti hlutur og að það skipti máli ef drengir upplifi einhvers konar vandræði með getnaðarlim sinn að hræðast ekki að leita ráða.

„Petta er hluti af eðlilegu lífi. Sumir þurfa að gera þetta, sumir vilja gera þetta. Sumir gera þetta vegna trúarbragða og það er hið eðlilegasta mál. Forhúð er ekkert nema auka tilgangslaut skinn.



HITTU OKKUR Á FACEBOOK  / REKKJAN

OFURTILBOÐ OFUR

STÖK
DÝNA

160X200CM

46.735 KR.

OFURTILBOÐ OFURTILBOÐ OFURTILBOÐ OFUR



OFURTILBOÐ

AURORA

160X200CM

HEILSURÚM MEÐ MILLISTÍFU POKAGORMAKERFI,
MJÚKUM TOPP MEÐ EINSTAKRI AÐLÖGUN OG
ÞYNGDARDREYFINGU.MEÐ BOTN OG FÓTUM

TILBOÐSVERÐ

87.970 KR.

DÝNA, BOTN OG FÆTUR
FULLT VERÐ. 135.340 KR.

35%
AFSLÁTTUR

FYRSTU
KEMUR
FYRSTUR
ÆER!

rekkjan

HEILSURÚM

Ég hef ekki upplifað neitt neikvætt gagnvart mér sjálfum, en hef lesið ýmislegt á netinu og oft fæ ég kjánahroll vegna þess hvernig talað er um þetta. Fyrir mér er þetta hetjusaga, eitthvað sem ég er stoltur af og ég er alveg opinn með. Ég get talað um þetta eins og enginn sé morgundagurinn. Ég hef meira að segja rætt um umskurðinn á McDonald's hérna í Danmörku. Umskurður er ekki eitthvað til þess að skammast sín fyrir og það getur enginn breytt þínum skoðunum. Við eigum að vera opin með það sem við gerum, hvort sem það eru kynfæri okkar eða ekki. Þau eru ekkert til þess að skammast sín fyrir.“

Halldór segir að umræðan um umskurð megi ekki vera eins neikvæð og hún hefur verið, þar sem margir karlmenn þurfi að gangast undir þessa aðgerð til þess að geta lifað góðu lífi. Segist hann ræða umskurðinn mjög opinberlega og að oft hafi hann komist að því að karlmenn í kringum hann séu einnig umskornir, aðeins vegna þess að hann ræddi það að fyrra bragði.

„Við eigum að gera það sem við getum til þess að lifa betur og ekki vera feimin við að vera við sjálf. Það er ekki erfitt að opna þessa umræðu. Átt þú erfitt með að fá standþínu? Farðu til lækis. Átt þú erfitt með sjálfsfröun? Farðu til lækis. Við eigum ekki að forðast lækna, við eigum að leita til þeirra. Þeir hjálpa okkur.“

Ekki öll typpi eins

Annar maður sem blaðakona ræddi við tók ákvörðun um að koma ekki fram undir nafni en þótti viðfangsefnið þó það mikilvægt að hann var einnig tilbúinn til þess að deila reynslu sinni. Hann köllum við Ragnar. Ragnar segist ekki hafa séð mikið rætt um málefnið, en að ungum karlmönnum ætti að vera kennt að getnaðarlimur sé ekki allir eins og að hjá sumum séu gallar sem gæti þurft að laga.

„Læknar höfðu tvisvar sinnum framkvæmt aðgerð sem víkkaði forhúðina. Í bæði skiptin virkaði aðgerðin tímabundið eða var illa gerð. Ég var ekki viss og ákvað því sjálfur að fara í þessa aðgerð. Forhúðin var of þröng og komst ekki niður fyrir kónginn í fullri reisn. Ég stundaði kynlíf án örvunar, í raun og veru, fram að því. Svo var þrífnaður leiðinlegur, forhúðarostur algengur og óþefur einnig. Munnmök og kynlíf sjálft var dauft og ég var búinn að eyða yfir tuttugu árum í að ímynda mér hvernig það væri að stunda kynlíf þar sem typpi fengi örvun. Það þótti mér

„Typpi fæðast ekki öll jöfn og það er ekki eitt-hvað til að skammast sín fyrir

af því að getnaðarlimur hans yrði afar viðkvæmur eftir að forhúðin yrði fjarlægð.

„Stundum fann ég sársauka þegar hann gægðist út fyrir húðina og skrapaðist við buxur. Ég snerti hann sjaldan sjálfur þar sem það var óþægilegt. Þetta er eitthvað sem gerðist vegna þess að hann hafði aldrei verið snertur

leiðinlegt.“

Ragnar segist ekki hafa verið mjög kvíðinn fyrir aðgerðinni sjálfri en hafði hann þó áhyggjur



„Einhvers staðar mætti benda ungum karlmönnum á að typpi fæðast ekki öll jöfn.“

en eftir aðgerð vandist snerting fljótt og þetta er ekki vandamál í dag. Ég hafði líka haft áhyggjur af því að missa forhúðina sem er tilfinningarík og fitl við hana veitti unad. Þessar áhyggjur voru þó óþarfar því þrátt fyrir að sá hluti af forhúðinni sem eftir stendur sé ekki næmur fyrir örvun þá er húðin rétt fyrir neðan kónginn og að ytri húðinni sem eftir stóð enn þá næm.“

Fannst hann ekki geta rætt vandamálið upphátt

Ragnar segist ekki hafa verið feiminn við að ræða aðgerðina enda fannst honum alveg eðlilegt að þurfa á henni að halda.

„Ég var kannski ekki nógu feiminn þar sem dag aðgerðarinnar var ég í eldhúsinu hjá ömmu og bróðir minn ætlaði að keyra mig og sækja, mágkona mín var stödd þarna og spurði mig í hvaða aðgerð ég væri að fara og án þess að missa úr takti sagði ég: „Ég er að fara í umskurð“, og það sló þögn á alla í eldhúsinu,“ segir Ragnar og hlær.

Þar sem Ragnar hafði þegar farið í tvær aðgerðir á forhúðinni ákvað hann að fá svæfingu í þetta skiptið. Því man hann lítið eftir aðgerðinni sjálfri, en segir eftirleikinn hafa verið einfaldan.

„Ég gekk um í joggingbuxum og víðklofa en það lagaðist fljótt. Þetta var vöðu lítið mál og uppfyllti allar mínar væntingar. Það var mjög skrítið að geta snert kónginn fyrst.“

Ragnar segist ekki hafa orðið var við mikla umræðu um aðgerðir sem þessar en hann telur kynfæri fólks alltaf vera feimnismál að einhverju leyti.

„Ég hef ekki upplifað neikvæða umræðu gagnvart umskurði fullorðinna karlmanna, en ég tel að neikvæð umræða hafi myndast vegna þess að fólk á að misbjóða limlestingar á börnum byggðar á hindurvitnum og álfasögum. Ég

hef aldrei heyrt að umskurður sé neikvæður þegar fullorðnir menn taka ákvörðunina sjálfir. Ástæðan fyrir umskurði ætti samt að vera til að heila manninn, mér finnst umskurður til þess að fá klámtyppi asnaleg ákvörðun. En mér finnst líka asnalegt að fara í brjóstastækkun þannig að þetta er lítað álit.“

Ragnar var tuttugu og eins árs þegar hann lét fyrst víkka forhúð sína og segir hann að benda mætti ungum mönnum á þá staðreynd að mögulegir gallar geti verið til staðar á getnaðarlimnum sem geri það að verkum að sumir verði að fara í umskurð. Segist hann aldrei hafa heyrt rætt um umskurð eða aðrar aðgerðir á getnaðarlim áður en hann fór sjálfur í aðgerð. Þá leið honum eins og um vandamál væri að ræða sem hann einn væri að glíma við og upplifði að hann gæti ekki rætt það við aðra.

„Það tók langan tíma fyrir mig að átta mig á því að umskurður væri valkostur. Ég hefði líklega ekki farið í víkkun aftur ef ég hefði vitað það. Það hefði líklega veitt mér fleiri ár af betra kynlífi ef þetta væri á allra vitorði. Einhvers staðar mætti benda ungum karlmönnum á að typpi fæðast ekki öll jöfn, og fara yfir algengustu gallana sem karlmenn gætu þurft að lagaða. Algengir gallar á kynfærum karla ættu að vera hluti af kynfræðslu, og að sama skapi fyrir stelpur. Ég myndi að minnsta kosti benda sonum mínum á þetta, en ég á aðeins dætur. Ég hef hins vegar alltaf lagt áherslu á að dætur mínar séu ekki feimnar við lækna, sem ég var lengi vel. Ég skammaðist mín ekki fyrir þetta en mér finnst leitt að mörgum konum finnst forhúðir ljótar, skrítnar eða asnalegar. En þú veist, ætli mörgum karlmönnum finnst ekki einhver hluti þíunnar falla í sömu flokka. Þetta venst allt saman.“ ■

GIMLI
FASTEIGNASALA



LEIÐHARMAR 12, 112 REYKJAVÍK
98.000.000 kr.

Tegund Einbýli á 2 hæðum
Stærð 280 M²
Herbergi 7



BODGRANDI 3, 107 REYKJAVÍK
48.500.000 kr.

Tegund Fjölbýli
Stærð 96 M²
Herbergi 4



KVÍSLARTUNGA, 270 MOSFELLSBÆR
86.900.000 kr.

Tegund Parhús á 2 hæðum
Stærð 286 M²
Herbergi 7

LI-ION
technology

GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



PON er umboðsaðili

JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Þrónggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tíslutæki



Dráttartæki



Díselyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melbraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



Súðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Seðlabankastjórn ekki kvennastarf

Umsóknir um stöðu seðlabankastjóra vöktu talsverða undrun í vikunni. Af sextán umsækjendum voru aðeins tvær konur, þar af einn nemi sem litla sem enga möguleika á að hreppa stöðuna. **Katrín Ólafsdóttir**, lektor við Háskólann í Reykjavík, er eina konan sem á raunhæfa möguleika á að taka við í haust. Brast þá sú von margra að karlaveldið yrði rofið, en hingað til hafa allir tuttugu bankastjórar Seðlabankans verið karlar og oft fyrrverandi stjórnálmenn. Vonir höfðu verið bundnar við að sjá **Liljurnar tvær, Alfreðsdóttur og Mósesdóttur**, á lista umsækjenda.

Róttlaus Vilhjálmur

Vilhjálmur Bjarnason, fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, er meðal umsækjenda um stöðu bankastjóra Seðlabankans. Vilhjálmur var einnig á meðal umsækjenda um stöðu aðstoðarseðlabankastjóra á síðasta ári en fékk ekki. Vilhjálmur virðist því nokkuð róttlaus innan bankans en Eyjan greindi frá því síðasta sumrar að hann hefði fengið vinnu hjá bankanum, en samkvæmt heimildum hafi það starf ekki verið skilgreint við ráðninguna. Að lokum fengust þau svör að Vilhjálmur væri tímabundið ráðinn í sérstök verkefni, sem meðal annars tengdust fullveldisafmælinu og bæklingi um sparnað. Vilhjálmur er viðskiptafræðingur.



Heimurinn fórst ekki í gær

Leiðari

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Heimurinn fórst ekki í gær. Sólin mun rísa á morgun. Lífið heldur áfram, krakkarnir fara í skólann, bátum verður siglt á miðin, strætisvagnarnir liðast um götur borgarinnar og Landinn verður á sínum stað á sunnudagskvöld. Brátt kemur heiðlóan til að syngja inn vorið.

Auðvitað eru endalok WOW air áfall og margir sitja eftir í sárum. Allir Íslendingar geta sammælt um að hafa samúð með starfsfólki WOW, fjölskyldufólki sem stendur uppi atvinnulaust eftir tíðindi vikunnar. Sjálfsgat mun þetta hafa slæm áhrif á þjóðarbúskapinn, til lengri eða skemmri tíma. Það verður dýrara að ferðast og mjólkurpotturinn mun hækka um nokkrar krónur. Krónan okkar litla velkist um í öldurótinu og nánast öruggt er að það verður aðeins dýrara að panta á Aliexpress á næstu dögum en verið hefur.

Því er heldur ekki að neita að fall WOW kemur á slæmum tíma.

Ef rennt er yfir fréttir úr hagsögunni mætti halda að hér ætti að vera örbirgð vegna atvinnuleysis, óðaverðbólgu, gengisfellinga, gjaldþrota og átaka á vinnumarkaði.

Hér eru kjaraviðræður á viðkvæmu stigi. Ofan á það bætist undarlega lítt um talaður loðnubrestur sem, eins og góður maður sagði, sýnir hversu illa við erum tengd við frumatvinnugreinarnar í landinu.

Fátt er þó svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Á spítölum og í skólum landsins hefur verið mikil mannekla undanfarin ár og starfsfólk flúið þaðan inn í flugfélögin. Ef starfsfólk snýr þangað aftur gæti bæði heilsa og menntun landans batnað. Þá verðum við líka að muna eftir að gera vel við fólk

svo það flýi ekki aftur í næsta flugævintýri.

Hér á Íslandi er gott að búa og þjóðin hefur gengið í gegnum margfalt meiri áföll en þetta. Á síðustu öld skríðum við út úr moldarkofunum og inn í velsæld nútímasamfélagsins. Engu að síður gengum við í gegnum stráfella spænsku veikinnar, ótal sjóskaða og eldsumbrot sem eyddu nærri heilu byggðarlagi. Ef rennt er yfir fréttir úr hagsögunni mætti halda að hér ætti að vera örbirgð vegna atvinnuleysis, óðaverðbólgu, gengisfellinga, gjaldþrota og átaka

á vinnumarkaði. En hér hefur byggst upp sémilega burðugt velferðarþjóðfélag. Ekki gallalaust frekar en önnur. En nógu gott til að snúa glataðri stöðu bankahrunsins á undraskömmum tíma.

Hversu stórt högg fall WOW er mun tíminn vitaskuld leiða í ljós. Það er samt erfitt að sjá fyrir sér að höggið verði eitthvað í líkingu við þau áföll sem hér eru áður upp talin. Sennilega aðeins léttur löðrungur í stóra samhenginu. Áminning um að við höfum verið fordekrúð og kannski helst til hrokafull.

Ég vil ekki gera lítið úr stóru tíðindum vikunnar. Værurkærð er sjaldnast af hinu góða. Hins vegar skiptir máli hvernig við, almenningur, bregðumst við. Það er engin ástæða til þess að hætta að ferðast. Við getum notað tækifærið og ferðast meira um landið okkar fagra og stórbrötta. Þar með glæðum við innlenda verzlun og höldum gjaldeyrið í landinu. Tenerife er hvort eð er fyrir löngu orðið þreytt pleis. ■

Spurning vikunnar

Gætir þú hugsað þér að flytja út á land?



Ég fer á fjöll



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
www.fi.is

MYNDIR: HANNA/DV

Sveitapiltur OG spennufíkill

■ Gísli Einarsson vildi verða bóndi ■ Varð óvart sjónvarpsstjarna ■ 20 ár í veislustjórn

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Gísli Einarsson er fyrir löngu orðinn landsmönnum að góðu kunnur. Hann hefur starfað við fréttamennsku og dagskrárgerð hjá RÚV í hartnær tvo áratugi og haldið uppi fjöri á árshátíðum og þorablótum jafn lengi. Bládamaður DV keyrði í Borgarnes einn blíðviðrisdag til að ræða við Gísla, en þar býr hann og hefur starfsaðstöðu.

Gat ekki orðið bóndi

Gísli er Borgfirðingur í húð og hár, alinn upp á bænum Lundi í Lundarreykjadal. Foreldrar hans stunduðu búskap framan af og fjölskyldan stór. Gísli er elstur fimm alsystkina og auk þess bjuggu fleiri úr stórfjölskyldunni á býlinu. Sjálfur lýsir hann sér sem ódælum á barnsárum.

„Ég var ábyggilega ópolandi. Var frekur og með mikla athyglisþörf. Ég held að það hafi ekkert breyst,“ segir Gísli og glottir. „Óþekkur var ég og þoldi oft ekki við í heila kennslustund. Ég hefði ekki viljað umgangast mig sem barn.“

Það er alltaf stutt í brosið og hláturinn hjá Gísla. Meira að segja þegar rætt er um brostnar vonir.

„Eins og aðrir strákar í sveitinni langaði mig að verða bóndi en það kom ekki til greina. Ég var haldinn svo miklu frjókornaofnæmi að sumrin fóru illa með mig. Ófugt við krakka sem sendir voru í sveit

„Mér finnst það vera mannréttindi að fá að vera tekinn fyrir í gríni, hvort sem maður á við einhverja fötlun að stríða, tilheyrir ákveðinni kynhneigð eða hvað svo sem það nú er.“

á sumrin þá var ég sendur úr sveit, til ömmu og afa í Reykjavík. En þegar ég var orðinn nógu gamall til að gera gagn þá beit ég á jaxlinn og harkaði sumrin af mér, með hor niður að hné og hita.“

Voru engin meðöl við þessu?

„Jú, jú, það voru til lyf og þetta átti einnig að eldast af mér. En þetta var svo mikið að búskapur kom ekki til greina sem framtíðarstarf. Jafnvel þó að mér þætti fátt skemmtilegra en að veltast um í heyi heima á bæ.“

Samvinnuskólinn og kaupfélagið

Á unglingsárunum lá leiðin í Samvinnuskólann á Bifröst til að taka stúdentspróf. Skólinn var verslunarskóli byggður upp í kringum samvinnuhreyfinguna. Gísli

segir hins vegar að þar hafi hann lært svo margt meira sem hafi nýst honum síðar meir enda skólinn óhefðbundinn að mörgu leyti.

„Menn fóru þangað til þess að læra að verða Framsóknarmenn,“ segir Gísli og hlær. „Það sem vakti mestan áhuga hjá mér var félagslífið, sem var á þeim tíma eiginlegur hluti af náminu. Þú þurftir til dæmis að vera í ákveðnum klúbbum, umgangast fólk, stýra fundum, koma fram og halda ræður. Ég man enn þá hvað mér fannst hræðilega erfitt að stíga í púltið í fyrsta skipti, en ég hef ekki þagað síðan. Þetta er sá hluti af náminu sem hefur fleytt mér lengst.“

Hann segir að markmið skólans hafi að stórum hluta verið að ala nemendur upp í að verða félagsmálafrömuði.

Hafðir þú áhuga á að taka þátt í stjórnárum?

„Einhvern tímann fékk ég þá flugu í hausinn. En þegar ég fór að hugsa betur út í þetta komst ég að því að ég yrði frábær frambjóðandi en ömurlegur þingmaður. Ég get kjaftað endalaust og ég held að framboðið sjálft sé skemmtilegi hlutinn af pólitíkinni. En að sama skapi grunar mig að þessi fjögur ár sem líða á milli séu drepleiðinleg. Ekkert nema langir og leiðinlegir fundir.“

Stefnan var þess í stað tekin á annan máttarstólpa Framsóknarflokksins, kaupfélögin. Þegar Gísli útskrifaðist árið 1988 starfaði hann stuttlega hjá Kaupfélagi Borgfirðinga og tók síðan við sem verslunarstjóri Kaupfélags Skagfirðinga á Hofsósi. Í kaupfélaginu

kynntist hann eiginkonu sinni, Guðrúnu Huldu Pálmadóttur. Eiga þau þrjú börn og tvö barnabörn í dag. Gísli segir bæði staðinn sjálfan og samfélagið á Hofsósi einstakt og þar eigi fjölskyldan enn marga góða vini. En þau fluttu aftur í Borgarfjörðinn nokkrum árum síðar og þá tók allt annar kafli við.

Lenti í sjónvarpi

„Mig hafði lengi dreymt um að skrifa eitthvað en hafði svosum engan áhuga á fjölmiðlum nema blöðum,“ segir Gísli. „Ég hafði gaman af því að skrifa smásögur og ritgerðir. Ég skrifaði aðeins í héraðsblaðið Feyki í Skagafirðinum og fljótlega eftir að ég flutti aftur í Borgarfjörðinn fór ég að skrifa pistla fyrir Borgfirðing. Á þessum tíma jókst áhuginn og ég var orðinn mjög heitur fyrir því að komast í blaðamennsku.“

Gísli fann sig vel á héraðsfréttablöðunum. Þar gat hann skrifað allt frá léttmeti upp í alvarlegar fréttir en hafði jafnframt mikið frelsi í störfum sínum. Árið 1996 tók hann við ritstjórn Vesturlandsþóstsins en það gekk brösuglega og varð skammlíft ævintýri. Gísli var hins vegar ekki af baki dottinn. Hann settist niður með Magnúsi Magnússyni atvinnuráðgjafa og þeir komu öðru blaði á legg árið 1998. Var það Skessuhorn sem þykir nú eitt burðugasta héraðsfréttablað landsins. Gísli

Framhald á síðu 41

Stóra ferðablaðið

29. mars 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



AMAZING WESTFJORDS:

Hvalaskoðun, sjóstangveiði og ægífegurð Ísafjarðardjúps

Ölver er 77 tonna stálbátur sem siglir frá Ísafirði með farþega í hvalaskoðun og við köllum þetta náttúrulífsferðir. Náttúran í Ísafjarðardjúpi er afar heillandi og við sjáum til dæmis eyjarnar Vigur og Æðey, svo er það fjallahringurinn og sagan í Djúpinu. Við leggjum áherslu á góða leiðsögumenn sem tala bæði ensku og íslensku og fræða farþega um söguna hér," segir Ragnar Ágúst Kristinsson, annar eigenda hins nýstofnaða ferðaþjónustufyrirtækis Amazing Westfjords. Ísafjarðardjúpið er afar fýsilegur staður til að skoða dýralíf, eins og hval (hnúfubak), fugla og seli.

„Nemandi í haf- og strandveidastjórnun sem starfar hjá okkur sem leiðsögumaður taldi að allt að 70-80 hnúfubakar væru í Djúpinu síðasta sumar og oft eru 6 til 10 hvalir í kringum okkur í einu. Það spillir ekki fyrir að það er mikil veðursæld á þessu svæði," segir Ragnar og bætir því við að maður upplifi náttúruna og náttúrufegurð svæðisins frá allt öðru sjónarhorni þegar hennar er notið af sjó.

Mikill meirihluti farþega í hvalaskoðunarferðunum er erlendir ferðamenn og margir þeirra koma frá skemmtiferðaskipum. Hér er hins vegar um mjög góða afþreyingu og upplifun fyrir Íslendinga að ræða og frábært tækifæri til að kynna náttúrufegurð Vestfjarða. Ferðirnar er hægt að bóka beint á vefsíðunni amazing-westfjords.is. Að sögn Ragnars verður boðið upp á tvær tveggja og hálf tíma ferðir á dag alla daga vikunnar í sumar, frá 15. maí og út september á Ölver.



Gaman er að segja frá því að báturinn Ölver, sem byggður var sem fiskibátur árið 1990 en var breytt í farþegabát árið 2017, dregur nafn sitt af einum af vættum Ísafjarðardjúps. Þeir voru Ölver, Straumur og Flosi. Ölver var höfðingi af svæðinu sem heygður var með bát sínum á Hvassaleiti á Stigahlíð í haug sem kallaður er Ölvershaugur. Flosi er heygður í Ármúlafjalli og Straumur á Straumnesi, þannig að það sést á milli þeirra allra.

Sjóstangaveiðiferðir með Rostungi
Amazing Westfjords rekur líka farþegabátinn Rostung ÍS sem tekur sjö farþega í einu og verða ferðir í boði með honum frá miðjum maí og inn í haustið. Auk þess að skoða heillandi náttúrufegurðina í Djúpinu er einnig hægt að renna fyrir þorsk og fleiri fisktegundir, það mjög vinsælt sport bæði fyrir Íslendinga og útlendinga. Upplýsingar og bókanir í sjóstangaveiði með Rostungi eru í gegnum netfangið info@amazing-westfjords.is. eða í síma 888-1466.

Fyrir utan þessar ferðir eru síðan alls konar sérferðir boði. „Það er til dæmis verið að skipuleggja kirkjuferð norður í Grunnvík, ferð er með vinnu- og vinahópa í matar- og skemmtiferðir, til dæmis í Vigur, Hesteyri og fleiri staði eftir óskum," segir Ragnar.

Fyrirtækið hóf reglulegar ferðir sumarið 2017 en fjöldi farþega margfaldaðist síðasta sumar. Að sögn Ragnars var byrjað að bóka á fullu fyrir áramót og hefur mikið verið bókað það sem af er árinu: „Ef fjölgunin sem stefnir í gengur eftir, þá spring ég annaðhvort úr monti eða álagi," segir Ragnar að lokum og hlær. Hann hlakkar til spennandi túristavertíðar í sumar.

Sjá nánar á vefsíðunni
amazing-westfjords.is





Ógleymanleg upplifun í Þorlákshöfn

BLACK BEACH TOURS:

Bað er fátt skemmtilegra en fjórhjólafarð eða RIB-bátaferð í heillandi umhverfi. Fyrirtækið Black Beach Tours býður upp á slíkar ferðir í Þorlákshöfn. Fjaran þar er einkar falleg, um 10 kílómetra löng sandströnd (eldfjallaströnd) sem nær frá Ölfusá að bænum og mætir þar tilkomumiklum klettaveggjum að vestanverðu. Ógleymanlegt er að fara þarna um á fjórhjóli eða RIB-báti.

„Við erum frekar ný í þessum bransa, byrjuðum rekstur sumarið 2017 og árið 2018 var fyrsta heila árið í rekstri og má segja að við séum enn í uppbyggingarfasa. Við erum líka búin að opna 10 herbergja gistiheimili, Black Beach Guest-house, og setja upp þrjá bústaði (e. cottage) rétt fyrir utan bæinn við golfvöllinn. Þorlákshöfn hefur ekki boðið upp á mikið fyrir ferðamenn í gegnum tíðina og við orðið talsvert á eftir mörgum öðrum bæjum hvað þennan bransa varðar. En þetta er að breytast hratt og hér hafa opnast margir möguleikar í ferðaþjónustu á síðustu árum, til dæmis eru hér góðir veitingastaðir, glæsileg íþróttadstaða, sundlaug og góð aðstaða fyrir tjaldgæsti. Hér í nágrenninu eru líka ýmsir gistingualeikar og nokkuð gott framboð af afþreyingu, eins og til dæmis hestaleigur og -sýningar, kajakleiga og hellaskoðun í Lavatunnel, svo dæmi séu tekin,“ segir Óssi hjá Black Beach Tours og bætir við:

„Þótt við séum tiltölulega ný í bransanum hafa viðtökur verið mjög góðar og vanalega förum fram úr væntingum viðskiptavina, hvort sem um er að ræða litla eða stóra hópa, Íslendinga eða erlenda gesti,

og við erum virkilega ánægð með þær góðu umsagnir sem hafa birst meðal annars á Tripadvisor, Google og Facebook. Okkar markmið er að gera okkur enn sýnilegri og við höfum væntingar um að auka vöruframboðið og fá fleiri gesti.“

Black Beach Tours býður upp á fjórhjólafarðir allt árið um kring. Í boði eru einnar og tveggja klukkustunda ferðir eftir ströndinni og hins vegar þriggja tíma ferðir þar sem farið er um hraun og slóða vestur í Selvog og að Strandarkirkju.

RIB-bátaferðir eru í boði á tímabilinu maí til október og er þar hægt að velja á milli 30 mínútna adrenalinferðar, klukkustundar langrar ferðar og tveggja tíma ferðar, en sú síðastnefnda liggur vestur í Krýsuvíkurbjarg. Einnig er hægt að splæsa saman fjórhjólafarð og RIB-bátaferð (Comboferð) sem er afar skemmtileg blanda.

Einnig er boðið upp á sérferðir (e. private tours) á bæði fjórhjóli og í RIB-bátaferðir, en að auki er hægt að fara í sjóstöng á Auðdísí sem er 40 feta mótorsnekkja og yfirleitt þarf ekki að fara langt til að komast í góða veiði.

Black Beach Tours er með mjög góða aðstöðu fyrir starfsmanna- og vinahópa þar sem hægt er að bjóða upp á veitingar eftir ferðir, allt eins og hentar hverjum hópi.

Á www.blackbeachtours.is er að finna nánari upplýsingar um allar ferðir og verð. Ef um hópa er að ræða er best að óska eftir tilboðum með tölvupósti á info@blackbeachtours.is eða með því að hafa samband í síma 556-1500.



Gestir Listasafnsins virða fyrir sér verk eftir Elinu Brotherus af sýningunni Leikreglur / Rules of Play. Listasafnið á Akureyri / Myndir: Daniel Starrason.



Verkið Griðastaður / Felustaður eftir Rósu Kristínu Júlíusdóttur af sýningunni Sköpun bernskunnar 2019. Listasafnið á Akureyri



Verk eftir Kristin E. Hrafnsson af sýningunni Sköpun bernskunnar 2019. Listasafnið á Akureyri.



Í verkum Kristínar Gunnlaugsdóttur skiptast á gáski glimmersins og alvarlegur undirtónn hausúpunnar og hnignunarinnar. Listasafnið á Akureyri.



Verkið Áttir / Directions eftir Tuma Magnússon tekur yfir sal 01 í Listasafninu. Listasafnið á Akureyri.

Verkið 4'33" eftir Elinu Brotherus af sýningunni Leikreglur / Rules of Play er tilvísun í samnefnt verk eftir John Cage frá árinu 1952. Listasafnið á Akureyri.



LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI:

Tilvistarlegt tóm, hið ljóðræna og ævintýri

Listasafninu á Akureyri kennir ýmissa grasa yfir páskana. Safnið er glæsilegt og standa nú yfir átta fjölbreyttar sýningar þar sem barnamenning, grasrót, hefðin og menningarsagan mætast á óhefðbundinn máta. „Listamennirnir eru ólíkir og ættu allir, börn sem fullorðnir, að finna eitthvað sem heillar þá. Sýningarnar velta ýmist upp tilvistarlegum spurningum, sýna áhorfendur í spéspegli, fræða þá um himingeiminn, eru ljóðrænar eða ævintýralegar. Ég mæli eindregið með að fólk skelli sér til Akureyrar yfir páskana og baði sig í listum og menningu í Listasafninu á Akureyri,” segir Hlynur Hallsson safnstjóri.

Áttir/Directions er yfirgripsmikil einkasýning á hljóðverkum og myndbandsverki Tuma Magnússonar. „Þróun ferils Tuma er áhugaverð. Í byrjun notaði hann fundna hluti, ljósmyndir, teikningar og 8 millimetrá kvikmyndir í verk sín. Næst málaði hann í hlutbundnum stíl uns hann fór að vinna með hugmyndina um málverk fremur en málverkið í hefðbundnum skilningi. Í lok 9. áratugarins voru hugmyndirnar tími og rými orðnar eitt aðalviðfangsefni verkanna. Rannsóknir Tuma héldu svo áfram í formi innsetninga, ljósmyndaverka og vídeó-/hljóðinnsetninga.”

SuperBlack er sýning á málverkum Kristínar Gunnlaugsdóttur og leirverkum Margrétar Jónsdóttur. Verkin tengjast í gegnum tilvistarlegt tóm og spurningar um stöðu mannsins gagnvart náttúrunni.

Verk Margrétar velta upp spurningunni um hvort við færum betur með náttúruna ef við sæjum hana sem mannslikama. Í verkum

Kristínar skiptast á gáski glimmersins og alvarlegur undirtónn hausúpunnar og hnignunarinnar.

Sköpun bernskunnar 2019 er stór sýning á verkum leikskóla- og grunnskólabarna á aldrinum 5–16 ára sem unnin eru með listamönnunum Rósu Kristínu Júlíusdóttur og Kristni E. Hrafnssyni. Hér mætast skúlptúrar, teikningar, málverk, smáhlutir og þátttökuverk í þemanu heimurinn og geimurinn.

Leikreglur / Rules of Play / Règle du Jeu er sýning á einstökum ljósmyndaverkum og vídeóverkum finnsku listakonunnar Elinu Brotherus. „Sýningin hlaut Carte blanche PMU-verðlaunin og var fyrst sýnd í Centre Pompidou 2017. Sýningin er sett upp í samstarfi við Listasafn Íslands. Við erum stolt að sýna þessi verk hér á Akureyri. Þetta er sýning sem enginn listunnandi má láta framhjá sér fara,” segir Hlynur.

Hugmyndir er ævintýraleg sýning á verkum Hjördísar Frimann og Magnúsar Helgasonar. Leikur og gleði með fjölbreyttum tilvísunum einkenna verkin og saman skapa þau spennandi sýningu sem auðgar og eflir ímyndunarafl barna á öllum aldri.

Úrval er sýning á völdum verkum úr safneign Listasafnsins á Akureyri. „Elsta verkið er frá fyrri hluta síðustu aldar og það yngsta er tveggja ára. Listamennirnir eiga flestir rætur að rekja til Akureyrar eða Eyjafjarðar. Listasafnið á yfir 700 verk og við val á verkunum var fjölbreytni og kynja-jöfnun höfð að leiðarljósi. Meirihluti safneignarinnar eru verk eftir karlmenn en þó vekur athygli að verkum eftir konur fjölga þegar nær okkur dregur í tíma.”



Keramíkkverk Margrétar Jónsdóttur á sýningunni SuperBlack. Listasafnið á Akureyri.

Frá Kaupfélagsgili til

Listagils er sýning unnin í samstarfi við Minjasafnið á Akureyri. „Með ljósmyndum og textum er kynnt fyrir áhorfendum það sem var í Gilinu áður en hér var Listagil með listasafn, Deigluna, myndlistaskóla, vinnustofur, sýningarsali, veitingastaði og íbúðir, en staðurinn á mikilvægan þátt í atvinnusögu Akureyrar. Við vildum votta fortíðinni, sem Listasafnið byggir á, virðingu og tengja gesti safnsins við söguna.”

Vídeóvinda er stórskemmtilegt verk úr smíðju Haraldar Karlssonar. Verkið er byggt á vídeóverkinu Warp eftir íslensku listakonuna og frumkvöðulinn Steinu Vasulku. Notast er við 25 ára forrit, Image-ine, sem hollenski forritarinn Tom Demeyer vann með Steinu. „Við vildum

þjóða börnum upp á skemmtilega og óhefðbundna upplifun en verkið sýnir áhorfandann í spéspegli, líkt og í speglagarði í tivolí.“ Vídeóvindan er sett upp með stuðningi verkefnisins List fyrir alla í samstarfi við Listasafn Íslands.

Skúlptúrverk Aðalheiðar Eysteinsdóttur, **Hugleiðing um orku**, má svo sjá úti á svölum listasafnsins þar sem einnig er gott útsýni yfir Pollinn, Akureyrarkirkju og Listagilið.

Opið er í Listasafninu á Akureyri alla daga og yfir alla páskana frá kl. 12–17.

Gil Kaffihús er opið kl. 9–17, en laugardaga er opið til kl. 17.30. Kaupvangsstræti 8–12, Akureyri. Sími: 461-2610.

www.listak.is



HÓTEL LAKI:

Glæsilegt sveitahótel í faðmi náttúrunnar

Hótel Laki, eitt glæsilegasta og notalegasta sveitahótel landsins, kúrir í Landbrotshólunum rétt hjá Kirkjubæjarklaustri og býður eftir gestum og gangandi.

Hótelíð er í miðri hringiðu alls kyns afþreyinga og er tilvalið að fara þaðan í fjöruferðir eða dagsferðir að skoða þjóðgarðinn Skaftafell og hið ætíð tilkomumikla Jökulsárlón. Hér eru einnig dásamlegar gönguleiðir þar sem hægt er að skella sér í fjölbreyttar gönguferðir í fallegu umhverfi.

„Það er alltaf nóg að gera og þegar komið er aftur á hótelíð þá er hér frábær veitingastaður þar sem úrvals matreiðslumenn töfra fram dýrindis krásir með hráefnum af bæjunum hér í kring,“ segir Lilja Hrund Harðardóttir, hóteltýra á Hótel Laka.

Vortilboð

„Vorið er handan við hornið og því fögnum við á Hótel Laka með því að bjóða gesti velkomna, um leið og farfuglana sem brátt syngja í móanum, með frábæru tilboði í gistingu, mat og drykk,“ segir Lilja. Nú er tækifærið til að njóta kyrrðar áður en sumarævintýrið brestur á! Tvær nætur á verði einnar og morgunmatúr innifalinn ásamt frium fordrykk. Tilboðið gildir aðeins í apríl og maí á meðan laust er í dekur hjá okkur, samtals 29.000 krónur. Fritt fyrir börn undir 6 ára.

Verið hjartanlega velkomin til okkar.

Fjölskyldan, Hótel Laka.


Hótel Laki er staðsett að Efri-Vík, 880 Kirkjubæjarklaustri.

Hafa má samband í síma 412-4600 eða með netpósti hotellaki@hotellaki.is

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu hótelsins hotellaki.is en þar er einnig hægt að bóka herbergi.



Upplifðu norðurljósin í allri sinni dýrð, fjarri ljósmengun borgarinnar.



HÓTEL
LAKI

AGA

GAS

ALLS STAÐAR

Smellt eða skrúfað?
Það skiptir ekki máli, við eigum bæði!



ÞÚ FINNUR SÖLUSTAÐI
FYRIR AGA GAS Á GAS.IS

HÓTEL KJARNALUNDUR:



Rómantísk og heillandi náttúruperla

Hótel Kjarnalundur er sannkölluð náttúruparadís, en þetta fallega hótél er staðsett inni í Kjarnaskógi á Akureyri, höfuðborg Norðurlands. „Áhersla okkar er að bjóða gestunum upp á notalegt og afslappað umhverfi með einstakri aðstöðu fyrir útveru, heilsu og velíðan. Hér er auðvelt að endurnærast í snertingu við náttúrna,“ segir Hildur.

Heillandi skógur

Kjarnaskógur er uppáhaldsskógur allra Akureyringa og það er ekki að ástæðulausu. Skógurinn býður upp á fallegar gönguleiðir og skemmtileg útisvæði fyrir alla fjölskylduna, jafnt unga sem aldna. Svo er hann líka steinsnar frá heillandi miðbæ Akureyrar þar sem finna má fjöldann allan af kaffihúsum, veitingastöðum, verslunum, söfnum og setrum.

Í Kjarnaskógi rétt fyrir ofan hótelið er einnig hægt að finna blakvöll, leiksvæði og sérhannaða fjallahjólaleið. Á veturna er svo slóð troðin fyrir skíðafólk. Því ættu allir að geta fundið sér afþreyingu við hæfi.

Ótal gistimöguleikar

Hótelið er með 66 herbergi og býður upp á ótal gistimöguleika, allt frá

einstaklingsherbergjum, hefðbundnum hjónaherbergjum og lúxus hjónaherbergjum til fjölskyldusvítu. Einnig er hótelið með til leigu glæsilegt heilsárshús með heitum potti. Við erum með veitinga- og fundarsali með frábæru útsýni yfir fjörðinn. Sali sem henta vel til funda, en eru auk þess hentugir fyrir árshátíðir og aðrar veislur.

Fylgstu með norðurljósunum úr heita pottinum


„Við erum með heitan pott úti í skóginum þar sem gott er að láta líða úr sér eftir viðburðaríkan dag í miðbæ Akureyrar eða eftir góða göngu á svæðinu í kring.“

Úr heita pottinum okkar er oft hægt að hitta fyrir feimin norðurljós, en engin ljósmengun er við pottinn og því sjást þau vel þaðan. Við bjóðum upp á einstakt heilnudd fyrir alla. Hægt er að panta tíma í nudd í móttökunni. Einnig erum við með infrarauðan sánaklefa.“

Hótel Kjarnalundur, 600 Akureyri
Sími: 460-0060

Netpóstur: info@kjarnalundur.is
Bókaðu gistingu á kjarnalundur.is





DOKKAN BRUGGHÚS:

Eðalbjór með tæru lindarvatni úr vestfirskum fjöllum

Dokkan brugghús er lítið fjölskyldufyrirtæki á Ísafirði sem stofnað var árið 2017 þar sem eigendurnir töldu vanta brugghús á svæðið. Á Dokkuni er bruggaður úrvalsbjór þar sem uppi- staðan er framúrskarandi lindarvatn sem á upptök sín í fjöllum Vestfjarða. Allt neysluvatn á svæðinu er fengið úr Vestfjarðagöngunum sem opnuð voru 1996.

„Einn helsti kostur vatnsins hérna er hvað það er jafnt, það skiptir ekki máli hvort það er vetur, vor, sumar eða haust, vatnið er alltaf eins,“ segir Hákon Hermannsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Það er nóg að gera á Dokkuni en tveir starfsmenn eru þar í fullu starfi auk þess sem fleiri verkefni falla til.

Dokkan er til húsa að Sindragötu 11 á Ísafirði. „Við erum með það sem ég kalla gestastofu og þar er krani og gestir geta bragðað á veigunum okkar,“ segir Hákon en Dokkuni hefur verið afar vel tekið. „Sumarið í fyrra var okkar fyrsta sumar og aðsókn

fór fram úr björtustu vonum,“ segir Hákon en bæði erlendir og innlendir ferðamenn heimsækja Dokkuna. „Yfir vetrartímann eru innlendir ferðamenn fleiri. Hér var til dæmis haldið afar vel heppnað skíðanámskeið og margir þátttakendur þar komu við hjá okkur á eftir. Mörgum líkar vel að fá sér bjór eftir að þeir hafa verið á skíðum,“ segir Hákon. Framundan er tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður, sem verður haldin um páskana og einnig í byrjun maí er Fossavatnsgangan og má búast við því að margir gestir þessara viðburða komi við á Dokkuni.

Þrjár tegundir frá Dokkuni eru nú komnar í sölu í Vínbúðunum en auk þess er Dokkubjór til sölu á flestum veitingahúsum á Ísafirði ásamt því að vera á nokkrum börum á höfuðborgarsvæðinu.

Upplýsingar um tegundirnar og annan fróðleik er að finna á vefsíðunni dokkanbrugghus.is #dokkanbrugghus



ÓBYGGÐAFERÐIR:



Jökulgil



Hrafninnusker

Bórsmörk



Á toppi Eyjafjallajökuls



Gíggjökull

Fjór hjólaferðir í 13 ár

Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval af styttri og lengri fjór hjólaferðum fyrir unga sem aldna um Fljótshlíðina fögru. Við erum svo heppin að margar af fallegustu og áhugaverðustu náttúruperlum landsins eru í næsta nágrenni við okkur. Það er ekki að ástæðulausu að stórbóndinn gat ekki hugsað sér að yfirgefa hlíð þessa fyrr á öldum, jafnvel þótt lífið lægi við, og skildi eftir sig þau fleygu orð: „Fögur er hlíðin svo að mér hefir hún aldrei jafnfögur sýnst, bleikir akurar en slegin tún, og mun eg ríða heim aftur og fara hvergi.“

Á söguslóðum!

Gaman er að koma á staði þar sem saga náttúru, fornanna/kvenna og merks fólks sem þar bjó en er nær okkur í tíma, er jafn áberandi og hér.

Að ferðast um náttúruna á fjór hjóli er eitthvað sem nánast allir geta. Við stillum hraða og leiðarval eftir óskum og getu hvers og eins. Meðfylgjandi myndir sýna nokkra af þeim stöðum sem við heimsækjum í ferðum okkar.

Í Fljótshlíðinni eru fjölbreyttir gístmöguleikar og margt annað hægt að gera. Við útvegum allan nauðsynlegan búnað svo sem fatnað og hjálma í okkar ferðir.

PS. Munið eftir myndavélinni 😊

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni obyggdaferdir.is

Fylgstu með okkur á Facebook: Óbyggðaferðir

Netpóstur: info@atviceland.is

Sími: 661-2503 (Unnar) og 661-2504

Staðsetning: Hótel Hellishólar, Fljótshlíð.

Traveler Overview



5.0

91 reviews

Excellent		97%
Very good		3%
Average		0%
Poor		0%
Terrible		0%

Einhyrningur





Þegar veður leyfir þá er grillað í fjallinu.



SKÍÐASVÆÐIÐ Í DALVÍK:

Falín fjallaparadís

Skiðasvæðið í Dalvík er eitt best geymda leyndarmál skíðamannsins. „Svæðið er lítið og nánast alveg uppi við bæjardyrnar. Það er hálfvegis á láglandi og því státum við af sérlega góðu og lygnu veðri hér í brekkunum. Skiðasvæðið hefur að geyma ótal möguleika fyrir unga sem aldna skíðaiðkendur, byrjendur sem lengra komna. Við höfum einnig notið sérlega góðs skíðaveðurs í vetur og búin að hafa hvað flesta opnunardaga af öllum skíðasvæðunum,” segir Gerður Olofsson, formaður Skíðafélags Dalvíkur. Á staðnum er leiga á skíðabúnaði og brettum fyrir unga sem aldna. Því miður er ekki boðið upp á leigu á gönguskiðum.

Brekkur við allra hæfi

„Við erum með tvær skíðalyftur og troðum brekkurnar fyrir skíðaiðkendur á flestum getustigum. Þeir allra hörðustu taka lyftuna alla leið og ganga svo áfram upp á topp fjallsins með fjallaskiðin sín. Þaðan geta þeir rennt sér niður eftir ótroðnum leiðum í þúðursnjó,” segir Gerður.

Skiðasvæðið í Dalvík er lítið og þar liggur einmitt sjarminn. Svæðið er fullkomið fyrir minni hópa, fjölskyldur og vinahópa. „Fólki finnst notalegt að koma hingað því hér týnist enginn. Hér er fallegur skíðaskáli þar sem

seldar eru veitingar eins og vöflur og kakó. Einnig er gistiðstaða í skálanum, bæði svefnpokapláss og sérherbergi með uppabúnum rúmum.

Einnig leggjum við gönguskiðabrautir þegar viðrar til þess. Gönguskiðahringurinn er í gullfallegum skógarreit hér neðan við skíðasvæðið. Gönguvanir geta jafnvel ákveðið að lengja ferð sína, t.d. alveg upp að Mosa. Ég mæli þá með að fólk fái ráðleggingar frá heimamönnum um skemmtilegar gönguskiðaleiðir.“

Páskagleði í fjallinu

Um páskana verður mikil gleði í fjallinu. „Við verðum með okkar árlega Páskaeggjamót fyrir litla skíðaiðkendur á aldrinum 3–8 ára. Stemningin er alltaf skemmtileg á þessu móti og allir fá páskaegg þegar þeir koma niður brekkuna. Einnig erum við með samhliða svigmót fyrir fyrirtæki. Þá keppa tveir í einu niður fjallið. Þetta er alltaf vinsælt og langflest fyrirtæki hér í bænum sem taka þátt í keppninni.“

Frítt er á svæðið fyrir börn á leikskólaaldri.

Opnunartími yfir páskana er frá 10–16 alla daga.

Sími: 466-1010

Endilega fylgist með okkur á skíðalvik.is og á Facebook: Skiðasvæði Dalvíkur



Páskakanínan og Grýla.

SUNDLAUGIN Á DALVÍK:

Fullkominn endir á góðum skíðadegi

Eftir góða salíbunu í brekkunni er fátt betra en að skella sér í sjóðheitt sund. Á Dalvík er glæsileg sundlaug með 25 metra útisundlaug, vaðlaugum, lóni, tveimur stórum renni- brautum, köldum potti og tveimur heitum pottum ásamt gufu þar sem dásamlegt er að láta líða úr þreyttum vöðvum eftir langan dag í fjöllumum.

Lengdur opnunartími

„Sundlaugin var öll tekin í gegn árið 2017 og er ein hin glæsilegasta á svæðinu þótt ég segi sjálfur frá. Um páskahelgina höfum við ákveðið að færa opnunartímann til að koma til móts við skíðafólk,” segir Gísli Rúnar Gylfason, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi á Dalvík.

Um páskahelgina verður því opið frá 10–18. (Venjuleg helgaropnun er 9–17)

Annars er opið á mán.– fim. frá 6.15–20, fös. frá 6.15–19

Íþróttamiðstöð Dalvíkur Svarfadarbraut 34, Dalvík.

Sími: 460-4940 Nánari upplýsingar má nálgast á dalvikurbyggd.is og Facebook: Íþróttamiðstöðin á Dalvík

Íþróttamiðstöð Dalvíkur



ERPSSTAÐIR:



Þá erum við orðin 10 ára!!!

Rjómabúið Erpsstaðir hóf starfsemi í byrjun apríl 2009, með framleiðslu á rjómaís. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Árlega leggja þúsundir gesta leið sína til Erpsstaða, en þar er finasta aðstaða til áningar á leiðinni vestur.

„Við höfum frá upphafi lagt áherslu á að hafa þetta barna- og fjölskylduvænt, hér er aðgengi að dýrunum og ýmis leikaðstaða fyrir börn á öllum aldri,“ segir Þorgrímur Einar Guðbjartsson sem rekur Rjómabúið Erpsstaði við Búðardal ásamt eiginkonu sinni, Helgu Elínborgu Guðmundsdóttur.

„Fyrir svona tveimur til þremur árum var það þannig að margir stoppuðu bara til að fá sér ís en uppgötvuðu svo aðrar vörur í leiðinni, sem og dýrin, þannig að fyrirhugað fimm mínútna stopp varð að hálf tíma til klukkutíma stoppi. Núna er það meira þannig að Íslendingarnir sem hingað koma eru flestir meðvitaðir um hvað er í boði hér. Þeir fá sér ís og fara svo út í góða veðrið og leika sér, koma svo inn aftur og kaupa eitthvað til taka með sér heim.“

Að sögn eru erlendir ferðamenn í töluverðum meirihluta þeirra sem koma á Erpsstaði heilt yfir árið, en um hásumarið eru Íslendingar í meirihluta. Opið er frá 11 til 18 og lengur ef gestir eru enn á staðnum. „Við lokum yfirleitt ekki fyrr en traffíkin er búin. Hér er engum úthýst,“ segir Þorgrímur sposkur á svip.

Vorið 2018 var opnuð sýning um skyr og skyrgerð á Erpsstöðum, en vegna ísframleiðslunnar fellur til óhemju magn af undanrennu sem er umbreytt í gamaldags sveitaskyr. „Íslenska skyríð er orðið hluti af

Slow food sem eru alþjóðleg samtök sem vilja hvetja til smáframleiðslu og að fólk neyti sem mest vara sem framleiddar eru í nágrenni hvers og eins. Skyríð okkar var valið inn sem Presidium fyrir nokkrum árum, en um er að ræða viðurkenningu vegna notkunar á hefðbundnum aðferðum við framleiðslu á matvörum.

Erlendir ferðamenn sem hingað koma vilja margir hverjir ólmir bragða á skyrí eins og það var upphaflega og verða ekki fyrir vonbrigðum. Skyríð okkar er þykkt og með súrum keim. Það er engu bætt í það. Þegar þeir eru búnir að smakka fá þeir aðgang að bragðefnum og eru fíflasírópið og rabarbarasírópið vinsælustu bragðefnin hjá þeim,“ segir Þorgrímur.

Ísinn sem framleiddur er á Erpsstöðum ber heitið Kjafstæði og þykir hann einstaklega bragðgóður. Í boði eru margar bragðtegundir en notast er við ýmis bragðefni úr íslenskrri náttúru, svo sem rabarbara, fíflasíróp og ber. Auk íss eru í boði ostar og hið fræga skyrkonfekt, sérhönnuð sælkeravara, konfekt sem á sér enga hliðstæðu á Íslandi.

Gott aðgengi er að dýrunum fyrir gesti, nokkuð sem ekki síst börnin kunna vel að meta, en þau fá til dæmis að horfa á kýrnar mjólkaðar. Þá er leikaðstaða á staðnum fyrir börnin. Einnig er boðið upp á skoðunarferðir um staðinn og gestir fræddir um búskapinn og framleiðsluna. Það eru alltaf einhverjar nýjungar á Erpsstöðum og því spennandi að sjá hvað verður nýtt nú í vor.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni erpsstadir.is og Facebook-síðunni Rjómabúið Erpsstaðir.



KEF CAR PARK:

Einfalt, ódýrt og þægilegt!


Við hjá carpark.is bjóðum upp á ódýr bílastæði ásamt ýmiss konar bílaþjónustu á meðan bíllinn er hjá okkur. Meðal þess sem við bjóðum upp á er bílaþvottur, bón, smurning, bílanagreining, rafhleðsla, framrúðuskipti og margt fleira. Við erum staðsett við Keflavíkurlugvöll eða í u.þ.b. 5 mínútna akstursfjarlægð frá anddyri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Við erum á vakt allan sólarhringinn þannig að þú mætir með bíllinn þegar þér hentar og við keyrum þig á skutlunni okkar á völinn.

Þegar komið er í gegnum tollinn þá hringið þið einfaldlega í okkur í síma 588-9999 og við hittum ykkur brottfararmegin í flugstöðinni. Þaðan keyrum við þig svo beint í bíllinn! Einfalt, ódýrt og þægilegt!

Bíllarnir eru geymdir á bílastæði við gistiheimilið KEF Guesthouse. Svæðið er vaktað með myndbandsupptöku og það er manneskja á vakt/á staðnum allan sólarhringinn.

Við erum norðanmegin Reykjanesbrautar, neðan við annað hringtorg (hringtorg 2) eftir að ekið er inn í bæinn frá Reykjavík. Heimilisfangið er Grænásvegur 10, 230 Reykjanesbær og því má einnig slá inn á Google Maps með góðum árangri.

Hægt er að bóka staði á vefsíðu okkar www.carpark.is, í síma 588-9999, nú eða bara mæta á staðinn.



KEF CAR PARK

Ertu á leiðinni í frí?

GEYMDU BÍLINN HJÁ OKKUR

KEYRUM OG SÆKJUM Á VÖLLINN

BÍLASTÆÐI | ÞVOTTUR | BÓN | SMURNING | BILANAGREINING | RAFHLEÐSLA | FRAMRÚÐUSKIPTI OFL.

Bókaðu á netinu www.carpark.is eða í síma 588-9999



SUNDLAUGIN Í ÞORLÁKSHÖFN:

Ævintýraveröld fyrir fjölskyldufólk

Páskarnir eru eitt stærsta ferðatímabil Íslendinga enda tilvalið að brjóta upp á grámann og vorhretið með því að skella sér í stuttar dagsferðir út á land. Í Þorlákshöfn er að finna eina af flottari sundlaugum landsins sem dregur fólk hvaðanæva að. Laugin var endurbýggð og tekin í notkun með pomp og prakt í ágústbyrjun 2008.

Sundlaugin er með glæsilegu úti-svæði með tveimur glænýjum heitum pottum sem voru teknir í gagnið síðastliðið sumar, 25 metra laug fyrir sundgarpa, tvær vatnsrennibrautir, vaðlaug og fyrirtaks eimbað. Að auki eru bæði inni- og útiklefar.

Skrautfjöðrin er innisvæðið

„Krúnudjásn sundlaugarinnar í Þorlákshöfn er þó án efa innisvæðið.“ Þar er að finna stórkostlega ævintýraveröld fyrir ungvíðið. Innlaugin er 45 sentimetra djúp vaðlaug með fjöldanum öllum af skemmtilegum leiktækjum. „Hér eru fötur, sveppur með fossi, leikkastali, rennibrautir, vatnsspúandi ormur og margt fleira. Laugin er um 35°C og lofthitastig er einnig í kringum 35°C sem hentar krökkunum sérstaklega vel. Foreldrarnir geta haft góða yfirsýn frá bakkanum og geta fylgst vel með börnum sínum ofan í lauginni. Aðrir skemmta sér við að leika sér ofan í lauginni með krökkunum.“

Laugin trekkir að

„Það eru margar barnafjölskyldur sem gera sér sérstakar ferðir úr Reykjavík hingað til Þorlákshafnar, til þess að skella sér í sund. Enda þótt laugarnar á höfuðborgarsvæðinu séu fjölmargar, þá er þar ekkert að finna í líkingu við það sem við erum með hér. Börnin elska að fá að leika sér óhindrað í laug sem er sérstaklega hönnuð fyrir þau, með fullt af leiktækjum og nóg vatn til að skvettu framan í grunlausa foreldra sína. Á virkum morgnum er sérlega vinsælt fyrir nýbakaða foreldra að gera sér ferð hingað. Þá er einstaklega rólegt og hentar þá vel að fara í laugina með þau allra yngstu.“

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni olfus.is og Facebook-síðunni: Sundlaug Þorlákshafnar

Vetraropnun, 1. september til 31. maí:

Virka daga: 07.00–21.00

Um helgar: 10.00–17.00

Hafnarbergi 41, 815 Þorlákshöfn

Sími: 480-3890



STRACTA HÓTEL:



Náttúruperlur til allra átta

Páskarnir eru fullkominn tími fyrir vinnuþópa, fjölskyldur og ástfangin pör til að endurnýja gömul kynni við helstu ferðamanna- staði Íslands. Það skal engan undra að Suðurlandið sé vinsæll áninga- staður, bæði fyrir erlenda ferðamenn og innlenda. Hér eru fossar, jöklar, sandbreiður, lón og óviðjafnanlegar fjörur svo langt sem augað eygir.

Í hjarta Suðurlandsins er Hótel Stracta í námunda við einar fegurstu náttúruperlur sem Ísland hefur upp á að bjóða. Út frá hótelinu er hentugt að fara í dagsferðir, allt frá Jökul- áróni í austri til Landmannalauga í norðri, út á Reykjaneskaga í vestri, t.d. í Bláa lónið, og Vestmannaeyja í suðri. Hótelíð leigir út bíla en að auki eru áætlunarferðir á hringvegi 1 til allra átta.


Nú eru 100 standard herbergi á hótelinu, 16 superior herbergi, 24 stúdíó herbergi, 18 í búðum og 2 svítur, alls 160 herbergi eða gistirými fyrir alls 370 manns. Stefnt er að því

að herbergin verði 400 í framtíðinni. Kolefnisjöfnun hótelsins er að sama skapi komin vel á veg og hjálpar staðsetningin þar mikið til. Allt hótelið er á einni hæð, að undanskilinni þjónustubyggingu sem er á tveimur hæðum. Þar er að finna stórkostlegt útsýni yfir Suðurlandið.

Heitir pottar og norðurljós

Í garði í miðju hótelsins eru heitir pottar og gufubað sem stendur öllum gestum til boða, auk þess sem heitir pottar eru við íbúðirnar og svítur hótelsins fyrir gesti þeirra. Lýsingu við hótelið er þannig háttáð að hún lýsir öll niður þannig að hún truflar ekki norðurljósaskoðun gesta sem geta notið þeirra í garði hótelsins og í heitu pottunum.

Hreidar hjá Hótel Stracta. Rangárflatar 4, 850 Hella. Bókaðu gistingu á stractahotels.is, í síma 531-8010 eða í netpósti, info@stractahotels.is Instagram: Stracta hótél



Múlakollur og Héðinsfjörður.
Mynd: Guðný ÁgústsdóttirBörn við Síldarminjasafn.
Jón Steinar Ragnarsson.

Mynd: Guðný Ágústsdóttir

Síldarstúlkur á
Síldarminjasafninu,
Siglufirði.

Fjallabyggð í faðmi blárra fjalla

Pað skiptir ekki máli á hvaða árstíma er ferðast til Fjallabyggðar, þar er alltaf líf og fjör og margt skemmtilegt að skoða og gera. Einnig er þar fjölbreytt menningarlíf og upplifgandi andrúmsloft og þar búa um 2.100 manns. „Hér er ævinlega tekið vel á móti öllum ferðamönnum og útivistarfólki enda eru menn hér almennt gestrisnir fram úr hófi,“ segir Linda Lea Bogadóttir, markaðs- og menningarfulltrúi Fjallabyggðar.

Góðar stundir í Fjallabyggð

Sveitarfélagið Fjallabyggð varð til við sameiningu Ólafsfjarðar og Siglufjarðar árið 2006. Fjallabyggð býr að stórbrotinni náttúrufegurð í „faðmi fjalla blárra“, eins og skáldið sagði, þar sem möguleikar á sviði útivistar og tómstunda eru hreint óprjótandi. Náttúran er ávallt innan seilingar, hvort heldur haldið er í gönguferðir, farið á skíði, veitt í vötnum, ám eða sjó.

Í Ólafsfirði og á Siglufirði er fjöldi góðra gístmöguleika þar sem hægt er að gera vel við sig og eiga saman notalegar stundir í fallegu umhverfi. „Hér eru líka ótal veitingahús þar sem bragða má ljúfmeti af sjó og landi,“ segir Linda. Það er um að gera

að skella sér í langa helgarferð eða páskaferðalag til Fjallabyggðar og upplifa þar afslappað andrúmsloft, ósnortna náttúrufegurð og skapa sér þar saman ógleymanlegar minningar.

Skemmtilegt menningarlíf

Í Fjallabyggð er blómlegt menningarlíf. „Hér eru gallerí og listamannavinnustofur sem áhuga-vert er að heimsækja og svo má ekki gleyma ýmsum fjölbreyttum söfnum og setrum. Þar má nefna Síldarminjasafnið og Náttúrugripasafnið í Ólafsfirði, Þjóðlagasetur, Ljóðasetur og Alþýðuhúsið,“ segir Linda.

Óviða finnast jafnfjölbreyttir og skemmtilegir möguleikar til þess að láta sér líða vel í jafn fallegu umhverfi og notalegu andrúmslofti og er í Fjallabyggð.

Skíðað nær allan ársins hring

Í Fjallabyggð og nágrenni er nægur snjór í fjöllum og alls staðar hægt að finna tækifæri og aðstöðu til útiveru. Á veturna er staðurinn skíðaparadis og draumur útivistar-mannsins. Fjöllin í kringum Fjallabyggð tilheyra hinum tilkomumikla Tröllaskaga sem er án alls efa besta fjallaskíðasvæði landsins, með sín háu fjöll og mikla snjó. Fjöllin á



Mynd: Jón Steinar Ragnarsson

Tröllaskaga eru á heimsælikvarða og bjóða upp á brekkur við allra hæfi, hvort sem er fyrir byrjendur eða þá sem eru í leit að verulegum áskorunum. Það er enda fátt sem jafnast á við góðan dag á fjöllum og að skíða niður ósnortnar brekkur í stórfenglegu umhverfi.

Skíðasvæðin eru tvö í Fjallabyggð, þ.e. Skíðasvæðið í Skarðsdal á Siglufirði og svo Skíðasvæðið í Tindaöxl í Ólafsfirði.

Skíðasvæðið í Skarðsdal má tvímælalaust telja með bestu skíðasvæðum landsins. Þar er oftast svo mikill snjór að hægt er að skíða langt fram á vor. Skíðasvæðið samanstendur af fjórum lyftum og tíu brekkum, ævintýraleið, hólabrautum, bobb-braut og pöllum. Góður skíðaskáli er í fjallinu þar sem aðstaða fyrir gesti er öll til fyrirmyndar. Góð flóðlýsing er einnig á skíðasvæðinu svo skammdegi ætti ekki að aftra för skíðamannsins. Göngubraut er troðin í Hólsdalnum alla daga þegar veður



Gökuskiðagarpar.



Síldarævintýri á Siglufirði.

Miðnætursól séð frá Siglufirði.
Mynd: Steingrímur Kristinsson

Mynd: Guðný Ágústsdóttir



Mynd: Jón Steinar Ragnarsson

fjallabyggd.is.**Ljúfar laugar í Fjallabyggð**

Í Fjallabyggð eru tvær glæsilegar sundlaugar. Á Siglufirði er 25 metra innisundlaug, heitur útipottur og sána sem einnig er staðsett úti. Í Ólafsfirði er stórglæsilegur sundlaugagarður með 25 metra útisundlaug, tveimur heitum pottum, vaðlaug fyrir yngstu kynslóðina, tveimur rennibrautum og sána.

Allar nánari upplýsingar um gisti-staði, útivistarfyrirtæki, söfn og fleira má nálgast á og í gegnum vefsíð-ur Fjallabyggðar; **fjallabyggd.is**, **visittrollaskagi.is** og á **Facebook: Fjallabyggð**.

leyfir. Allar frekari upplýsingar um skíðasvæðið er að finna á **<https://www.skardsdalur.is/>**.

Skíðasvæðið Tindaöxl í Ólafsfirði býður upp á kjöraðstæður til vetrariþrotta. Þar er skíðalyfta og góðar svigbrautir. Brettamenn fá stór ótroðin svæði og nota gjarnan hryggina í brekkunni til að sýna listir sínar. Göngubrautir eru troðnar alla daga þegar veður leyfir og í glæsilegum skála skíðafélagsins er boðið upp á fyrirtaks aðstöðu og þar er einnig veitingasala. Allar frekari upplýsingar um skíðasvæðið er að finna á **skiol**.



Fáðu þér ● MultiFreez

einn
kaldan...
í kæliboxið!!!



Heilsulínan Blue Relief

Margnota hita- og kæligelpokar



skyndi-
kæling

við meiðslum s.s. tognun, bruna og
til að draga úr blæðingum og bólgu.



Ísgel

Efstubraut 2 Blönduósi Sími 451 2727
www.isgel.is isgel@isgel.is

var ritstjóri fyrstu árin en Magnús stýrir því í dag.

Þeim félögum fannst vanta að RÚV sinnti svæðinu sem skyldi. Af byggðasjónarmiðum buðu þeir því fram krafta sína sem verktakar árið 1999. Það kom í hlut Gísla að vera fréttaritari og boltinn fór svo að rúlla. Árið 2003 gerði hann þættina Út og suður og árið 2005 var hann kominn alveg yfir á RÚV.

Var þetta stórt skref fyrir sveitapilt?

„Já, það var það. En samt gerðist þetta eiginlega án þess að ég hefði stjórn á. Ég lenti í þessu, eins og sagt er. Fram að þessu hafði ég aldrei hugsað út í að verða sjónvarpsmaður, hélt að ég gæti það ekki og að það höfðaði ekki til mín. Um leið og ég prófaði þetta, þá fann ég hvað ég hafði gaman af þessu og athyglisþörfin nærðist eins og púkinn á fjósbitanum.“

Mýtan um furðulega landsbyggðarfólkið

Gísli hefur þrætt landið þvert og endilangt og dregið fram það áhugaverðasta úr hverju byggðarlagi fram á skjái landsmanna í þáttum sínum, fyrst Út og suður og síðar Landanum. Hann segir að markmiðið sé ekki að sýna fólki „kynlega kvisti úti á landi.“ Það sé mýta sem hugsanlega hafi skapast þegar Árni Johnsen og Ómar Ragnarsson kynntu Gísla á Uppsölum fyrir þjóðinni.

„Markmiðið er beinlínis að eyða þessari mýtu. Að sýna fram á að það sé venjulegt fólk úti á landi eins og í Reykjavík. Furðulegasta fólk sem ég hef hitt býr ekki á landsbyggðinni,“ segir Gísli og brosir breitt. „Það er auðvitað matsatriði hvaða fólk telst skrytið, en ég hef haft þá reglu að taka ekki viðtal við neinn sem er skrytnari en ég sjálfur. Það sem við höfum tekið fyrir er venjulegt fólk sem er að gera óvenjulega hluti og skemmtilega.“

Gísli segir að það hafi einnig verið markmið í upphafi, með Út og suður, að taka dagskrárgerðina út á land. En á þeim tíma hafi verið sár skortur þar á, meðal annars vegna fjárskorts. En þættir þeirra voru ódýrir, aðeins tveir menn með eina vél.

„Þetta hjálpaði okkur líka að nálgast viðmælendur. Við vorum að ræða við fólk sem aldrei hafði verið í sjónvarpsviðtali áður og okkar aðferð var ekki eins yfirþyrmandi og almennt viðgekkst. Þegar ég sjálfur var fyrst tekinn í sjónvarpsviðtal, þá mætti mér tíu manna teymi með stóra ljóskastara og ég sökk ofan í stólinn af hræðslu. Fólki fannst þægilegra að tala við tvo lúða með litla myndavél.“

Hver er eftirminnilegasti viðmælendinn?

„Það var Steinólfur Lárusson heitinn, frá Fagradal á Skarðsströnd, vísindamaður og lífskúntner með meiru. Hann var einstaklega vel máli farinn og gerði í því að stuða fólk með glanna- legum sögum. Síðan hitti ég svo margt merkilegt fólk, í hverri viku eiginlega. Annar mjög eftirminnilegur þáttur var þegar ég fékk að fara með konu inn í hús í Vestmannaeyjum, hús sem hafði grafið undir í gosinu og staðið óhreyft í fjörutíu ár. Þarna fundum við meðal annars gömul leikföng.“

Návígi við náttúrulegar og mannlegar hamfarir

Gísli hefur starfað í beinni fréttamennsku hjá RÚV þó svo að hann hafi mestmegnis verið í dagskrárgerð undanfarið. Hann er mikil göngugarpur og náttúrubarn. Því eru þær fréttir sem tengjast nátt-



Furðulegasta fólk sem ég hef hitt býr ekki á landsbyggðinni

úrinni, svo sem af eldgosum og miklum óveðrum, það sem hann saknar hvað mest. Á sínum tíma var honum gjarnan teft fram í návígi við náttúruöflin. Gísli viðurkennir fúslega að hann sé spennufíkill.

„Að koma að gosinu í Fimmvörðuhálsi var ógleymanleg stund. Þótt það væri mun minna en til dæmis Holuhraungosið, þá myndaðist þarna tilkomu- mikill hraunfoss með glæringum

og látum,“ segir hann með glampa í augum.

Gísli þekkir einnig návígi við annars konar hamfarir. Árið 2016 fylgdu hann og Karl Sigtryggsson, úr Landanum, varðskipinu Tý suður til Miðjarðarhafsins þar sem verið var að bjarga flóttafólki á leið til Evrópu. Úr varð verðlaunuð heimildamynd í tveimur hlutum.

„Upphaflega var hugmyndin að gera þætti um íslensku hetjurnar á Tý. En fljótlega áttuðum við okk-

ur á því að áherslan yrði að vera á þennan mannlega harmleik. Sagan var samt sögð að miklu leyti í gegnum áhöfnina. Það var ógleymanleg reynsla að standa þarna og horfa í augun á fólki sem var að stíga upp úr bráðum lífsháska og búið að upplifa mikla þolraun þar á undan.“

Gísli segir að ástandið og neyðin þarna hafi verið mun verri en hann átti von á.

„Við sáum bát sem var hálfger-

vaskafat og áætluðum að hann gæti haldið um hundrað manns. Síðan reyndust vera um 320 í honum.“

Hvað kenndi þetta þér?

„Að fara varlega í að kvarta yfir eigin vandamálum,“ segir Gísli og brosir.

Dansar á bjargbrúninni

Á upphafsárum Skessuhorns vakti Gísli athygli fyrir leiðara sína í Skessuhorni og opnuðust þá óvænt tækifæri.

„Mér hefur alltaf fundist leiðarar leiðinlegir og reyndi því að skrifa mína með hæfilegu magni af skætingi og húmor. Það var vegna þeirra sem farið var að leita til mín varðandi veislu- og samkomu- stjórn. Þetta byrjaði á þorablótum í héraðinu en vatt síðan fljótt upp á sig. Strax á fyrsta árinu var ég farinn að blaðra á árshátíðum í Reykjavík.“

Er það rétt að þú getir verið djarfari í talsmáta á skemmtunum en í sjónvarpinu?

„Já, stundum. Einn maður sagði að ég kynni að dansa á bjargbrúninni án þess að detta fram af. Það getur verið að ég hafi móðgað einhverja í gegnum tíðina, en vonandi sem fæsta, því það er aldrei ætlunin. Þetta er eins og í fótboltanum, þú skorar ekki nema að skjóta á markið og helst fast. Það er ekki hægt að vera fyndinn án þess að gera grín að neinu.“

Gísli segir að strax í upphafi hafi hann haft ákveðin viðmið. Til dæmis að gera ekki gys að fólki sem er í neyð, ástarsorg eða hefur lent í hörmungum.

„Ég geri hins vegar hiklaust grín að minnihlutahópum,“ segir hann ákveðinn og hlær. „Mér finnst það vera mannréttindi að fá að vera tekinn fyrir í gríni, hvort sem maður á við einhverja fötlun að stríða, tilheyrir ákveðinni kynhneigð eða hvað svo sem það nú er. Annað væri útskúfun. En það er auðvitað ekki sama hvernig grínið er gert. Ég hef ábyggilega stundum farið yfir strikið en reyni að halda mig réttum megin við það.“

Er fólk að öskra fram í?

„Já, það kemur fyrir. En ég er alltaf með tæklingar á lager fyrir þannig uppákomur. Grófar tæklingar,“ segir Gísli og glottir við tönn.

Fyrir tuttugu árum var Gísli með hvert orð skrifað niður í handrit fyrir skemmtanir en með aukinni reynslu noti hann nú aðeins punkta. Eins og uppistandarar endurnýjar hann efnið reglulega og aðlagar það að stað og tilefni.

„Það háir mér samt að ég kemst ekki almennilega í girinn fyrir en rétt áður en ég mæti á staðinn. Ég fresta því sífellt að undirbúa mig en þegar stressið kemur þá kviknar á mér og hugmyndirnar fæðast.“

Hefur þú lent í því að klúðra skemmtun?

„Ég hef aldrei fengið margar kvartanir eftir skemmtanir, en ég hef hins vegar upplifað að líða ekki vel á eftir skemmtun. Það er þegar mér hefur fundist mér ekki takast vel upp. Samkomur eru misjafnar og sumar móttækilegri en aðrar. Eitt erfiðasta kvöldið sem ég man eftir var á þorablóti í Garðabæ. Ég vissi að það væru tvö þúsund manns á blótinu en ljósin voru svo sterk að ég sá ekkert og hljóðið svo hátt að ég heyrdi ekkert nema í sjálfum mér. Í annað skipti var ég að skemmta á Ingólfstorgi þann 1. maí. Skemmtunin sjálf gekk glimrandi vel en henni var útvarpað. Ég prófaði að hlusta á upptökuna og þá heyrðist enginn hlátur því að hljóðnemanninn var á sviðinu. Félagar mínir á Ríkisútvarpinu hefðu mátt gera mér þann greiða að setja dósahlátur á upptökuna,“ segir Gísli og við kveðjum hann með virktum. ■

„EKKI MIKIL eftirspurn eftir fótspúnnum mönnum með athyglisbrest og lélegt grunnskólapróf“

- *Bílslys og andlegir erfiðleikar breyttu lífi Sigga*
- *Landspekkur sem „Costco gaurinn“*

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Sigurður Sólmundarson varð landspekkur sem Costco gaurinn vegna myndbanda sem hann birti á Facebook. Eftir skelfilegt bílslys stuttu fyrir jólin 2018 stendur hann á krossgötum hvað atvinnumál varðar. Hann segist vera athyglissjúkur með eindæmum, en líður þó best einum með sjálfum sér. Blaðamaður settist niður með Sigurði yfir kjötbollum í Ikea og ræddi lífið og tilveruna og fór síðan jómfrúar-

ferð sína í Costco undir dyggri handleiðslu Sigga.

„Ég er mjög fjölhæfur,“ segir Siggi þegar blaðamaður spyr hvort ekki sé ráð að spjalla saman yfir snæðingi. Hann er 41 árs gamall og hefur alla sína tíð unnið við múrverk, en gerir það ekki í dag af augljósum ástæðum, því hann er enn að ná sér eftir slysið í desember.

Hann er fæddur og upp-alinn í Hveragerði og flutti í bæinn tíu ára. Þar fór hann í Langholtsskóla í tvö ár, flutti síðan í

Grafarvog og kláraði grunnskólann þar. „Eftir það fór ég í Skóga-skóla undir Eyjafjöllum og var þar í tvö ár, það var mjög gaman. Svo fór ég eina önn í FSU og svo var bara minni skólagöngu lokið. Svo tók ég knattspyrnuþjálfaranám-skeið og svoleiðis spillerí,“ segir Siggi. Hann segir að bóklegt nám hafi margt komið upp í huga hans, „en það var einhvern veginn allt annað mikilvægara á þessum tíma. Maður þoldi ekki að vera blankur og vildi vinna og svona. Algjör vitleysa sko.“

Hann segist mjög harður á því að börn hans klári nám og sjálfan hefur hann aldrei langað jafn mikið í skóla eins og núna. Siggi hefur starfað við múrverkið í tuttugu ár. „Ég kláraði aldrei skólann, en alltaf fundist þetta gaman einhvern veginn og henta mér, at í þessu inni á milli og já, bara skemmtilegt, mjög skemmtilegt.“

Núna er maður á þínu krossgötum og sennilega ekki að fara að múra aftur. Með enga menntun á bak við sig og lélegt grunnskólapróf, þá fer maður að hugsa upp á nýtt hvort sé ekki sniðugt að ná sér í einhver réttindi. Það er ekki mikil eftirspurn eftir fótspúnnum mönnum með athyglisbrest og lélegt grunnskólapróf.“

„Og miðaldra,“ bætir blaðamaður við. „Já, og miðaldra,“ segir Siggi og hlær, „þú sérð þetta ekki í atvinnuauklýsingum. Ég er opin fyrir öllu.“

Ikea-ferð Siggi mundi eftir að mæta með handskrifaðan innkaupamiða.

Fór í drasl eftir bílslys á adventu

„Þetta var einn af þessum dögum þegar maður á ekki að fara fram úr,“ segir Siggi um 12. desember 2018. „Ég hætti snemma í vinnunni og var að keyra heim þegar ég datt bara út, einhver sauðsháttur. Það kom bíll á móti og ég sveigði á minn vegarhelming en þá kom hinn bíllinn í hliðina á mér. Maður fór í drasl en það er allt að koma. Ég man ekkert rosa-lega vel eftir þessu, hausinn er magnaður, maður blokkar út rest. Ung stelpa var í hinum bílnum, hún slapp ótrúlega vel, bara nánast alveg. Sem betur fer, það hefði verið töluvert erfiðara að lifa með þessu hefði það ekki verið.“

Siggi braut olnboga, úlnliði, læri og ökkla. „Þetta fór eiginlega allt í spað, nema höndin slapp vel. Ég er allavega orðinn góður í henni. Hitt fór helvíti illa og það tekur tíma að jafna sig á því,

en það kemur vonandi að mestu leyti til baka,“ segir Siggi sem var á spítala í fimm vikur og í hjólastól í rúma tvo mánuði. „Það var ekki gaman, það var rosa munur að komast á hækjur.“

Ég var með góða æfingu, þar sem ég slasaði mig illa árið 2011 og þá var ég á hækjum í meira og minna ár. Ég fékk vinnuvél á löppina á mér, braut allt í hnénu og var í stöðugum aðgerðum þá, þannig að ég er kominn með gott safn af nögglum. Mér telst til að ég hafi verið með átján, svo var tekin ein og hálf skrúfa, þannig að ég er með sextán og hálf, held ég, í löppunum. Það er títaníum í þessu og það pípír ekki, það er út af einhverju öðru sem pípír á mig.“

Siggi var með lágmarks-tryggingar þegar hann lenti í slysinu, bara þessar dæmigerðu slysatryggingar. „Maður verður ekki ríkur af þessu, það er alveg á hreinu. Ég hefði tryggt mig betur ef þetta hefði átt að bjarga fjárhagnunum.“

Eftir slysið Siggi var á spítala í fimm vikur á adventu 2018.

Landspekkur sem Costco gaurinn

Siggi varð landspekkur og fékk nafnbótina Costco gaurinn þegar myndband af honum í versluninni varð „viral“ á netinu. „Ég var í Amsterdam ásamt þremur vinum mínum þegar Costco var að opna, við vorum að fylgjast með á netinu og fannst það geðveikt myndband hvað fólk var að missa sig yfir þessu og ég pantaði mér kort þarna úti. Svo þegar ég kom heim og fór að sækja kortið tók ég upp myndband sem átti að verða einkahúmor okkar á milli og setti það á Facebook. Það fór síðan á eitthvert flug og þá varð eiginlega ekki aftur snúið. Ég varð að halda þessum bolta á lofti því ég er náttúrulega athyglissjúkur og þetta var auðveldasta athygli sem ég hef nokkurn tíma fengið, 100 þúsund áhorf á eitthvert myndband þetta var bara „no brainer“.“

Hádegis tilboð
alla virka daga frá 11.30 - 14.00

Humarsúpa
brauð & Þorskspjót
2.850 kr

Sægreifinn
Geirsgötu 8 • 553 1500

BORG
BRUGGHUS



„Að brjóta í sér beinin er hégómi við hliðina á því að glíma við djöfla í hausnum á sér



Eftir nokkrar ferðir í Costco var Siggí orðinn uppiskroppa með pláss heima hjá sér. „Ég var með 200 rúllur af klósettpappír og tíu lítra af súrsætri sósu og eitthvað svona sem mig vantaði bara ekki neitt, þannig að ég hef ekki farið í Costco lengi. Mér fannst mig vanta þetta, en auðvitað vantaði mig ekkert af þessu, en ég hef til dæmis ekki keypt klósettpappír núna í ár.“

Hann gerði sér stundum ferð í Costco bara til að geta tekið upp myndband, en hann hefur ekki sett inn slíkt síðan í fyrrasumar, enda bæði afsakaður vegna slyssins og einfaldlega ekki átt erindi þangað að eigin sögn. „Einhleypur maður þarf ekki að fara nema svona tvisvar á ári.“

Þekktur sem Costco gaurinn Siggí mættur aftur í verslunina eftir nokkurra mánaða fjarveru.

Athyglissjúkur einfari

Siggí hefur fundið athyglissýkinni farveg á fleiri stöðum en sem Costco gaurinn. Hann var í Útvarp Suðurlandi með morgunþátt fyrir á árum og segist hafa fengið góða útrás þar. Einnig var hann kominn á fullt með Leikfélagi Suðurlands þegar hann slasaðist og aðalhlutverk í sýningu sem gekk mjög vel meðan Siggí lá bataleguna. „Sem er leiðinlegt fyrir mig þar sem ég hélt að ég væri ómissandi,“ segir Siggí, sem lék áður aðalhlutverkið í Naktir í náttúrunni sem gekk fyrir fullu húsi þrjátíu sýningar, fyllti Þjóðleikhúsið og var valin besta áhugamannasýningin. Í henni kom Siggí nakinn fram, allt fyrir frægðina og athyglissýkina.

„Þar fékk maður aldeilis mat fyrir athyglissýkina. Ég held að þetta sé eitthvað í karakternum. Við þurftum ekki að slást um athygli bræðurnir,“ segir Siggí og bætir við að honum finnst best að vera einn. „Ég er soldið tvöfaldur að því leytnu, athyglissjúkur einfari.“

Leikfélagið var fyrsta félagsstarfið sem Siggí tók sér fyrir hendur og kom það mörgum á óvart. „Ég hef forðast félagsstörf eins og heitan eldinn, sennilega af því að þar er oftast svona rammi og ég funka illa innan hans. Ég er líka með bullandi athyglisbrest, algjör sveinhugi úti um allt og að þurfa að mæta alltaf klukkan þetta einhvers staðar, það hentar mér ekki. Að vera lengi á sama vinnustað er helvíti fyrir mér og ég verð leiður á öllu undir eins. Maður er svolítið klofinn persónuleiki.“

Siggí gekk í leikfélagið á þeim forsendum að leikritið yrði aðeins sýnt tíu sinnum eða svo. „Það kom mér á óvart með leikritið hvað mér fannst gaman. Ég er svolítið svekktur yfir að hafa ekki byr-

ast átt að leika, þetta er það alskemmtilagasta sem ég geri,“ segir Siggí, en segist of gamall fyrir leiklistarskóla, en hann muni klárlega leika meira í áhugamannaleikhúsi. Hann hefur tekið að sér veislustjórn, en ekki fundist það gaman. „Ég er með svolítið svartan húmor sem höfðar ekkert alltaf til meirihlutans, ég get ekki farið og skemmt einhvers staðar og sagt eitthvað sem mér finnst ekki myndið og stundum sjokkerar maður fólk.“

Yngri bróðir Sigga, Sólmundur eða Sóli, hefur komið mikið fram sem uppistandari og hefur Siggí einnig gert eitthvað af því. „En ef þú hefur ekki virkilega gaman af því þá gerir þú það ekki sérstaklega vel. Sóli hefur virkilega gaman af þessu og hann er mjög latur þannig að það er þægilegt fyrir hann að vera í þessu þar sem þetta er ekki erfiðisvinna,“ segir Siggí og brosir stríðnislega. „Þetta er búið að vera markmið hjá honum svolítið lengi að vera skemmtikraftur og hann er með meðfædda hæfileika í þetta. Hann hefur alltaf verið góður að herma eftir og verið mjög myndinn. Ég er svo sem talinn myndinn en þetta hentar mér alls ekki.“

Blaðamaður spyr hvort leiðsögumaðurinn komi til greina og svarar Siggí að það myndi eflaust henta honum ágætlega. Hann segist þó ekki vanur að gera framtíðarplön, helst ekki til lengri tíma en næstu tveggja til þriggja daga. „Það hefur komið vel út, það gerist alltaf eitthvað óvænt og skemmtilegt, mér finnst það mjög gaman. Þegar mér er boðið í afmæli verð ég að setja áminningu í símann og láta hann pípa, ekki daginn áður heldur sama dag.“

Í áhugamannaleikhúsi Siggí er að eigin sögn athyglissjúkur einfari.

Líkamleg slys ekkert á við andlega erfiðleika

Fyrir nokkrum árum fór Siggí yfir um andlega og var lokaður inni á geðdeild að eigin ósk. Hann segist aldrei hafa verið þunglyndur, en fékk taugaáfall í apríl 2012, um þremur mánuðum eftir skilnað. „Ég var að vakna eftir þrettán mánaða samband og vissi ekkert hver ég var og það var ekkert bjart framundan. Ég er nú mjög bjartsýnn maður að eðlisfari, en þarna var ég kominn á ystu brún og sá enga leið út nema þú veist,“ segir Siggí og á þar við sjálfsvíg, þótt hann nefni orðið ekki, „en sem betur fer gerði ég það ekki, heldur fór og lét leggja mig inn, það var ekkert annað í boði.“

Ég rankaði við mér á síðustu stundu, eiginlega, það var mjög

gott, fór í viðtöl og meðferðir og fékk ákveðin verkfæri til að takast á við kvíða og slíkt. Ég hef ekki fundið fyrir þessum einkennum síðan. Þetta kom mér algjörlega í opna skjöldu, þetta var svolítið úr mínum karakter og segir manni að það geta allir lent í þessu.“

Siggí hefur lent í tveimur alvarlegum slysum og segir þau ekkert við hliðina á andlega áfallinu. „Að brjóta í sér beinin er hégómi við hliðina á því að glíma við djöfla í hausnum á sér.“ Hann segir mikilvægt að horfa á andleg veikindi alveg upp á nýtt: „Þetta kostar ekkert smá mörg mannslíf á hverju ári. Og ef þú kemst inn á geðdeild þá er þér hent út daginn eftir eins og með mig, ég hefði ekki þurft að vera lengur, en það eru örugglega aðrir sem eru sendir út of snemma. Ég held að það sé of algengt að fólk fái ekki viðeigandi hjálp.“

Það verður að fara að stokka upp í þessum málaflokki, þetta er skelfilegt. Ef það myndu 35 karlmenn lenda í bílslysum á hverju ári, þá yrði eitthvað gert, það yrði stofnuð nefnd og fleira. Það er allt of mikið vesen að leita sér hjálpar, ég varð hreinlega að segja að ég væri að fara að drepa mig til að fá að kom-

ast inn á geðdeild. Ég varð að láta loka mig inni, það var það sem var,“ svarar hann aðspurður hvort að viðtalsmeðferðir hefðu ekki nægt. „Þetta var það alvarlegt, það var svona þriggja mánaða aðdragandi að þessu, ég var steinhættur að sofa og ég fann að ég varð að fara inn á geðdeild.“

Blaðamaður spyr hvort andlegir erfiðleikar hafi aftur látið á sér kræla þegar hann lenti í bílslysini í fyrra. „Ég var svo glaður að vera á lífi að ég leyfði mér ekki að hleypa neikvæðum hugsunum inn. Auðvitað er maður oft neikvæður og fúll, en ef maður leyfir því að taka yfirhöndina þá geta bara hræðilegir hlutir gerst. Andlegir sjúkdómur eru miklu, miklu verri en einhver beinbrot, ég tala bara af eigin reynslu um það. Þegar þú ert búinn að kynna þér að vera svona í hausnum, það er sársauki sem er ekki hægt að lýsa, það verður allt svo lítilfjörlegt við að lenda í slíku.“

Siggí segir að það hafi hjálpað honum mikið í bataferlinu að hann hann fékk að vera með börnin sín. „Ég var mjög mikið með þau á eftir og það hjálpaði mér mjög mikið.“

Ég hefði ekki viljað missa af andlegu erfiðleikum, það er svo skýtið þar sem þetta var erfiðasti

tími lífs míns. Ég hef aldrei þroskast jafn mikið á stuttum tíma eins og þá, ég hefði aldrei sagt það þá, en geri það í dag þótt þetta hafi verið ógeðslegur tími. Sumir ná sér aldrei af svona, og verða hreinlega öryrkjar, ég hef fullan skilning á því. Ég var bara heppinn, það var ekkert öðruvísi.“

Blaðamaður og Siggí eru sammála um að minnka þurfi forðoma gagnvart andlegum sjúkdómum, þar sem margir veigri sér við að leita hjálpar vegna forðoma. „Þetta verður aldrei 100 prósent leyst, en það er klárlega hægt að gera miklu miklu betur, hvað heldur þú að það myndi spara ríkissjóði mikla peninga að laga þetta. Þetta er allt saman skóli ef maður tekur því rétt og setur sig ekki of mikið í fórnarlambsgírinn. Það hefur aldrei neitt slæmt komið fyrir mig nema ég hafi átt sök á því sjálfur, en svo á maður ekkert að kenna alltaf sjálfum sér um og berja sig. Þú munt alltaf finna utanaðkomandi aðstæður sem eru vondar fyrir þig og auðvitað kemur fyrir að einhver gerir þér eitthvað illt, en þú mátt ekki hjakka stöðugt í því. Hver er sinnar gæfu smiður, það er bara þannig.“ ■

Hágæða blautfóður frá Þýskalandi

25%

afsláttur

Margar bragðtegundir Hentar vel fyrir matvanda

gæludýr.is

www.gaeludyr.is

Jóri hvetur fólk til að hugsa vel um umhverfið

Í heimildabáttunum Hvað höfum við gert? sem sýndir eru á RÚV er fjallað um loftslagsbreytingar á jörðinni, hvað valdi þeim, hvaða áhrif þær hafi og hvernig við getum brugðist við þeim. Fjallað er um áhrif neysluhyggju nútímans á loftslagsbreytingar og hvaða lausnir við getum komið með til að draga úr breytingunum og aðlagast nýjum og sjálfbærari lífnaðarháttum.

Ragna Gestsdóttir
ragna@div.is



Þættirnir hafa hreyft við mörgum og vakið upp umræðu í þjóðfélaginu. Jór-mundur Kristinsson, eða Jóri, 27 ára gamall nuddari og hjúkrunarfræðinemi sem búsettur er í Grindavík er einn af þeim sem urðu fyrir miklum áhrifum vegna þáttarins. Helgina sem fyrsti þátturinn var sýndur stofnaði hann hóp á Facebook, Hvað getum við gert?, þar sem „markmiðið er að fá fólk til að tala saman, deila, spá og spekulera, því við getum þetta ekki nema saman.“

Jóri segir: „Ég hef miklar áhyggjur af lífsháttum okkar og áhrifum sem við höfum á umhverfið og lífríkið. Ég hef á síðustu árum verið að taka mína lífshætti í gegn og reynt að gera þetta litla sem venjuleg heimili geta gert. Ég horfði síðan á þáttinn Hvað höfum við gert? á RÚV um daginn og ég hreinlega grét. Ég áttaði mig á að það þarf að gera svo miklu meira en að flokka rusl og fara með fjölnota poka út í búð. En hvað? Hvað getum við gert? Þannig kom hugmyndin að hópnum. Hálfgerst svar við þessum þætti og þessu vandamáli. Þarna getur fólk deilt hugmyndum og vangaveltum, gjörðum og markmiðum sem stefna á betri lífshætti.“

En hvaða skref ert þú sjálfur að taka til að hugsa betur um jörðina, endurvinnna og annað?

„Ég reyni að minnka plastnotkun þar sem ég get, nota sápur, sjampó, tannkrem, tannbursta sem eru ekki í umbúðum til dæmis. Ég

segi nei við einnota drasli eins og kaffibollum, hnifapörum og rörum. Ég keyri um á hybrid-bíl, ég borða ekki kjöt, ég kaupi ekki föt nema þau hafi vottun um sanngjarna og sjálfbæra framleiðslu. Þetta eru hlutir sem allir geta gert,“ segir Jóri og bætir við að þetta hafi engin áhrif á lífnaðarhætti manns, en ef allir gerðu þetta hefði það stór áhrif á heildarmyndina.

„Þú þarft ekki nýjasta tækið, nýjasta bolinn, nýjasta þetta og nýjasta hitt. Láttu hlutina endast, á bak við hvern hlut sem þú átt er stór slóð af framleiðsluferli, sem því miður er ekki alltaf fallett, þetta er ekki einnota og þetta vex ekki á trjám. Við þurfum ekki allt. Ég sjálfur er alls ekki saklaus, en ég er alltaf að reyna að gera betur, og það ættu allir að gera.“

Myndi verðlaunakerfi hvetja fólk til endurvinnslu?

Jóri býr í Grindavík og nýlega kom græna tunnan í bæjarfélagið. Jóri segir að fólk sé að reyna að endurvinnna, en hins vegar sé lítil hvatning til þess. Sem dæmi megi nefna vandamál í fjölbýli, þar séu of fáar tunnur, þær fyllist fljótt og fólk gefist upp. „Það nennir ekki



að flokka því það er ekki pláss í tunnunni. Mér finnst líka að til að þetta virki þá þyrfti að vera smá verðlaunakerfi, líkt og með dósir og endurgjald eða eitt-hvað í þá áttina. Ég veit ekki hvernig, en kannski veit það einhver annar, til þess er hópurinn. Veist þú hvernig við getum vakið áhuga hjá fólki að flokka rusl?“

Hópurinn fór vel af stað og strax á fyrsta degi voru meðlimir orðnir 200, í dag eru þeir að nálgast 500. „Fólk er að taka þátt í umræðum og það eru margir að gera heilmikið til að skilja minna fótspor eftir sig. Ég vona að fleiri komi í hópinn og taki þátt í umræðunni. Við verðum að gera eitthvað, við komumst ekki hjá því, ekki lengur. Gerum þetta saman. Verðum góðar fyrirmyndir og skiljum eftir betri heim fyrir komandi kynslóðir.“

Hér fyrir neðan eru nokkrar setningar úr fyrsta þætti Hvað höfum við gert?

„Jörðin er eina heimili okkar og við erum að fara illa með hana.“

„Það að draga úr neyslu, nota minna af auðlindum, fara betur með, það er kjarni málsins. Við leysum ekki vandamál með því að búa til meira drasl með betri hætti. Við leysum vandamálið með því að nota minna drasl.“ – Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur

„Við gætum orðið fólkið sem tók það á sig að breyta framtíðinni til góðs.“ – Guðni Elísson, prófessor við íslensku- og menningar-deild HÍ

„Eins og staðan er í dag þá erum við á braut sem er stórhættuleg.“ – Halldór Þorgeirsson, formaður Loftslagsráðs

„Þessi áhrif eru alþjóðleg, það er ekki hægt að flýja eitt né neitt.“ – Guðmundur Hálfðánarson, forseti Hugvísindasviðs HÍ

„Ósjálfbær lífsstíll okkar mannanna breytir ekki aðeins veðurfari og loftslagi á jörðinni heldur útrýmir dýra- og plöntutegundum, mengar vatn, sýrir hafid og sóar og ofnýtir dýrmætar og takmarkaðar auðlindir. Náttúran ræður ekki við hvernig við högum lífi okkar, svo vistkerfið lætur undan.“ – Sævar Helgi Bragason, umsjónarmaður þáttanna

„Njótum partísins meðan það endist og svo er þetta búíð.“ ■

Castello
PIZZERIA

ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR
WWW.CASTELLO.IS

PANTAÐU
Á NETINU

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bila eða flytja þarf þá á verkstæði



KRÓKUR
á þinni leið

Suðurhraun 3, 210 Garðabær



LIVE THE WAY YOU RUN. RUN HAPPY.



Vorlínan af Brooks skónum er komin í



Ghost
20.990 kr.



Glycerin
23.990 kr.



Transcend
24.990 kr.



verslanir okkar í Bæjarlind og Orkuhúsinu

*ATH! Fleiri týpur til sölu í verslunum okkar



Adrenaline
20.990 kr.



Cascadia
20.990 kr.



Cascadia
GTX
25.990 kr.



EINS OG FÆTUR TOGA

Sími: 55 77 100 www.gongugreining.is

Frægir Íslendingar

Feringar eru framundan, en þær fyrstu verða 24. mars. Samkvæmt tölum Hagstofunnar eru einstaklingar sem verða 14 ára í ár um 4.300 talsins og því ljóst að mikill fjöldi mun fermast, þó að alltaf séu einhverjir sem kjósi að sleppa því. Þau okkar sem hafa fermast eiga minningar um fermingardaginn; góðar, slæmar, vandræðalegar, fyndnar og allt þar á milli. DV fékk nokkra þekkt einstaklinga til að rifja upp fermingardaginn og deila með lesendum mynd og minningu frá þessum merkisdegi.

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Margrét Erla Maack danskennari og veislustjóri, 26. apríl 1998, Dómkirkjan

„Ég var mikill lúði í kringum ferminguna mína og vildi ekki fylgja tiskustraumum og er gríðarlega þakklát fyrir það í dag. Ég fermdist í klassískum brúðarkjól móður minnar og hannaði fermingargreiðsluna með hárgreiðslukonunni upp úr nokkrum myndum úr tiskublöðum, en ekki í kínakjól og kuldaskóm eins og margar vin-konur og mamma setti á mig eyeliner í fyrsta sinn. Veislan var geggið og stóð yfir næstum að miðnætti, stúf full af skemmtiatriðum og ræðum, dansatriði og frábærum heimatilbúnum mat úr ástareldhúsi foreldra minna.“



Listamaðurinn Odee, Oddur Eysteinn Friðriksson, 6. apríl 1997

„Það var eftirminnilegur dagur því amma mín fótbrotnaði í kirkjunni og sjúkrabíll þurfti að sækja hana í miðri athöfn. Hún sagði að það hefðu verið djöflar í kirkjunni. Í veislunni heima var ég í dökkblárrí skyrtu og með fyrsta bindið mitt. Bindið hafði ég valið sjálfur en það var rautt með teikningum af sólum með sólgleraugum.“



Birgir Örn Guðjónsson, lögreglumaður, 12. apríl 1990

„Af einhverjum ástæðum man ég nánast ekkert eftir þessum degi. Ég held samt að þetta sé rétt fermingardagsetning. Ég veit ekki hvort þetta minnisleysi sé vegna þess að dagurinn var svona nauðaðmerkilegur eða að hann hafi verið svo hræðilegur að þetta séu náttúruleg verndarviðbrögð sálarinnar. Kannski tók svona á að segja „hénna, takk fyrir komuna og gjörð þið svo vel“ við gestina. Ég man samt að veislan var heima og að ég fékk meðal annars forlata fyrstu kynslóð af Hyundai PC tölvu með grænum skjá c:\gelgju-skeið>dir.“



VEGGKLÆÐNINGAR

Fyrir allar gerðir húsa, ný jafnt sem gömul, fjöldi lita og gerða

Kostirnir eru ótvíræðir:


- Fallegra hús
- Ekkert viðhald

FEGURÐ
ENDING
MÝKT



ÁLYAK


Ál er okkar mál • Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 4100 • altak.is



Bráinn Freyr Vigfússon kokkur og eigandi ÓX og Sumac Grill + Drinks, 9. mars 1995

„Man bara eftir glæsilegu hlaðborði í veislunni. Já og ég spurði séra Hjálmar Jóns hvaða vikudag pálmasunnudagur væri eiginlega.“

Á fermingardaginn



Atli Steinn Guðmundsson lagerkall, prófarkalesari og fréttaritari, 27. mars 1988

„Það var fallegur sunnudagur, 27. mars 1988, þegar séra Bragi Friðriksson heitinn sletti á mig skinninu, eins og það var kallað til forna þegar illa uppfrætt barn var fermt. Þetta var í Garðakirkju og lítið rætt um það á þessum tíma hvort nafnalistar fermingarbarna í fjölmiðlum teldust birting viðkvæmra persónuupplýsinga um trúarskoðanir. Ég valdi mér ritningargrein úr sálmum Davíðs í von um að komast að því hvar hann hefði keypt ölið þrátt fyrir bjórbann sem enn gildi á Íslandi þetta vor. Síðar tók ég ásatru en hef nú snúist til búddisma.“




Sveinn Hjörtur Guðfinnsson, ráðgjafi og einn af stofnendum Miðflokksins og annar varaborgarfulltrúi flokksins í Reykjavík, 14. apríl 1985, Breiðholtskirkja

„Prestur var séra Lárus Halldórsson heitinn sem var prestur í Breiðholtskirkju. Á þessum tíma var kirkjan í byggingu og því fór athöfnin fram í Bústaðakirkju.



Ég fékk Sanyo útvarps- og kassettutæki sem var með tvöföldum kassettuspilara. Það þótti því vinsælt að taka upp vinsældarlista Rásar tvö. Ég fékk alls 27 þúsund krónur í peninga og veislan var haldin heima hjá mér. Um kvöldið þegar ég lagðist þreyttur til svefns hafði mamma keypt ný rúmföt og búið um rúmið mitt. Líklega hef ég aldrei sofnað eins vel enda frábær dagur sem var að baki.“



Bjarni Hafþór Helgason, tónskáld og fyrrum fjölmiðlamaður, 2. maí 1971, Húsavíkurkirkja

„Ég vildi ekki láta taka af mér sérstaka fermingarmynd, þannig að hún er ekki til. Ég fékk góðar hefðbundnar fermingargjafir en þó vakti nokkra athygli gjöfin frá foreldrunum en það var 22 calibera riffill. Ég var 14 ára og þurfti að bíða í tvö ár með að fá að skjóta úr honum en á þessum tíma fékk maður búsuleyfi 16 ára. Ég hafði mikið talað um að það væri stóri draumurinn minn að eignast riffil, pabbi og mamma ákváðu að láta það eftir mér og gerðu mig alveg himinsælan. Það var tekin af mér ein ljósmynd með riffilinn á fermingardeginum en hvernig sem ég leita þá hef ég ekki fundið hana, en hún kemur vonandi í leitirnar einhvern tímann. Ég held að skotvopn séu ekki algeng í gjafapökkum fermingarbarna, hvorki fyrir né síðar.“



Ingólfur Ragnarsson Geirdal, tónlistar- og töframaður, 25. apríl 1982


„Ég fermdist vorið 1982 og fékk frá foreldrum mínum utalandsferð til frænku minnar sem þá bjó í Seattle, heimabæ Jimi Hendrix. Fyrir fermingarpeningana keypti ég minn fyrsta rafmagnsgítar og bassa handa Silla bróður ásamt vinylplötum með Alice Cooper, AC/DC, Deep Purple, Jimi Hendrix og fleirum. Hljóðfærin voru ódýrar eftirlíkingar en dugðu okkur til að læra eftir plötunum og má segja að þarna hafi verið lagður grunnurinn að tónlistarsamstarfi okkar bræðra, sem hefur varað æ síðan.“



Ekki flækja málin.

VIÐ SÆKJUM BÆTURNAR

SLYSABÆTUR.IS



Skagarokk stranddaði á skeri

■ Tónleikar Black Sabbath og Jethro Tull ■ Fyrirbætur Krossara ■ Gríðarlegt tap

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Skagarokk var í senn mesta ævintýri íslenskrar tónlistar og ein harkalegasta brotlendingin. Nokkrir bæjarbúar á Akranesi tóku sig saman og pöntuðu tvær af stærstu rokksveitum veraldar til að koma og spila í íþróttahúsinu í tilefni af afmæli bæjarins. Tónleikarnir ollu titringi, bæði hjá aðdáendum og guðhræddum efasemdarmönnum.

Hróarskelda Íslands

Í byrjun árs 1992 var tilkynnt að tvennir stórir tónleikar skyldu haldnir á Akranesi um haustið í tilefni af afmæli bæjarins. Þá voru fimmtíu ár síðan Ytri-Akraneshreppur fékk kaupstaðarréttindi. Ekki dugði að panta Sálina hans



Black Sabbath Aðeins 250 miðar seldust.

Jóns míns eða Stuðmenn til þess að fagna slíkum tímamótum. Nei, nokkrar af stærstu rokkestjörnum veraldar skyldu koma spila í íþróttahúsinu helgina 25.–26. september þetta ár; skosku rokkararnir Jethro Tull á fyrra kvöldinu og myrkraprinsinn sjálfur, Ozzy Osbourne, á því seinna.

Sigurður Sverrisson, ritstjóri Skagablaðsins, var forsvarsmáður þeirra sem að tónleikunum stóðu.

En auk hans lögðu tveir aðrir ofurhugar, tvenn félagasamtök og þrjú fyrirtæki í bænum út fyrir tónleikunum. Að flytja inn tónlistaratriði til Íslands er ávallt fjárhagsleg áhætta en tónleikahaldararnir voru búnir að reikna út að þeir þyrftu að fá 3.000 gesti í heildina til

þess að koma út á sléttu. Á hvort kvöldið gátu þeir selt 2.500 miða, á 3.200 krónur í forsölu eða 3.800 á staðnum.

Strax var farið að tala um að gera Skagarokk að árlegum viðburði og hugtakinu



Ian Anderson Forsprakki Jethro Tull.



Gunnar Þorsteinsson Forstöðumaður Krossins.

„Hróarskelda Íslands“ hent fram. Einnig var gantast með að Reykavíkingar öfunduðust út í Skagamenn fyrir að geta haldið tónleikana.

Bedið fyrir vesalingum

Strax heyrðust mótbáru frá guðhræddum. Gunnari Þorsteinsyni, forstöðumanni Krossins, leist illa á að Ozzy kæmi til landsins enda væri hann hvað verstur af óguðlegum þungarokkurum.

„Við munum biðja Guð um að hreinsa þessa óværu af landinu sem allra fyrst og hjálpa þessum vesalingum á Akranesi, sem eru að kalla þetta yfir sjálfa sig og æskulýðinn þar,“ sagði Gunnar í samtali við Tímann þann 30. janúar 1992.

„Ozzy Osbourne er einn af forvígismönnum illskunnar í tónlistinni og hefur verið faðir þessara djöflatónlistarmanna meira og minna, enda hefur hann verið sýktur bæði af lyfjum og djöflum alla sína tíð. Þetta er maður kominn fast að fimmtugu og á alveg ótrúlegan feril að baki. Við munum biðja fyrir Akurnesingum á okkar bænastundum hér í Krossinum, því þetta er ljót sending fyrir þetta góða bæjarfélag.“

Var þetta ekki í fyrsta sinn sem meðlimir Krossins báðu fyrir tónleikagestum á þennan hátt. Töldu þeir sig hafa verið bænheyrða þegar tónleikar Whitesnake í Reiðhöllinni árið 1990 og



Mottur setja punktinn yfir i-ið á heimilinu.

Persía er sérdeild innan Parka með stök teppi og mottur. Við bjóðum upp á sérvalin handhnýtt austurlensk teppi og fjölbreytt úrval af vönduðum vélofnum gervi- og ullarteppum.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Persía



DRAUMA

STARFSMANNAFERÐIN

FJÓRHJÓL - HÓPEFLI - MATUR - OGFL.

FÁÐU TILBOÐ
Í ÞINN HÓP

4x4
ADVENTURES
ICELAND

www.atv4x4.is - atv4x4@atv4x4.is - 857 3001



PAPA'S RESTAURANT

FISKUR - PIZZA - STEIKUR - BORGARAR

www.papas.is - Hafnargata 7a - 240 Grindavík - 774 4444

tónleikar Poison og Quireboys í Kaplakrika mistókust.

Sigurður svaraði Gunnari og sagðist ekki óttast fyrirbærinnar.

„Mér finnst það slæmt ef menn ætla að biðja á þann veg að aðrir skaðist á því,“ sagði hann. „Spurningin er hvort frelsunin er þá meira virði en tjónið sem af því getur hlotist, því er spurning hvort þetta fólk er skaðabótaskyld.“

Sagði hann að þungarokkarar væru ekki útsendarar djöfulsins og að Ozzy hefði tekið sér tak undanfarin ár. Væri hættur í eiturlyfjum og orðin ráðsetjari.

Handklæði og pottaplöntur

Hvort sem það var vegna fyrirbæna Krossara eður ei, þá fór svo að Ozzy komst ekki á Skagarokk. Í staðinn var ákveðið að fá hans gömlu félagi úr Black Sabbath til að fylla í skarðið. Þá voru eftir Tony Iommi og Geezer Butler úr upprunalegu hljómsveitinni og sjálfur Ronnie James Dio hafði tekið við hljóðnemanum.

Þann 25. apríl sagði Sigurður við DV að forsalan hefði farið vel af stað. Næstum allir miðar í sæti á Jethro Tull hefðu klárast á fyrsta degi. Áhuginn á tónleikum Black Sabbath væri einnig mikill þó að ekki hefði selst jafn vel á þá. Sigurður sagðist hafa tekið við miðapöntun frá manni á Húsavík sem var svo spenntur að hann hefði komið gangandi og það þó að miðinn myndi kosta 15 þúsund krónur.

Um sumarið byrjaði spennan að magnast. Fréttir bárust af því að meðlimir Jethro Tull hefðu beðið um alls konar skringilega hluti, eins og rokkstjörnurnar gera oft. Vitaskuld báðu þeir um ákveðinn fjölda handklæða, öll ný en þvegin einu sinni. Þá þurftu tíu tveggja metra háar pottaplöntur að vera til staðar og hringlaga borð með fjórum stólum að hætti franska kaffihúsa. Einnig bárust fregnir af því að meðlimir Black Sabbath, líkt og Ozzy sjálfur, væru í stanslausum barningi við ameríska sértrúarsöfnuði.

Sigurður Sverrisson
Talsmaður tónleikahaldara.



Mikið tap

Hin mosfellska rokk sveit Gildran var fengin til að hita upp fyrir Jethro Tull. Þeir voru orðnir alvanir enda höfðu þeir hitað upp fyrir Uriah Heep, Status Quo og Nazareth. Um tíma var ætlunin að breska sveitin UFO hitaði upp fyrir Black Sabbath. En svo fór að hinir norsku Artch með Eirík Hauksson í fararbroddi sáu um það.

Loks kom að tónleikahelginni. Tónleikar Jethro Tull tókust mjög vel og mikil stemning. 1.500 miðar seldust, sem átti að vera nóg til að halda tónleikum á pari, það er ef það sama tækist seinna kvöldið. En á Black Sabbath mættu einungis 250 manns og margir á útsölumiðum. Ekkert var hins vegar upp á hljómsveitina sjálfa að klaga.

Um viku eftir tónleikana greindi Sigurður frá því að umtalsvert tap hefði verið á tónleikumunum, 2,5 milljónir króna þegar allt var tekið til. Var þetta umtalsvert meira tap en tónleikahaldarana hefði getað órað fyrir. Kom þá í ljós að einnig hefði orðið tap á hljómsveitum Jethro Tull.

Jagger eða McCartney

Skömmu eftir að tapið af Skagarokki var kunnert fóru að heyrast kvittir um að tónleikahaldararnir ætluðu að reyna að endurheimta tapið með öðrum

tónleikum. Þá ekki þungarokkstónleikum á Akranesi heldur stórtónleikum í Reykjavík.

Þann 15. október var greint frá því í Pressunni að verið væri að hugleiða „stórt nafn“ en Sigurður vildi ekki segja um hvern væri að ræða. Áreiðanlegar heimildir blaðsins voru þær að það væri annaðhvort Mick Jagger eða Paul McCartney. Fyrst var farið á fjórurnar við Jagger sem var að gefa út sólóplötu. Síðan McCartney.

Af þessu varð hins vegar ekki og aðstandendur Skagarokks sátu uppi með tapið, það er að segja allir nema Sundfélag Akraness.

Sundfélaginu bjargað

Tæpu ári eftir Skagarokk, í júní árið 1993, sagði Sigurður við DV að ævintýrið hefði verið tilraun sem mistókst, lottó sem ekki gekk upp. Þá var ljóst að heildartapið var átta milljónir. Aðstandendurnir sóttu um styrk hjá bænum en fengu ekki. Sundfélagið hafi hins vegar fengið styrk upp á sömu upphæð og þeir lögðu undir sem áhættufé. Sá styrkur var merktur sem tækjakaupastyrkur.

„Þetta er of mikið tap fyrir venjulegar sálir og því halda þessir aðilar ekki aftur rokkhátíð á Akranesi á þessari öld,“ sagði Sigurður. Kannski voru Krossarar því bænheyrðir eftir allt saman. ■



Kórar sameinaðir gegn djassinum

Dagana 28. til 29. júní árið 1945 fór fram sjötti aðalfundur Landssambands blandaðra kóra í Reykjavík. Í sambandinu voru átta kórar og 320 söngfélagar. Á aðalfundinum voru mættir fulltrúar úr kórnum auk formanna og söngstjóra.

Brynjólfur Sigfússon, söngstjóri frá Vestmannaeyjum, bar upp brýnt erindi á fundinum; uppgang djassins á Íslandi og áhrif hans á ungu kynslóðina.

Lagði hann fram tillögu um að vinna bæri að því að draga sem mest úr áhrifum djassins. Var tillagan samþykkt einróma.

Gerræði landssambandsins stöðvaði ekki þar. Á fundinum var einnig samþykkt tillaga um að skorað yrði á stjórnvöld í landinu um að gera stafróf tónfræðinnar að prófskyldri námsgrein og þá bæði í efri bekkjum barnaskólanna og öllum æðri skólum landsins.



Nýr banki og nýr gjaldmiðill

Heilbrigðis- og hamingjubankinn

Ilok ársins 1913 gaf Egill V. Sandholt prentari út nýárskort í formi ávísana. Ávísanirnar voru frá Heilbrigðis- og hamingjubanka Íslands og áttu þær að færa fólk „þrjú hundruð sextíu og fimm gleðilega og hamingjusama daga.“ Egill teiknaði sjálfur ávísanirnar sem voru mjög smekklega úr garði gerðar eins og segir í Morgunblaðinu þann 5. desember árið 1913.

Ávísanirnar voru prentaðar næstu árin en einnig kom það



fyrir að nýárskveðjur voru birtar í blöðunum í formi ávísana frá Heilbrigðis- og hamingjubankanum.

Upp úr 1920 virðist síðurinn hafa lagst af og hamingjubankinn hafa lagst í híði í hálföld. Þann 20. nóvember árið 1968 var hins vegar greint frá því í Vísi að „nýr banki og nýr gjaldmiðill“ hefði verið stofnaður. Voru þetta sömu ávísanirnar nema hvað innilegum jólaóskum hafði verið bætt við nýárskveðjurnar.

sass & belle

Kreidur.is • Auðbrekka 6 • Sími 822 7242

HREIDUR.IS



Þríburarnir sem fundu hver annan

Aðskildir á kaldrifjaðan hátt og notaðir til tilrauna

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Hlár haustdagur í byrjun september 1980 var um margt mjög sérstakur fyrir Robert (Bobby) Shafran, 19 ára, frá Scarsdale, sem er skammt frá New York-borg. Upp var runninn fyrsti dagur hans í Sullivan Community College í Loch Scheldrake. Margir nemendur sem hann mætti, heilsuðu honum innilega, buðu hann velkominn aftur og allir kölluðu þeir hann Eddy.

Þetta vakti að vonum nokkra undrun hjá Bobby þar sem hann hafði aldrei áður komið þarna. Þegar hann sagði fólki að hann hét Bobby en ekki Eddy brosti fólk, klappaði honum á öxlina, faðmaði og hló. Þegar hann hafði fundið herbergi sitt á heimavistinni flýtti hann sér inn og læsti. Augnabliki síðar var bankað. Það var Michael Domnitz, sem hafði verið herbergisfélagi Edwards (Eddy) Galland önnina á undan. Hann vissi að gamli herbergisfélagi hans hafði alls ekki í hyggju að koma aftur í Sullivan Community en maðurinn, sem stóð fyrir framan hann, var nákvæmlega eins og Eddy Galland, í smáatriðum.

„Ert þú ættleiddur og fæddur 12. júlí 1961?“

Spurði hann vantrúaður. Bobby

svaraði báðum spurningunum játandi.

„Þú átt tvíburabróður.“

Þetta grunaði hvorki Bobby né fjölskyldu hans. Ungu mennirnir voru í uppnámi yfir þessari uppgötvun og hlupu í næsta símaklefa og hringdu í Eddy Galland sem bjó á Long Island með foreldrum sínum. Skömmu síðar settust þeir upp í Volvo-bifreið Bobbys og óku í einum áfanga til Long Island en þangað komu þeir seint um kvöld. Þeir knúðu dyra og Eddy opnaði. Tvíburarnir stórðu á spegilmynd sína

Eins og lygasaga

Fjölmíðlar fengu fljótlega veður af málinu og byrjuðu að fjalla um Bobby og Eddy sem höfðu verið aðskildir sex mánaða gamlir og komið í fóstur hjá sitthvorri fjölskyldunni. Nokkrum vikum síðar lagði nemandi við Queens College í New York dagblað fyrir framan skólalabroður sinn, David Kellman, og benti á ljósmynd af Eddy og Bobby. David stífnaði upp og horfði vantrúaður á myndina. Eddy og Bobby líktust honum í einu og öllu. Hann hringdi í Eddy og nokkrum dögum síðar voru þríburarnir sameinaðir á nýjan leik.

Bræðurnir höfðu alist upp við mjög mismunandi aðstæður. Bobby hjá fjölskyldu í efstu lög-



Eddy, Bobby og David
DV hefur ekki vitneskju um hver er hver.

um samfélagsins, Eddy hjá millistettarfjölskyldu og David hjá verkamannafjölskyldu.

Eftir að þríburarnir hittust og saga þeirra var opinberuð undruðust margir að enginn hefði sagt þeim að þeir væru þríburar. Þá vakti það undrun að þremur árum áður en fjölskyldurnar ættleiddu drengina höfðu þær allar ættleitt stúlkur og þá í gegnum Louise Wise Service. Þetta truflaði þó ekki þríburana sem svifu nánast á skýi og nutu samvistanna.

„Við erum stór fjölskylda og við elskum hver annan.“

Sögðu þeir einum rómi í viðtali við NBC Today 1980 og bættu við að þeir hlökkudu til að eiga gott líf saman. Þeir voru stöðugt í kastljósi fjölmíðla, innanlands sem

utan. Þeir fluttu að lokum saman í íbúð í Queens og lífið lék við þá. Eina skiptið sem þeir sýndu fortíð sinni áhuga var á fyrri helmingi níunda áratugarins en þá höfðu þeir uppi á móður sinni og heim sóttu hana. Þetta var í eina skiptið sem þeir hittu hana og því hefur verið haldið vandlega leyndu hver hún er. Hún var 19 ára þegar hún eignaðist þá. Hún upplýsti aldrei hver faðir þeirra er. Hún glímdi við andleg veikindi á þessum tíma og síðar. Hún gaf þríburana strax til ættleiðingar eftir að hún ól þá, en hún eignaðist reyndar fjórbura en fjórði drengurinn var andvana fæddur.

Líkir og ólíkir

Árið 1988 opnuðu þríburarnir veitingastaðinn Triplets Roumanian Steakhouse í Soho í New York. Reksturinn gekk vel og fyrsta árið var veltan um ein milljón dollara. En stofnun veitingastaðarins var á vissan hátt upphafið að endi hins hamingjusama lífs, sem var bara hamingjusamt á yfirborðinu. Þrátt fyrir að bræðurnir væru líkir þá kom sífellt í ljós að þeir voru einnig ólíkir á margan hátt. Einnig kom fljótlega í ljós að þeir höfðu allir glímt við andleg veikindi á barns- og unglingsaldri. Allir höfðu þeir verið lagðir inn á geðdeild en David hafði oftast verið lagður inn og hafði dvalið lengi á geðdeildum.

Þegar Bobby hóf nám við Sullivan Community College var hann næstum búinn með skilorðsbundinn dóm sem hann hlaut fyrir aðild að morði á 87 ára konu, Elodie Henchel, árið 1978. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að hann hefði ekki komið beint að morðinu en hann hafði hylmt yfir með tveimur vinum sínum sem höfðu stolið tveimur demants-hringjum frá gömlu konunni áður en þeir myrtu hana á hrottalegan hátt.

Rekstur veitingastaðarins gekk vel og frægt fólk hópaðist þangað til að umgangast þríburana. En þegar betur kom í ljós hversu ólíkir þeir voru komu brestir í samband þeirra og það varð ansi stírt. Þetta endaði með því að Bobby hætti afskiptum af rekstri veitingastaðarins 1995 og sleit öllu sambandi við

Eddy og David. Þetta fékk mjög á Eddy en honum hafði alltaf fundist hann vera nánastur bræðrum sínum. Hann glímdi við andleg veikindi og allt virðist þetta hafa orðið honum svo ofviða að hann skaut sig í júlí 1995 á heimili sínu í New Jersey. En þetta hörmulega sjálfsvíg var ekki það eina sem skók tilveru fjölskyldunnar þriggja og þeirra sem fylgdust með.

Tveimur mánuðum eftir sjálfsvíg Eddys afhjúpaði blaðamaðurinn og rithöfundurinn Lawrence Wright, hjá The New Yorker, að Louise Wise Service hefði séð um að útvega börn til tilrauna á vegum hins þekktu sálfræðings Peters Neubauer. Ekki var þá vitað um umfang tilraunanna. Þær snerust um ótilgreindan fjölda eineggja tví- og þríbura. Sumir af tvíburunum hafa síðan náð saman en aðrir ekki. En þríburarnir voru einnig á meðal tilraunadýranna.

Eins og fyrr er getið höfðu fjölskyldur þeirra einnig ættleitt stúlkur þremur árum áður en þeir voru ættleiddir. Þegar það ferli var í gangi höfðu fjölskyldurnar gefið í skyn að þær vildu gjarnan ættleidda eitt barn til viðbótar. Þegar stúlkurnar voru ættleiddar samþykktu fjölskyldurnar að Neubauer og starfsfólk hans fengi að gera próf á stúlkunum öðru hverju til að fylgjast með þroska þeirra.

Á æskuárum þríburanna og allt þar til þeir hittust 1980 komu vísindamenn reglulega heim til þeirra og fjölskyldna þeirra til að fylgjast með þeim. Meðal þess sem var kannað voru áhrif erfða og umhverfis á þroska einstaklingsins. Ein af ástæðunum fyrir þessari leynd var að mæður allra barnanna, sem tóku óafvitandi þátt í rannsókninni, voru gyðingar sem höfðu gefið börn sín til ættleiðingar í gegnum ættleiðingastofu gyðinga.

Þessari umdeildu tilraun Neubauer lauk aldrei. Neubauer lést 2008, 94 ára að aldri. Gríðarlegt magn gagna, sem hann hafði safnað í tengslum við tilraunina, er geymt í öruggri geymslu í Yale-háskólanum og má ekki opna þessi gögn fyrr en 2065. ■

Erfidrykkja

KAFFIHLAÐBORD ÝMSAR ÚTFÆRSLUR, PINNAMATUR,
SMURT BRAUÐ, TERTUR, O.FL. FYRIR ERFIDRYKKJUNA
HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810


Afgreitt á einnota fötum
tilbúið á borðið

Veislulist

HÓLSHRAUN 3, 220 HAFNARFJÖRÐUR / S 555 18 10 OG 565 1810 / VEISLULIST@VEISLULIST.IS / VEISLULIST.IS

SPENNUSAGA ÁRSINS

EFTIR HÖFUND *FORBRYDELSEN*



Ein vinsælasta spennusaga Evrópu um þessar mundir kemur frá Danmörku.



„Ef þú vilt spennu, lestu þá Kastaníumanninn.“

Boginspiration.dk



„Sérlega vel heppnaður norrænn krimmi. Þessi höfundur er í sérflokki.“

Metro

ÞORIR ÞÚ AÐ LESA ÞESSA?



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-19 | Laugardaga 11-16 | www.forlagid.is

SAKAMÁL



10 manneskjur voru sendar yfir móðuna miklu af Bandaríkjamanninum Dennis Lynn Rader. einnig þekktum sem BTK-morðingi. Rader, sem lýst var sem sadista og var einnig haldinn blæti af mishugnanlegum toga, stundaði sína miður geðslegu iðju á árunum 1974–1991 og hvort tveggja kyrkti fórnarlömb sín og stakk til bana. Yngsta fórnarlamb Rader var 9 ára drengur, Joseph Otero, og það elsta var Dolores E Davis, 62 ára. Árið 2004 var rannsókn lögreglunnar komin í öngstræti, en þá tók Rader upp á því að senda henni bréf. Höfst þá bréfasamband milli Rader og lögreglunnar og að lokum sendi Rader diskling í þeirri fullvissu að ekki væri hægt

MÆÐUR SEM M

Þær mæður eru til sem hafa fyrirkomid eigin börnum og þykja slík mál, af mörgum ástæðum, með þeim óhugnanlegri. En slíkt gerist, og mæður myrða syni sína og dætur og beita til þess hinum ýmsu aðferðum. Ástæðurnar geta verið mismunandi, andlegt niðurbrot, fjárhagslegir örðugleikar, flókin ástamál og ótal margt fleira. Einnig kann að vera um hreina og klára sjálfelsku að ræða.

Því skal þó haldið til haga að þessi morð, sem að margra mati ganga þvert gegn náttúrulögmálinu, má einnig rekja til geðrænna sjúkdóma af ýmsum toga. Enda er oft spurt hvaða lausn, og á hvaða vandamáli, felst í því að verða barni sínu að bana – viðkomandi móðir hljóti að hafa verið veik á geði.

SJÁLF FÓRNARLAMB



„Kornið sem fyllti síðar mælinn hjá Susan og varð kveikjan að fyrrnefndu voðaverki, var bréf sem hún fékk sent frá elskhuga sínum.“

Susan Smith
Glímdi við afleiðingar misnotkunar.

Ein slíkra mæðra er Bandaríkjakonan Susan Smith. Árið 1994 ók hún bifreið sinni út í stöðuvatn í Suður-Karólínu. Hún bjargaði sjálfri sér en skildi barnunga syni sína eftir í bílnum og lét þá mæta örlögum sínum á meðan bíllinn fylltist af vatni. Almennigur stimplaði Susan sem skrímsli án þess að hugsa sig tvisvar um.

Við réttarhöldin kom hinn sári sannleikur í ljós. Susan var einkar viðkvæm og óstöðug ung kona og hafði verið útskýfað af sinni eigin fjölskyldu. Ástæðan var sú að Susan hafði gert opinbera þá misnotkun sem hún hafði sætt af hálfu stjúpfoður síns til fjölda ára.

Tvær sjálfsvígstilaunir

Kornið sem fyllti síðar mælinn

hjá Susan og varð kveikjan að fyrrnefndu voðaverki, var bréf sem hún fékk sent frá elskhuga sínum. Sá ku hafa sagt berum orðum að hann kærði sig ekki um börn hennar, eða börn yfirhöfuð.

Susan, sem hafði gert tilraun til sjálfsvígs tvisvar, fyrst þegar hún var þrettán ára, sá fram á að verða hafnað, eina ferðina enn og greip til þess örþrifaráðs að fórna sonum sínum til að koma í veg fyrir það.

Susan fékk lífstíðardóm og meðan á afplánun hennar stóð var tveimur fangavörðum reftað fyrir að hafa við hana samræði. Hver veit nema Susan hafi í þeim tilfellum farið örvæntingarfulla leið til að afla sér aukins sjálfsmats.

AÐ BOÐI GUÐS

Annað var uppi á teningnum hjá Andreu Yates, einnig frá Texas. Þann 20. júní, 2001, fyllti hún baðkarið og drekkti síðan fimm börnum sínum, á aldrinum sex mánaða til sjö ára, einu á fætur öðru.

Andrea var vel menntuð, kom frá fyrirmyndarfjölskyldu og hafði unnið sem hjúkrunarfræðingur áður en hún giftist eiginmanni sínum.

Þegar leið á hjónabandið dró hún sig inn í skel sína, fylltist af hugarórum, varð þunglynd og gældi við sjálfsvígshugsanir.

Inn og út af geðdeild

Þrátt fyrir að hún dveldi ítrekað innan veggja geðdeilda virtist enga lækningu að finna fyrir Andreu. Hún veitti sér sjálfáverka og átti einnig til að neita að gefa sex mánaða dóttur sinn brjóst.

Í síðasta sinn sem hún var útskrifuð af geðdeild var henni ráðlagt að „hugsa á jákvæðum nótum og hitta sálfræðing.“ Skömmu síðar myrði hún börn sín því þau „þroskuðust ekki rétt“ og af því að Guð sagði henni að gera það.

Að loknum þriggja vikna réttarhöldum, í mars 2002, var Andrea sakfelld fyrir morð og fékk hún lífstíðardóm, þrátt fyrir staðfest geðræn veikindi hennar. Árið 2006 var dómurinn ógiltur og úrskurðað að Andrea væri ekki sakhæf sökum geðveiki.

Andrea Yates
Missi tengingu við raunveruleikann.



„Skömmu síðar myrði hún börn sín því þau „þroskuðust ekki rétt“ og af því að Guð sagði henni að gera það.“

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER



ÁLKLÆÐNINGAR &
UNDIRKERFI



HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500

að finna upplýsingar á honum sem leitt gætu lögregluna á slóð hans. Rader fór villur vegar í þeirri ályktun sinni og upplýsingar af disklingnum leiddu lögregluna að lokum að heimili hans. Hann var handtekinn skammt frá heimili sínu í Park City þann 25. febrúar árið 2005. Þann 18. ágúst, sama ár, fékk hann tíu lífstíðardóma, einn fyrir hvert fórnarlamb, sem hann skyldi afplána hvern á fætur öðrum. Það má því telja nokkuð ljóst að Rader mun aldrei geta um frjálst höfuð strokið að nýju.



JAMAKAZ

MYRTU BÖRN SÍN

Darlie Router
Uppdiktadi dularfulla boðflennu.



DULARFULLUR MORÐINGI

Víkur þá sögunni að Darlie Router, bandarískri konu frá Texas. Árið 1996 var allt í volli hjá Darlie; fjárhagurinn í molum og hjónabandið á brauðfótum.

Að hennar mati var aðeins eitt til ráða – að myrða syni sína tvo, fimm og sex ára. Og það gerði hún þann 6. júní 1996. Darlie stakk syni sína til bana og veitti sér síðan yfirborðsskeinu á hálsinn. Meðan á þessu gekk sváfu sjö mánaða sonur hennar og eiginmaður svefni hinna réttlátu á efri hæð hússins. Síðan hringdi hún í Neyðarlínuna og sagði af okunnum innrásarmanni sem hefði ráðist á hana og myrt syni hennar.

Ódæðismaðurinn hefði flúið í gegnum bílskúrinn. Rannsókn á bílskúrnum gaf til kynna að enginn hefði átt þar leið um. Þar var ekkert blóð að sjá eða annað sem benti til óeðlilegra mannaferða.

Darlie var handtekin fjórum dögum síðar og við réttarhöldin var henni lýst sem sjálfhverfri efnishyggjukonu sem hefði banað sonum sínum í örventingarfullri tilraun til að koma fjárhagnum á réttan kjöl. Ekkí styrkti það vörn hennar að myndskeld sem tekið var þremur dögum eftir morðið sýndi hana og eiginmann hennar dansa og syngja við leiði sonanna. Darlie dvelur nú á dauðadeild í Texas.

Dansað á gröfunum

Darlie sagði enn fremur að

Penny Boudreau Vildi ekki missa ástmann sinn.



KYRKTI DÓTTUR SÍNA

Nú skal nefnd til sögunnar móðir frá bænum Bridgewater í Nova Scotia í Kanada, Penny Boudreau að nafni. Þann 27. janúar, 2008, ók Penny með tólf ára dóttur sína, Karissu, að fáförnum vegslóða. Þar sneri hún dóttur sína niður og kyrkti hana með seglgarni. Líkinu fleygði hún á árbakka þar sem það fannst gegnfredið tveimur vikum síðar. Penny sagði þáverandi sambýlismanni sínum, Vernon Macumber, að Karissa hefði horfið úr bílnum þegar hún sá ekki til.

Á meðan lögreglan leitaði að Karissu kom Penny fram í sjónvarpi og bað dóttur sína grátklökk um að koma heim.

Afarkostir ástmannsins

Eftir að líkið af Karissu fannst beindust sjónir að Vernon og Penny, enda höfðu nágrannar þeirra oft orðið vitni að deilum þeirra. Einnig var samband mæðgnanna afar stirt og Vernon mun hafa verið afar þreyttur á stöðugu rifrildi þeirra.

Þegar upp var staðið fullyrti Penny að hún hefði myrt Karissu vegna afarkosta Vernons, hún hefði fórnað dóttur sinni til að bjarga sambandinu. Við réttarhöldin sagði Penny að henni hefði fundist verri tilhugsun að glata Vernon en dóttur sinni.

Málalyktir urðu þær að Penny fékk lífstíðardóm og fékk árið 2018 heimfaraleyfi undir eftirliti.

BÓKHALD



- Bókhald
- Afstemmingar
- Ársreikningar
- Launavinnsla
- Árshlutauppgjör
- Virðisaukaskattsskil




PARABAKKA 3
S. 578 6800

3 SKREF

BÓKHALDSPJÓNUSTA
LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR

Helgarkrossgátan

	Teikning: NN eftirprentun bonnuð						verpir		hnapp	gjóta	tirðil
	vegvisar						8				
	rómverji										
krossgátugerð: Bjarni sími: 8452510	↓	kvendýr	ópéttur	fremur	Höfundar-réttur skilyrtur.	vikurinn ílát	7				
stillta					ágeng törnir				maður	6	
afundna						skott peningar					
	↓	linna eldstæði					↑	sund eftir			
sigli				rák						auðugar	
aftur				skel	4	tröll					
út						glíma slóð		án afláts viðbjóð-inum	2		
		matjurt	2 eins		afkvæmi óðagotið					venslaða	
spjalla						vænta					
dropi				mataðist flauta		ósoðinn					
	↓	3	vinnuvélin átvaglið			5	↑			hvassviðri	
	1	næri hnjóta				aginn	fífl				
	↘						↗	11		álpast	
frag				pirraðar		fyrirhöfn ana					
	skitugar vegleysuna						2 eins	fita	10	vitund	
reykir				berar frá							
handsama						hosu meyru				aulana	
		maður	feng					happ þegar			
sefar					ilát	9	etja tunnu				
varðandi			2000	röskur					áflog	2 eins	
merkti				sár				elska			
útlímur						kvendýrið	12				

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----	----

Sudoku

Auðveld

		9	2					3
5	8				4		9	
			7	8		5		
3		2					7	8
4	1	5						
7			9	1	2		4	
8						2	3	7
	2		4	6		8		
		3					1	

Erfið

3	6			2				1	
				8				6	7
4					1				
			1	6	3			7	8
					2			1	5
		9						3	
			2	5	6				
9					4				
1	5			3					

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ


Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Pórunn Kolbeinsdóttir

Lausnarorðið var **SÁPULÖÐUR**

Pórunn hlýtur að launum

bókina Tuð vors lands



Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókinn Heltekin

Heltekin

Höfundur: Flynn Berry

Nora Lawrence fer að heimsækja Rachel systur sína sem býr í litlu þorpi nálægt Oxford. Enginn tekur á móti henni á lestarstöðinni – og þegar hún kemur í hús systurinnar finnur hún blóði drifid lík hennar á stofugólfinu.

Nora treystir lögreglunni ekki til að finna morðingjann og verður heltekin af því að leita hann uppi. Hún er viss um að morðið tengist hrottalegri líkamsárás sem Rachel varð fyrir mörgum árum áður. Leyndarmál fortíðarinnar koma smám saman í ljós og Nora kemst að því að hún þekkti systur sína ekki eins vel og hún hafði haldið.

Flynn Berry stundaði nám í skapandi skrifum við Michener-rithöfundamiðstöðina við The University of Texas í Austin. Hún hlaut Edgar-verðlaunin 2017 fyrir bestu fyrstu skáldsöguna, Under the Harrow. Bókin var valin ein af tíu bestu glæpasögum ársins af The Washington Post.

FERMINGAR tilboð

**GJÖF
FYLGIÐ
FERMINGARRÚMUM**



Vandyck sængurverasett
að eigin vali fylgir öllum
fermingarrúmum



VALHÖLL

5 svæðaskipt heilsudýna

Pokagormakerfi, gæðabólstun.

Verð með botni og fótum.

90x200 cm

Verð aðeins kr. 72.900.-

100x200 cm

Verð aðeins kr. 74.900.-

120x200 cm

Verð aðeins kr. 84.900.-

140x200 cm

Verð aðeins kr. 94.900.-

153x203 cm

Verð aðeins kr. 109.900.-

Ath. fleiri stærðir í boði.

SAGA / FREYJA

Hágæða 7 svæðaskiptar
heilsudýnur

Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirdýnu,
sterkir hliðarkantar, gæðabólstrum

Verð með botni og fótum

90x200 cm

Verð aðeins kr. 89.900.-

120x200 cm

Verð aðeins kr. 109.900.-

140x200 cm

Verð aðeins kr. 124.900.-

153x203 cm

Verð aðeins kr. 139.900.-

Náttloppar og sængurföt

Mikið úrval - Flottar fermingargjafir

Sængur og koddar - Mikið úrval



Heilsukoddar - Mikið úrval



DELUXE

Hágæða sjö svæðaskipt
heilsudýna sem styður rétt
við líkamann

Aðlagast líkamanum og gefur betri
öndun. Góð þrýstijöfnun og réttur
stuðningur tryggir betra blóðflæði
og þú færð dýpri og betri svefn.
Verð með botni og fótum:

80x200 cm

Verð aðeins kr. 69.900.-

120x200 cm

Verð aðeins kr. 84.900.-

140x200 cm

Verð aðeins kr. 94.900.-

Ath. fleiri stærðir í boði.

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233

Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00

Laugardaga 12:00 - 16:00



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

MYNDIR: HANNA/DV

Hin nýja Gveiga kemur öllum í opna skjöldu

■ **Úr sófanum og í crossfit** ■ **Sleppir samt ekki rauðvíni og kartöflusalati**

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



Guðrúnu Veigu Guðmundsdóttur kannast margir Íslendingar við en um árabíl hefur hún skemmt tugþús-

undum manna í gegnum Snapchat. Þar er hún gjarnan þekkt fyrir langdregnar lygar, háfleygar samræður og vandræðalegan sannleik.

Síðan Guðrún Veiga „opnaði“ heimili sitt fyrir fólki hefur það lík-

lega ekki farið fram hjá neinum sem henni fylgja að hún er forfallinn nammigrís, mikil rauðvínsdrykkj kona og almenn sófakartafla sem gefur lítið fyrir hreyfingu af hvers kyns tagi. Fyrir ekki svo löngu

fór Guðrún Veiga skyndilega að predika fyrir fylgjendum sínum mikilvægi þess að hreyfa sig og borða hollt. Þá eru margir sem eiga erfitt með að kaupa þessa nýju lífsstílsbreytingu hennar vegna fyrri sögu Guðrúnar og fékk blaðakona hana til þess að sitja fyrir svörum í eitt skipti fyrir öll.

Jæja Guðrún Veiga ... hvað er að fréttu?

„Ég er bara alveg eldspræk og skínandi sæl - í augnablikinu. Skipti reyndar skapi mjög hratt og gæti verið kúplandi klikkuð eftir korter.“

Nú hefur það borist í tal að þú sért farin að æfa crossfit?

„Það passar! Er að klára þriðja mánuðinn. Nei, ég hef aldrei stundað neina hreyfingu samfleytt í þrjá mánuði - ef þú varst að gæla við að spyrja að því næst. Þannig að þetta er nýtt persónulegt met.“

Og þér líkar við það?

„Hef alltaf fyrirliðið allar tegundir hreyfingar en crossfit er einfaldlega af öðrum heimi. Ég hef aldrei upplifað það áður að geta bara ekki beðið eftir að komast á æfingu eða grenja þegar ég næ ekki að fá pössun - og missi þar af leiðandi af æfingu. Það er meira að segja snarundarlegt að segja þetta upp hátt. Þetta hljómar svo ólíkt mér að ég geri meira að segja sjálfa mig hissa.“

Er þetta ekki bara ein mjög langdregin lygi?

„Bara aldrei slíku vant er mér fúlasta alvara og að vinna með háheilagan sannleik!“

Líklega takmörk fyrir því hversu oft má svíkja vini sína
Hvernig kom þetta til?

„Hildur Karen, vinkona mín og hraustmenni með meiru, hefur um árabíl reynt að sannfæra mig um ágæti þess að hreyfa sig. Og gert ítrekaðar tilraunir til þess að rífa mig upp úr sófanum. Sauðurinn sem ég er segi alltaf já og amen þegar hún leggur til að við prófum eitthvað, bara til að þagga niður í henni og fá hana til að hætta að áreita mig með þessum tillögum, en svo hætti ég alltaf við þegar á hólminn er komið. Ég mæti ekkert og skil hana eftir eina. Hún tók til dæmis grunnnámskeið í crossfit fyrir þremur árum. Ég var líka skráð og þóttist ætla með, þar til rétt fyrir mætingu. Þá forðaði ég mér. Hildur virðist seint ætla að gefast upp á mér af því að hún bað mig í fyrrahaust að koma í crossfit, þá í janúar á þessu ári. Ég sagði auðvitað já, en hugsaði svo „ég kem mér út úr þessu“. En síðan heyrðist mér á vinkonu minni að það væri ekki í boði að þessu sinni. Ég áttaði mig á að ef ég myndi ekki hypja með henni í þetta sinn þá yrðum við kannski ekkert vinkonur mikið lengur. Það eru líklega takmörk fyrir því hversu oft má svíkja vini sína. Þannig að ég ákvað að taka þetta bölvaða grunnnámskeið af hálfum huga og láta mig svo hverfa - hún gæti ekkert fett fingur út í það. En sú varð nú heldur betur ekki raunin.“

Ert þú bara byrjuð að mauka spínat og búin að henda kartöflusalatinu?

„Neih! Það verður seint. Ég lifi til þess að borða og mun aldrei verða týpan sem borðar til þess að lifa.“

Nú hefur þú lengi verið þekkt fyrir að borða pítu, drekka vín ▶

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



og hlæja að fólkinu sem vaknar klukkan 6 til að mæta í ræktina ... Kaupir fólk þetta?

„Ég borðaði pítsu í gær. Ætla að fá mér vintár á morgun. Er að borða súkkulaði á meðan við tölum saman. Ég fæ enn þá hroll yfir ræktarmætingum á morgnana. Ég er enn þá ég, en með nýjum áherslum, sem eiga sér stað á foking kristilegum tíma. Fólk tekur öllum mínum lífsstílsbreytingum með fyrirvara reyndar, enda margar ansi skammlífar að baki.“

Margir halda að Guðrún selji Herbalife og sé dóttir Bubba Morthens

Nú hefur þú ansi oft gengið skrefinu lengra en margir með lygasögur. Jafnvel gleymt að segja fólki frá því að þú hafir verið að ljúga ... Eru margir sem trúa þér ekki enn og halda að þú sért að ljúga?

„Það halda enn margir að ég selji Herbalife, sé ökukennari, skákmeistari, áhugakona um brunavarnir, hestakona, dóttir Bubba Morthens og systir Emilíönu Torrini. Þannig að já, það eru enn þó nokkrir sem halda að öll þessi crossfit-iðkun sé haugalygi. Og ég láí þeim það svo sem ekki.“

Svona ef þú ert ekki að ljúga, getur verið að þú hafir rekið hausinn í á meðan þú svafst?

„Ég ætla ekki að neita fyrir það að hafa kannski fengið höfuðhögg án þess að verða þess vör – enda breytingar búnar að eiga sér stað sem mig hefði aldrei órað fyrir.“

Hvernig má það vera að þú endist svona í þessu?

„Ég hef bara aldrei upplifað neitt í líkingu við andann í crossfit-salnum. Andrúmsloftið er svo hvetjandi og uppörvandi að þú fyllist áður óþekktri orku og metnaði. Langar bara að bæta þig, bæta og bæta. Og þú ert í eigin heimi að gera þitt, ekki með hugann við hvað og hvernig aðrir eru að gera þetta.“

Hvernig er líðanin?

„Veistu, hún er stórkostleg. Held þú ættir ekkert að hafa það eftir mér samt – svona ef lituð er til þess að ég hef hæðst að öllum sem segja líkamsrækt mannþætandi síðustu þrjú ár. Ég tek það allt til baka bara. Ókei.“



„Þetta hljómar svo ólíkt mér að ég geri meira að segja sjálfa mig hissa.“

Er þessi Gveiga komin til að vera?

„Þessi Gveiga með nýja ívafinu er í það minnsta orðin þriggja mánaða og aldrei hefur nokkuð nýtt ívað staðið eins lengi. Þannig að ég er eiginlega bara nokkuð sannfærð um að hún sé að festa rætur. Mér finnst meira að segja orðið ansi mikið að taka helgarfrí

frá æfingum. Já, þessi nýja Gveiga kemur mér líka í opna skjöldu.“

Var rúmliggjandi daginn eftir fyrstu æfinguna

En hvað með allt vínið? Er svona ræktarfólk ekki alltaf að sleppa því að drekka?

„Ég tilheyrir ekki þeirri tegund ræktarfólks. Og mun aldrei gera.“

„Það eru enn þó nokkrir sem halda að öll þessi crossfit-iðkun sé haugalygi. Og ég láí þeim það svo sem ekki.“

Ertu ekkert að laumast í kartöflusalatið á næturnar?

„Tæplega tveggja ára gömul dóttir mín vaknar um fimm leytið alla morgna. Þú skalt ekki halda að ég rjúfi snarstuttan nætursvefn minn fyrir neitt, þó um væri að ræða unaðslega vel majónesá kartöflusalat.“

Hvernig var þetta ferli?

„Ég var rúmliggjandi daginn eftir fyrstu æfinguna. Bryðjandi verkjatöflur og að furða mig á því hvernig ég gæti hreinlega verið í svona slæmu formi, konan sem hefur ekki hreyft sig af viti í einhver sex ár. Ég fór nánast skriðandi í eigin tárur á æfingu tvö en þar með var því versta lokið, svona sirka. Ég nær samt að mása út úr mér eftir hverja einustu æfingu sem ég tek „þetta var það erfiðasta sem ég hef gert“ og það er alltaf alveg satt. Æfingarnar verða ekkert auðveldari þótt þú styrkist og bætir þig. Þá gerir þú bara meira og tekur þyngra. Og að finna fyrir bætingum, maður lifandi. Mig langar næstum að segja að það sé betra en rauðvín. En bara

næstum.“

Finnur þú mikinn mun eftir að þú fórst að æfa?

„Já! Ég sef miklu betur, aðeins til fimm reyndar, sem skemmir þennan bættu svefn töluvert. Ég vil ekki viðurkenna að ég sé hressari í sál og sinni. Af því að þá þarf ég að éta ofan í mig enn fleiri brandara.“

Hvernig eru viðbrögðin á snappinu?

„Það trúði mér ekki sála í fyrstu. Ég hafði ekki undan að opna skilaboð sem flest innihéldu „jeeeee right.“ Fólk í kringum mig gaf þessu viku í mesta lagi. En ég er nýlega búin að halda langa ræðu um ágæti þessarar crossfit-iðkunar að ég held að þeim vantrúðu fari ört fækkandi.“

Hvað er svo annars framhaldið hjá þér?

„Heimsleikar 2020 og mörg járn í eldi í lífi, leik og starfi.“

Fyrir áhugasama er hægt að fylgjast með Guðrúnu Veigu á Snapchat undir notandanafninu: gveiga85.

Skemmtilegt og fræðandi

SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN

Áskrift 2019

Fimm tölublöð + tvö eldri blöð fylgja með nýrri áskrift.

Aðeins kr. 7860 sé greitt með kreditkort!

FLÓRA ÍSLANDS

SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN

Gladningur allt árið, gæði og góð lesning

Áskrift í síma 578-4800 eða á www.rit.is

Njóttu þess að hlakka til

vita

Sumarhvellur

Alicante – Almería – Tyrkland – Kanarí – Krít – Tenerife

Frábær verð í sumar og sól

ALICANTE – 7 NÆTUR



Albir Playa Hotel ★★★★★

Verð frá **109.900** kr.
á mann m.v. 2 í tvíbýli með morgunverði.

VALDAR BROTTFARIR Í JÚNÍ, JÚLÍ OG ÁGÚST

ALMERÍA – 7 NÆTUR



Hotel Playacapricho ★★★★★

Verð frá **99.900** kr.
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi með aukarúmi og morgunverði.

VALDAR BROTTFARIR Í JÚNÍ, JÚLÍ OG ÁGÚST

BODRUM – 10 NÆTUR



Salmakis Resort & Spa ★★★★★

Verð frá **139.900** kr.
á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í hálfu fæði.

VALDAR BROTTFARIR Í JÚNÍ, JÚLÍ OG ÁGÚST

KANARÍ – 7 NÆTUR



Caybeach Meloneras ★★★

Verð frá **79.900** kr.
á mann m.v. mest 5 fullorðna og 1 barn í smáhýsi.

VALDAR BROTTFARIR Í JÚNÍ OG ÁGÚST

KRÍT – 10 NÆTUR



Oscar Suites & Village ★★★★★

Verð frá **137.900** kr.
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með morgunverði.

VALDAR BROTTFARIR Í JÚNÍ, JÚLÍ OG ÁGÚST

TENERIFE – 7 NÆTUR



Family Garden Compostela Beach ★★★

Verð frá **89.900** kr.
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.

VALDAR BROTTFARIR Í JÚNÍ, JÚLÍ OG ÁGÚST

Gildir til 9. apríl á völdum dagsetningum meðan framboð leyfir.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Bókaðu draumaferðina þína á VITA.is

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | ferd@vita.is

Melkorka stofnaði fyrsta hundabakarí Íslands

Myrri Bakarí er fyrsta hundabakarí Íslands sem sérhæfir sig í að baka hundanammi úr íslensku hráefni án auka- og uppfyllingarefna. Melkorka Gunnlaugsdóttir, eigandi bakarísins, fékk hugmyndina árið 2017 og tók það hana þrotlausu vinnu og margar andvökunætur að koma fyrirtækinu af stað. „Frá því að ég fór úr eldhúsinu heima og þangað sem ég er komin núna var heljarinnar ferli. Það var mjög erfitt að finna húsnæði sem bæði kostaði ekki of mikið og uppfyllir

einnig allar kröfur. Þetta byrjaði þannig að ég hugsaði með mér að það væri nú örugglega eitthvað í ísskápnum sem væri á síðasta séns og ákvað að prófa að mixa eitthvað saman. Eftir á að hyggja þá var þetta skelfilegt, bæði ljótt og myglaði á skömmum tíma en hundunum fannst þetta mjög gott,“ segir Melkorka í samtali við DV. Vinkona Melkorku gaf henni hundakökujárn og eftir það fór boltinn að rúlla. „Þá bökuðust bitarnir betur og ég varð mér svo úti um þurrkofn og þannig fer allur

raki úr þeim og þeir geymast því betur. Þar sem gæludýranammi er flokkað sem fóður hjá MAST þá eru alls kyns kröfur sem þarf að uppfylla. Ég var allveg að gefast upp á tímabili því ég hreinlega hélt að þetta væri ekki gerlegt en eftir um 300 símtöl þá fann ég rými, tæki og tól. Loksins fékk ég leyfi hjá MAST og síðan þá hefur áhugi verið góður. Eins og er þá erum við að framleiða kjötsagsbita úr hreinu lambakjötssagi og eggjum, allt er handbakað í járninu góða og þurrkað. Svo erum við líka með hreina nautalífur.“



Eurovision-stjarna finnur ástina

Þórunn Erna Clausen, leik- og tónlistarkona, hefur fundið ástina í örmum Olgeirs Sigurgeirssonar, knattspyrnukappa og Eyjamanns. Þeir hefur verið saman í nokkurn tíma og geislar af hamingju að sögn kunnugra.

Eiginmaður Þórunnar, Sigurjón (Sjónni) Brink, varð bráðkvaddur vegna heilablóðfalls árið 2011. Átti hann lag ásamt Þórunni í Eurovision það árið og sáu hún og vinir þeirra um að fylgja laginu áfram í keppninni.

Þórunn hefur komið að keppninni síðan og átti meðal annars sigurlagið í fyrri, Our Choice, sem Ari Ólafsson flutti. Olgeir er leikjahæsti leikmaðurur Breiðabliks frá upphafi og starfar sem þjálfari yngri félagsins.



Skáld gefur út Dagatal

Skerjafjarðarskáldið Kristján Hreinsson orti ljóð á dag í eitt ár, alls 366 ljóð sem nú eru komin út í bókinni Dagatal.

Í ljóðunum er talað um dagana og hefur bókin því nýstárlega merkingu. Bókin fæst hjá höfundinum og eru eintök inúmeruð og aðeins 366 talsins.



ÍSLENSK HÖNNUN Í SINNI LITRÍKUSTU MYND

Sýnendur: Anna Þórunn Hauksdóttir + Bryndís Bolladóttir + Dögg Guðmundsdóttir + Guðmundur Lúðvík + Heiðís Halla Bjarnadóttir + Hlynur Atlason + Kolbrún Leósdóttir & Leó Jóhannsson + iHanna home + Morra + Sigurjón Pálsson + Hring effir hring + Pastelpaper + S. Stefánson & Co. + Sigga Heimis + „Íklædd arkitektúr“ nemendasýning fatahönnunarnema Listaháskóla Íslands undir stjórn Katrínar Káradóttur og Dainius Bendikas.

